



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

**„Hitt kynið“: Kvennaípróttir, feðraveldi  
og þjóðernishyggja, 1900-1964**

Ritgerð til B.A.-prófs  
Hafdís Erla Hafsteinsdóttir

maí 2011

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Sagnfræði**

**„Hitt kynið“: Kvennaíþróttir, feðraveldi  
og þjóðernishyggja, 1900-1964**

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Hafdís Erla Hafsteinsdóttir**

**Kt.: 290185 2899**

**Leiðbeinandi: Valur Ingimundarson**

**maí 2011**

## Ágrip

Þætti kvenna er ekki gert hátt undir höfði í íslenskri sagnaritun um íþróttir. Íþróttaiðkun kvenna og karla spratt upp úr ólíkum jarðvegi. Kvennaíþróttir lutu öðrum reglum og hafa ætíð þurft að kljást við hugmyndir um hið veikara kyn. Íþróttir voru frá fyrstu tíð helgireitur karla og karlmennsku og því var íþróttaiðkun kvenna ögrun við viðtekin gildi og viðmið. Víðast hvar á Vesturlöndum urðu harðar deilur um hlutverk kvenna innan íþróttahreyfingarinnar, eða hvort þær ættu yfirhöfuð heima innan hennar.

Á fyrstu áratugum 20. aldar varð íslenska íþróttahreyfingin til. Íþróttum var ætlað stórt hlutverk innan þjóðríkisins, breiða hróður lands og þjóðar út fyrir landsteinana og stuðla að breyttum og hollari lífsháttum heima fyrir. Túlkun og framkvæmd þessara miklu hlutverka var með ólíkum hætti fyrir konur og karla. Þrátt fyrir að hinar hatrömmu deilur um kvennaíþróttir sem áttu sér stað erlendis hafi aldrei farið fram á Íslandi nema í mýflugumynd, var íslenska íþróttahreyfingin síður en svo laus við að fylgja eftir kreddukenndum hugmyndum nágrannalandanna um að konur ættu eða gætu ekki stundað íþróttir. Í ritgerðinni er upphaf kvennaíþróttá á Íslandi skoðað sem og umhverfi þeirra og leitast við að setja þær í samhengi við þróun annars staðar á Vesturlöndum.

## Efnisyfirlit

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	1
<b>1.Forgrunnur kvennaíþróttá.</b>	
1.1 Samband íþróttá og hermennsku á 19.öld.....	5
1.2 Upphaf kvennaíþróttá.....	7
<b>2. Samspil íþróttá þjóðernis og kvenna.</b>	
2.1 Íslenskar íþróttir stofnanavæðast.....	13
2.2 Samspil íþróttá og þjóðernis.....	13
2.3. Endurreisn, þjóðarhreysti og gullöld. Íslensk þjóðernishyggja og íþróttir.....	16
2.4 Aðgengi kvenna að íþróttum erlendis.....	21
2.5 Þjóðernisleg karlmennska og íþróttir.....	25
2.6 Staða íslenskra íþróttakvenna innan hugmyndaramma um þjóðerni og íþróttir.....	29
<b>3. Fimleikar og sund</b>	
3.1 Upphaf kvennafimleika. Iðunn, ÍR og Ármann.....	40
3.2 Sund.....	50
3.3 Viðhorf til kvennaíþróttá, innanlands sem utan.....	58
<b>4.Handbolti</b>	
4.1 Upphaf handbolta.....	63
4.2 Handboltabærinn Hafnarfjörður og útbreiðsla íþróttarinnar.....	66
4.3 Handbolti sem keppnisíþrótt kvenna.....	68
4.4 Landsliðið verður til.....	72
4.5 Noðurlandameistaramótið.....	73
4.6 Noðurlandameistarar og hvað svo?.....	75
<b>Niðurstöður</b> .....	80
<b>Heimildaskrá</b> .....	85

## Inngangur

Þegar undirbúningur þessar ritgerðar hófst var markmiðið að skoða íþróttaiðkun íslenskra kvenna. Snemma kom í ljós að ekki var um auðugan garð að gresja af heimildum. Ekkert hefur verið tekið saman um íslenskar íþróttakonur fyrir utan nokkurra síðna tímaás í bókinni *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna* sem kom út árið 1998.<sup>1</sup> Íþróttir hafa auk þess lítt verið rannsakaðar út frá félagslegu og sögulegu sjónarhorni á Íslandi. Fræðimenn á sviði hug- og félagsvísinda utan „íþróttageirans“ hafa lítið sem ekkert sinnt íþróttum. Nokkrar lokaritgerðir um íþróttir hafa verið skrifaðar innan sagnfræðinnar en flestar um afmarkaða þætti, svo sem upphaf ákveðinna íþróttagreina, félaga eða sérsambanda. Því þurfti að ráðast í þá grundvallarvinnu að safna saman heimildum um íþróttaiðkun íslenskra kvenna til að draga upp grófa heildarmynd.

Flestar heimildir um íslenska íþróttasögu koma úr stofnanaritum sérsambanda og íþróttafélaga en þau er mörg og mismunandi að gæðum. Oft þurfti að leita annarra heimilda þar sem stofnanaritin sinna ekki íþróttum kvenna sem skyldi, ef þau þá yfirleitt minnst á konur. Til dæmis var nýlega skrifuð lokaritgerð í sagnfræði um upphaf íþróttá á Íslandi en í henni var ekki að finna stafkrók um konur.<sup>2</sup> Sú er líka raunin í mörgum stofnanaritanna en sumir höfundanna skrifa heilu kaflana um tiltekna íþróttagreinar og þróun þeirra án þess að minnst á konur. Þó kemur stundum í ljós í viðaukum sem innihalda upplýsingar um iðkendur, félagsmet o.fl. að fjölmargar konur voru meðal félaga í viðkomandi íþróttafélagi. Ekki er þó eingöngu við höfunda þessara rita að sakast. Vandamálið stafar einnig af því að hefðbundnar heimildir, þ.e. blaðagreinar og skjöl frá íþróttafélögunum, eru fáorðar um íþróttaiðkun kvenna. Því er auðvelt að skrifa íþróttasögu og skauta framhjá þátttöku kvenna, þótt það afsaki ekki þröngsýnan frásagnarhátt flestra rita sem gefin hafa verið út um íþróttasögu Íslands.

Á alþjóðavettvangi voru íþróttir ekkert rannsakaðar í sögulegu og félagslegu samhengi fyrr en í upphafi sjöunda áratugarins og þá fyrst í Bandaríkjunum og Bretlandi. Fyrir þann tíma voru þær ekki taldar eiga erindi inn í félags- og hugvísindi þar sem þær voru taldar saklaus afþreying sem byggðist á gildum sem væru óhagganleg í tíma og rúmi. Um væri að ræða leik sem snerist um að stökkva sem hæst og skora sem flest mörk. Fyrstu ritin um félagsfræði íþróttá í Bretlandi og Bandaríkjunum renndu stoðum undir þessa ímynd og sýndu íþróttir sem sameiginlegan menningararf sem byggðist á miðlægum gildum sem

---

<sup>1</sup> *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*. Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir ritstýrðu. Reykjavík 1998.

<sup>2</sup> Andri Már Hermannsson, „Táp, fjör og frískir menn. Upphaf skipulagðra íþróttá á Íslandi og áhrif þeirra“. BA ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. 2009.

sátt ríkti um. Þessar pösítívísku rannsóknir höfnuðu t.a.m. öllum tengslum íþróttanna við áróður, misrétti og stéttskiptingu. Þegar leið á sjöunda áratug 20. aldar kom betur og betur í ljós að sú mynd sem fræðin höfðu dregið upp af íþróttum fékkst ekki staðist og að þær snerust um annað og meira en markatölu, tíma, lengd og hæð. Í kjölfarið var hafist handa við að rannsaka íþróttir og íþróttaiðkun af alvöru. Þá var líka fyrst viðurkennt að íþróttir væru langsamlega vinsælasta afþreyingin í flestum iðnsamfélögum heimsins og síður en svo lausar undan áhrifum stjórn mála, efnahags- og félagslegra gilda og viðmiða. Þvert á móti kom í ljós að íþróttir endurspeglar oftast en ekki rótgróin viðhorf, t.d. til kynþátta og kynja, og eiga stóran þátt í sköpun og viðhaldi þjóðernisstefnu og stéttskiptingar, svo dæmi séu tekin.<sup>3</sup>

Femínistar hófu að rannsaka íþróttasögu og félagsfræði íþróttanna út frá kynjafræðilegum sjónarhóli á níunda áratugnum. Margar af þeim fræðikonum sem hófu að beita femínískum kenningum á íþróttir, svo sem Jennifer Hargreaves í Bretlandi og Ann Hall í Bandaríkjunum og Kanada, hafa helgað hátt í þrjátíu ára starfsferil sinn femínískri íþróttasögu. Stór hluti femínískra íþróttarannsókna tekur til sjálfsmyndar íþróttanna, hvernig hún var sköpuð og viðhaldið í gegnum fjölmiðla, sagnaritun og menningu og hvernig stöðu íþróttakvenna innan íþróttanna og orðræðu þeirra er háttáð. Í sem stystu máli má segja að sú mynd sem íþróttahreyfingar Vesturlanda hafa leitast við að draga upp af sjálfum sér sé afar karllæg og geri sjaldnast ráð fyrir konum. Hall og Hargreaves, sem og flestir aðrir sem efnið hafa rannsakað, eru sammála um að vægi kvennaíþróttanna innan sjálfsmyndar og sagnaritunar sé lítið og þessum ójöfnuði sé stöðugt viðhaldið í nútímanum, ef sértækum aðgerðum sé ekki beitt til að vinda ofan af honum. Hér verður ekki tekin afstaða til hugsanlegra úrbóta á félagsumhverfi íþróttanna, sem mörgum femínískum íþróttasagnfræðingum eru hugleiknar, en hins vegar verður þáttur kvenna í sagnaritun og orðræðu um íþróttir skoðaður.

Í þessari ritgerð verður byggt á rannsóknaraðferðum Hall og Hargreaves, umhverfi kvennaíþróttanna skoðað og reynt að gera grein fyrir þeim samfélagsþáttum sem höfðu áhrif á þátttöku kvenna í íþróttum. Leitast verður við að staðsetja íþróttirnar innan ramma hugmynda um kyngervi og varpa ljósi á hvaða íþróttir voru stundaðar af konum og hvaða íþróttir ekki og þá þætti sem höfðu áhrif á það.

Sjálfsmynd íslenskra íþróttahreyfinga hefur lítt verið rannsökuð. Stundum mætti jafnvel ætla að hinn pösítívíski hugsunarháttur ætti enn við um íslenska sagnaritun um

---

<sup>3</sup>Jennifer Hargreaves, *Sporting Females. Critical Issues in the history and sociology of woman's sport*. London 1994, bls. 2–8.

íþróttir. Það kemur sérstaklega á óvart að enginn hefur skoðað íþróttir sem birtingarmynd þjóðernishugmynda, miðað við þá umræðu um þjóðerni, sjálfsímynd og söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar sem hefur átt sér stað innan íslenskrar sagnfræði. Samspil íþróttar og þjóðernis er flókið fyrirbæri en flestir rannsakendur eru sammála um að íþróttir gegni mikilvægu hlutverki í myndun og mótun hugmynda um þjóðarímyndir og séu oft ein skýrasta birtingarmynd ríkjandi viðhorfa gagnvart þjóðerni.<sup>4</sup> Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur hefur rannsakað ítarlega tengsl þjóðernisorðræðu, sjálfsmyndar og kyngervis og gert grein fyrir hvernig sú ímynd sem dregin var upp af Íslendingi 20. aldarinnar hverfðist um karlmenn. Þessi nálgun á ekki síður við um íþróttir. Þjóðerni skipaði veigamikinn þátt í umhverfi og sjálfsmyndarsköpun íslensku íþróttahreyfingarinnar á upphafsárum hennar á fyrstu áratugunum eftir aldamótin 1900 og gerir jafnvel enn, ef marka má orð Jóns Bjarnasonar, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, við setningu unglíngalandsmóts Ungmennafélags Íslands í Skagafirði sumarið 2009. Þá brýndi hann fyrir æskunni að íþróttir hefðu gildi fyrir sjálfstæði landsins með eftirfarandi orðum:

Í íþróttunum var lögð áhersla á líkamlega reisn og góða framgöngu. Við skyldum bera höfuðið hátt og ganga rösklega fram. Fegurð íþróttanna, heiðarleiki og drengskapur í fornum anda voru höfuðdyggðirnar [...] Nú sem þá dreymir okkur um hið nýja Ísland, byggt á gildum heiðarleika, jafnréttis og réttlætis, heilinda og drengskapar. Þið, unga íþróttafólk, ég heiti á ykkur að verða áfram framvarðarsveitin í þeirri baráttu.<sup>5</sup>

Í ritgerðinni verður fjallað um samspil þjóðernis og kvennaíþróttar á fyrstu áratugum 20. aldar og reynt að staðsetja konur innan þess ramma sem þjóðerni og íþróttir skópu. Erfitt er að gera grein fyrir umhverfi kvennaíþróttar án þess að taka með í reikninginn þjóðernislega umgjörð íþróttar enda mun ég færa rök fyrir því að þjóðernisorðræða íþróttar hafi á margan hátt ýtt kvennaíþróttum út á kantinn. Hér verður saga íþróttakvenna rakin út frá þremur íþróttagreinum: fimleikum, sundi og handbolta. Þessar greinar eru í eðli sínu mjög ólíkar en eiga það sameiginlegt að vera með vinsælustu íþróttagreinum kvenna frá aldamótum til sjöunda áratugarins. Fjallað verður um hverja íþróttagrein á ákveðnu tímabili: fimleikana, sem var fyrsta íþróttin sem konur stunduðu, frá aldamótum til 1930, sundið, sem var fyrsta keppnisíþrótt íslenskra kvenna, frá 1910 til 1960, og handboltann, fyrstu boltaíþróttina, frá 1930 til 1964. Þessi tímabil eru upprunatímabil hvernar íþróttar og þannig verður fyrstu

<sup>4</sup> J.G Kellas, *The Politics of Nationalism and Ethnicity*. London. 1991, bls. 21.

<sup>5</sup> Ræða Jóns Bjarnasonar á unglíngalandsmóttinu í Skagafirði 31. júlí 2009. Fengið af heimasíðu Jóns. [jonbjarnason.blog.is](http://jonbjarnason.blog.is). Færslan er dagsett 2. ágúst 2009, skoðað 12. september 2009.

skrefum kvenna í íþróttinni fylgt eftir með tilliti til hugmynda um kyngervi, sjálfsmynd og þjóðerni.

Þar sem hin hefðbundna íþróttasaga Íslands eins og hún birtist í ritum íþróttafélaga og sérsambanda gefur litla sem enga mynd af íþróttaiðkun kvenna verður lítið stuðst við þætti úr þeirri sögu og allmörgum viðburðum, nöfnum og ártölum sem þykja „einkennandi“ fyrir tímabilið sleppt. Von er að mörgum bregði við að íþróttasaga sé skrifuð án þess að minnst á ólympíuferðirnar árið 1908 og 1912 eða „gullöldina“ í frjálsum íþróttum á sjötta áratugnum. Hér er þó ekki verið að fara krókaleiðir í heimildaöflun eða úrvinnslu. Kastljósinu verður einfaldlega beint að hópi sem ekki hefur komist á spjöld íþróttasögunnar og því er viðbúið að áherslur, tímabilaskipting og skilgreiningar verði frábrugðnar þeim sem ríkja í sagnaritun um íþróttir karla.



## 1. Forgrunnur kvennaíþróttar

### 1.1 Samband íþróttar og hermennsku á 19. öld

Upphafi íþróttaiðkunar á Íslandi hefur verið gerð skil á margvíslegan hátt bæði í bókum og lokaritgerðum. Þessi rit eru oft og tíðum afar fáorð um þátt kvenna og því verður hér farin önnur leið við að gera grein fyrir upphafi íþróttaiðkunar á Íslandi. Í stað þess að rekja söguna í línulegri frásögn verður skoðað úr hvaða jarðvegi skipulögð íþróttaiðkun sprettur og hvernig umhverfi og umgjörð íþróttar var mismunandi frá sjónarhorni karla og kvenna.

Orðið „íþrótt“ er fornt í íslenskri tungu og kemur víða fyrir í Íslendingasögunum og fornum ritum sem samheiti yfir eiginleika er menn töldu sér til ágætis. Til dæmis segir *Flateyjarbók* að Ólafur konungur helgi hafi talið það íþrótt sína að hann væri mannglögur og íþrótt Kálfs Árnasonar hafi verið að hann myndi ekki melta reiði sína þótt hann þyrfti að bera hana lengi.<sup>6</sup> Þessi víða skilgreining á hugtakinu var við lýði allt fram á seinni hluta 19. aldar. Sönglistin var meðal annars talin til íþróttar í grein um söng skólasveina í *Þjóðólfi* árið 1854<sup>7</sup> og einnig um handverk árið 1850.<sup>8</sup> Þó fór merking orðsins að þrengjast upp úr aldamótunum. Í bókinni *Íslenskar gátur, skemmtanir og vikivakar* sem kom út rétt fyrir aldamótin 1900 reynir höfundurinn, Ólafur Davíðsson þjóðfræðingur, að þrengja hugtakið en gerir um leið skýran greinarmun á leikjum og íþróttum.

Eftir því sem ég kemst næst, er nú aðeins líkamlegt atgjörvi talið til íþróttar, þó aðeins það, sem beitt er til skemmtana [...] munurinn á íþróttum og leikjum er þessi: íþróttir geta flestar komið að beinu haldi, þegar svo ber undir, t.d. sund og skíðaferð. Leikirnir gjöra meira óbeinlínis með að herða líkamann. Íþróttirnar eru hafðar til skemmtunnar á mannamótum, leikirnir meira í heimahúsum, en af því leiðir aptur, að íþróttirnar hafa meiri frægð í för með sér en leikirnir.<sup>9</sup>

Á Vesturlöndum er upphaf skipulagðrar íþróttaiðkunar nátengt hermennsku og herþjálfun. Tengingin við hernað rofnaði í raun ekki alveg fyrir en á þriðja og fjórða áratug 20.aldar<sup>10</sup> en orðræðan sem tengir íþróttir við hernað lifir ennþá, t.d. í umfjöllun um hópíþróttir. Viðureignum er oft lýst sem orrustum og á alþjóðlegum vettvangi eru gömul átök þjóða

<sup>6</sup> Ingimar Jónsson, *Íþróttir og samfélag*. Reykjavík 1982, bls.1.

<sup>7</sup> *Þjóðólfur* 6. árg.141. tbl. 8.apríl 1854, bls.192.

<sup>8</sup> *Þjóðólfur* 2.árg. 36–37. tbl.11. júlí 1850, bls.147.

<sup>9</sup> Ólafur Davíðsson, *Íslenskar gátur, skemmtanir og vikivakar*, Kaupmannahöfn 1887, bls. 33, sjá einnig Ingimar Jónsson, *Íþróttir og samfélag*.

<sup>10</sup> Margir íþróttasagnfræðingar vilja meina að Ólympíuleikarnir í Berlín hafi verið ákveðinn vendipunktur í tengslum íþróttar og hernaðar. Leikarnir voru eins konar skrautsýning nasismans og eftir fall þriðja ríkisins og lok síðari heimsstyrjaldar hafi leikarnir í Berlín orðið nokkurs konar tabú í íþróttasögunni um vensl íþróttar, einræðis og hernaðar sem aldrei mætti endurtaka sig. Sjá *The Nazi Olympics. Sport, Politics and Appeasement in the 1930s*. Arnd Krüger og William Murrey ritstýrðu. Illinois. 2003, bls.14.

rifjuð upp þegar þær mætast á leikvöllinum og geta jafnvel orðið hluti af umgjörð leiksins, til dæmis hjá stuðningsmönnum liðanna. Hér á Íslandi er oftast en ekki vísað til Dana sem nýlenduherra þegar Ísland mætir Danmörku, þó að ekki sé endilega um tilvísun í hernað að ræða.<sup>11</sup>

Þó að Ísland hafi verið herlaust land var tenging íþróttanna við hermennsku til staðar. Líkt og greinarhöfundur *Nýrra félagsrita* komst að orði árið 1858 í grein um landvarnir: „Annað mál væri það, að koma á fót reglulegum heræfingum á Íslandi sjálfu, á þann hátt sem landinu væri hagkvæmastur, svo sem að menn almennt læri skot, skylmingar og aðrar íþróttir, sem gæti kennt þeim bæði að bera sig vel og karlmannlega.“<sup>12</sup> Höfundur mælir með iðkun íþróttanna af tveimur ástæðum, annars vegar til að verja landið og hins vegar til að bera sig karlmannlega og má vart sjá hvort sé mikilvægara. Fyrsta íþróttafélagið sem stofnað var í Reykjavík, Reykjavíks Skydeforening, bar einnig keim af herdýrkun en á mynd af félögum þess við heiðurskvöldverðarborð má sjá þá bregða sverðum.<sup>13</sup> Reykjavíks Skydeforening var, eins og nafnið ber með sér, skotfélag, stofnað af dönskum heldrimönnum í Reykjavík. Félagið starfaði aðeins í nokkur ár en er ágætis vottur um samruna hernaðar og íþróttanna á 19. öld. Menn brugðu ekki aðeins kórðum í Skotfélaginu heldur einnig í Lærða skólanum. Þegar skólinn var fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur var ráðinn danskur sjóliðsforingi, P. Steenberg, til að kenna piltunum leikfimi. Steenberg kenndi þeim m.a. að bregða sverði, marsera og aðrar æfingar sem hann hafði numið sjálfur sem hluta af herþjálfun. Kynjafræðingar sem rannsakað hafa tengsl íþróttanna, karlmennsku og hermennsku halda því fram að þessi hugtök séu kyrfilega samofin og varla sé hægt að slíta eitt frá öðru,<sup>14</sup> enda er stutt fyrir karlmenskuna að færa sig frá vígvöllinum yfir á leikvöllinn. Theodore Roosevelt Bandaríkjaforseti orðaði það svo árið 1904: „Á friðartímum er fótoltavöllurinn helsti vettvangur sannrar karlmennsku.“<sup>15</sup>

Þó að Ísland væri herlaust og sendi ekki hermenn á vígvelli átti tengingin milli íþróttanna og hernaðar nokkurn hljómgrunn. Á Íslandi aldamótanna var þjóðernishyggja

---

<sup>11</sup> Einar Einarsson, „Þjóðin fagnar öll. Íslensk þjóðarímynd í umfjöllun um A-landslið karla í knattspyrnu og handknattleik 1946–2008“. Lokaritgerð frá Háskóla Íslands. Reykjavík 2010, bls. 6.

<sup>12</sup> *Ný félagsrit*. 18. árg. 1. janúar 1858, bls. 99.

<sup>13</sup> Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur bærinn vaknar*. Fyrri bindi. Reykjavík 1991, bls. 476.

<sup>14</sup> Paula Welch og D. Margaret Costa, „A Century of Olympic Competition.“ *Women and sport: interdisciplinary perspectives*. Ritstýrt af D. Margaret Costa og Sharon R. Guthrie. Útgáfustaðar ekki getið. 1994. bls. 123. Sjá einnig Susan Birrell og Nancy Theberge, „Ideological Control of Women in Sport.“ *Women and sport: interdisciplinary perspectives*. Útgáfustaðar ekki getið. 1994, bls. 344.

<sup>15</sup> Joan S. Hult, „The Story of Women’s Athletics: Manipulating a Dream 1890–1985.“ *Women and sport: interdisciplinary perspectives*. Útgáfustaðar ekki getið. 1994, bls. 84.

allsráðandi og nánast óumdeilanleg afstaða í íslensku samfélagi.<sup>16</sup> Þar skapaðist eins konar grundvöllur fyrir huglægu stríði við nýlendþjóðina Dani þar sem íþróttamönnum var óspart teflt fram sem tákngevingum hinnar nýju þjóðar. Nánar verður fjallað um samspil íþróttar og þjóðernis í öðrum kafla.

## 1.2 Upphaf kvennaíþróttar

Innan kynja- og íþróttasögu hafa margir rannsakendur komist að þeirri niðurstöðu að einn angi karlmennsku snúist um að hafna kvenleikanum sem útskýri tregðuna við að hleypa konum að í íþróttum. Ástæðan sé sú afstaða að íþróttir eigi að vera vettvangur karlmennsku og gangi þar af leiðandi að einhverju leyti út á að hafna kvenleika og þjóna sem tákn um yfirburði karla yfir konum. Slík skipting byggist á eðlishyggju og gömlum og rótgrónum hugmyndum um séreðli kynjanna. Því segja róttækustu íþróttakynjafræðingarnir að íþróttir hafi átt stóran þátt í að viðhalda staðalímyndum um konur og kynjahlutverk á 20. öldinni og telja að íþróttir sem slíkar hafi verið eins konar stofnun þar sem kúgun kvenna var liðin og upphafin.<sup>17</sup>

Íþróttaiðkun kvenna á sér ekki fyrirmyndir í herþjálfun heldur má rekja upphaf hennar til kvennaskóla 19. aldar. Innan þess þrönga stakks sem hugmyndir um séreðli kvenna sniðu konum skapaðist einnig rými til menntunar, frítíma og áhugamála. Í heimavistarskólum var oftast en ekki skipulögð einhvers konar hreyfing og leikir, enda viðurkenndu læknávisindin gildi hreyfingar fyrir almennt heilbrigði. Hins vegar var öll hreyfing undir formerkjum kvenleikans og átti að undirstrika mykt og lipurð. Höfuðáhersla var lögð á að stunda íþróttir sem afþreyingu og áhugamál frekar en til keppni eða árangurs. Áreynsla var nánast fyririlitin og íþróttir eða leikir sem kröfðust snerpu, hraða eða snertingar við andstæðinginn voru forboðnir. Íþróttaiðkunin mátti undir engum kringumstæðum grafa undan eða draga úr ímynd konunnar sem kynveru. Til dæmis var skylda að hnýta borða um mitti breskra stúlkna sem stunduðu leikfimi í fyrstu leikfimisölunum þar í landi um 1880 til að gera þær kvenlegar.<sup>18</sup>

---

<sup>16</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík 2004, bls. 64.

<sup>17</sup> Louis Bryson, „Sport and the Maintenance of Masculine Hegemony.“ *Women, sport and culture*. Útgáfustaðar ekki getið. 1994, bls. 47–64. Sjá einnig Michael A. Messner, „Sports and Male Domination: The Female Athlete as Contested Ideological Terrain.“ *Women, Sport and Culture*. Útgáfustaðar ekki getið. 1994, bls. 65–95.

<sup>18</sup> Jennifer Hargreaves, „The Victorian cult of the family and early years of female sport.“ *Gender and Sport. A Reader*. New York 2002, bls. 50.

Kvenlega eðlið og hugmyndir um hvað væri viðeigandi og hvað ekki urðu oft en ekki fyrir áföllum þegar kom að boltaþróttum, þar sem snerting við andstæðinginn og pústrar eru nánast óhjákvæmilegir. Þess vegna var gripið til þess ráðs að búa til sérstakar reglur fyrir leiki kvennaliða sem voru frábrugðnar reglum fyrir leiki karla, með t.a.m. styttri leiktíma og strangari reglum varðandi snertingar við andstæðinginn.<sup>19</sup>

Sem dæmi um tvíhyggjuna má nefna að um aldamótin 1900 voru sérstakir dagar í háskólum Bandaríkjanna ætlaðir til íþróttaiðkunar. Fyrir piltana nefndust þessir dagar „íþróttadagar“ (*sports days*) en fyrir stúlkurnar hétu þeir „leikjadagar“ (*play days*).<sup>20</sup> Upp úr aldamótunum 1900 fór íþróttahreyfingin að alþjóðavæðast og samhliða því urðu til fyrstu sérgreinasambönd er varða kvennaíþróttir í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og Skandinavíu. Fyrri heimsstyrjöldin breytti miklu í kvennaíþróttum í Bandaríkjunum og Bretlandi. Í Bretlandi fengu konur m.a. aðgang að völlum í fjarveru karlanna, sem þeim var bannað að nota áður.<sup>21</sup> Bandaríkin urðu að stórveldi á þessum árum og kvannahreyfingin þar taldi sig vera flaggskip hins nýja stórveldis, sem lýsti sér meðal annars í hugarfarsbreytingu gagnvart íþróttum og þá sér í lagi keppni.<sup>22</sup> Hins vegar kom bakslagið fljótt. Breskum konum var bolað burt af leikvöllumum fljótlega eftir stríð<sup>23</sup> og bandarísku konurnar þurftu að glíma við mikla fordóma gagnvart kynferði þeirra þegar þær börðust við að halda í keppnisréttinn.

Líkt og í Bandaríkjunum og Evrópu<sup>24</sup> átti skipulögð íþróttaiðkun kvenna hér á landi sér rætur í kvennaskólum, eða öllu heldur fyrstu menntastofnuninni fyrir íslenskar konur, Kvennaskólanum í Reykjavík. Fyrst er getið um leikfimi í stundaskrá veturinn 1880–1881 og kennarinn var Valgerður Jónsdóttir. Leikfimin féll niður árin á eftir en var aftur kennd frá 1894–1897 og þá var það Ingibjörg H. Bjarnason sem kenndi. Ingibjörg varð skólastýra árið 1906<sup>25</sup> og frá og með árinu 1903 var leikfimi fastur þáttur í kennsluskránni, þó að hún hafi verið valfag einhver ár.<sup>26</sup> Eftir að Ingibjörg lauk námi sínu við Kvennaskólann hélt hún til Danmerkur og lauk leikfimiþrófi frá Paul Petersen Institut í Danmörku. Þar með var hún fyrst íslenskra kvenna til að mennta sig í íþróttufræðum, aðeins fjórum árum eftir að leikfimikennsla fyrir konur hófst á Íslandi. Lítið er vitað um námsár Ingibjargar í

<sup>19</sup> Else Trangbæk, *Kvindernes idræt, fra rødder til top*. Kaupmannahöfn 2005, bls. 67–69

<sup>20</sup> Joan S. Hult, „The Story of Women’s Athletics: Manipulating a Dream 1890–1985“, bls. 89.

<sup>21</sup> Jennifer Hargreaves, *Sporting Females*, bls. 112–134.

<sup>22</sup> Joan S. Hult, „The Story of Women’s Athletics: Manipulating a Dream 1890–1985“, bls. 88.

<sup>23</sup> Jennifer Hargreaves, *Sporting females*, bls. 141–152.

<sup>24</sup> Else Trangbæk, *Kvindernes idræt, fra rødder til top*, 42–45. Sjá einnig Jennifer Hargreaves *Sporting Females*, bls. 63–84.

<sup>25</sup> *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874–1974*. Guðrún P. Helgadóttir og fleiri ritstýrðu. Reykjavík 1974, bls. 208.

<sup>26</sup> Sjá kennsluskrár Kvennaskólans frá 1897 til 1920.

Danmörku<sup>27</sup> og enn minna um þær íþróttir sem kenndar voru í Kvennaskólanum. Nokkrar ljósmyndir hafa þó varðveist og þær sýna m.a. skólastúlkur iðka leikfimi í íþróttahúsi Lærða skólans. Í 100 ára afmælisriti Kvennaskólans í Reykjavík birtist einnig uppstillt mynd sem titluð er „Knattleiksfélagið 1901“. Engar nánari heimildir um tildrög myndarinnar eða frumritið sjálft hafa fundist. Hins vegar var vitað um nöfn flestra stúlnanna á myndinni og tiltekið að þær hefðu ekki allar verið skólastúlkur.<sup>28</sup> Því er ljóst, ef myndatextinn er réttur, að íþróttaiðkun Kvennaskólans náði út fyrir raðir skólastúlna.

Þó að lítið sé vitað um tildrög og efnistöð leikfimikennslu við Kvennaskólann, sem og störf frumkvöðla hennar, Ingibjargar H. Bjarnason og Valgerðar Jónsdóttur, má skerpa myndina með því að skoða fyrirmyndir Kvennaskólans, sem og fyrrnefnda Paul Petersen Institut. Kvennaskólinn í Reykjavík var stofnaður árið 1875 af þeim Þóru og Páli Melsteð. Hugmyndir sínar um kvennaskóla sóttu þau til kvennaskóla Nathalie Zale í Danmörku sem var stofnaður árið 1852 en Zale var brautryðjandi í menntun kvenna í Danmörku. Zale, líkt og Þóra Melsteð, taldi að undirstaða alls kvenfrelsis væri menntun og skortur á menntun stæði konum fyrir þrifum.<sup>29</sup> Paul Petersen var liðþjálfari í danska hernum og kenndi leikfimi hjá Zale fyrstu árin en stofnaði svo sinn eigin skóla, Paul Petersen Institut for dansk Kvindegymnastik, árið 1878. Gott samband var á milli þeirra og Zale valdi t.d. eingöngu leikfimikennara frá Paul Petersen Institut til að kenna við sinn skóla. Petersen hafði aðra sýn á íþróttir kvenna en flestir samlandar hans. Kennsla Petersens bar sterkan keim af veru hans í hernum og byggði hann æfingar sínar meira á styrk en áður tíðkaðist. Á leikfimiprófum hans þurftu stúlkurnar m.a. að synda frá einum upp í 3,2 kílómetra og sýna félagabjörgun í fullum klæðum á fimm metra dýpi. Einnig lét hann stúlkurnar keppa innbyrðis, þar sem hann taldi að það væri nauðsynlegt til að ná árangri. Einnig mældi hann árangur stúlnanna reglulega til að fylgjast með framförum þeirra. Aðferðir Petersens voru töluvert gagnrýndar af dönskum lærimeistara, A.G. Drachman, sem rak leikfimiskóla fyrir konur. Leikfimi Drachmans byggðist fyrst og fremst á mjúkum og áreynslulausum hreyfingum og taldi hann kennslu Petersens hreinlega eyðileggjandi fyrir kvenlíkamann og ræna konur kvenleikanum. Þrátt fyrir úrtölur úr ýmsum áttum varð skóli Petersens feikivinsæll og er hann oft nefndur „faðir“ kvennaíþróttar í Danmörku. Petersen sjálfur var samt sem áður enginn sérstakur áhugamaður um kvenréttindi eða framgang kvenna í íþróttum og tók t.a.m. ekki þátt í opinberum umræðum um hvort ætti að leyfa konum að

<sup>27</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Málsvari kvenna eða „besta sverð íhaldsins“? Ingibjörg H. Bjarnason og íslensk kvannahreyfing 1915-1930“. MA ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. 2002, bls. 121.

<sup>28</sup> *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874–1974*, bls. 71.

<sup>29</sup> *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874–1974*, bls. 41. Sjá einnig *Kvindens Idræt, fra röder til top*.

keppa í íþróttum eða veita þeim aðgang að íþróttafélögum. Hann hafði hins vegar meiri trú á líkamlegri getu kvenna en fyrirrennarar hans. Sé nám Ingibjargar H. Bjarnason í skóla Petersens haft í huga má segja að íþróttaiðkun íslenskra kvenna eigi rætur sínar að rekja til róttækari hluta danskra kvennaíþróttar.<sup>30</sup>

Ólafur Davíðsson þjóðfræðingur minnst á að frami fylgi íþróttum og Roosevelt talaði um íþróttavöllinn sem vettvang karlmennsku. En hvaða hlutverki gegndu þá íþróttir fyrir konur? Þær voru hvorki hluti af skipulagðri íþróttastarfsemi innan félaga né áttu þær að samsvara sig hugmyndum um hermennsku og íþróttir. Keppni, árangur og frami var ekki ofarlega í hugum kvennaskólafrumkvöðla í Evrópu, heldur heilbrigði og fegurð. Kvennaíþróttir máttu á engan hátt grafa undan íhaldssömum hugmyndum um kvenedli og áttu frekar að undirbyggja þá hugmynd ef eitthvað var.

Á Íslandi um og eftir aldamótin 1900 var það fyrst og fremst heilbrigði og nytsemi sem gaf kvennaíþróttum vægi. Öll skrif um íþróttir fyrir konur um aldamótin, t.d. í *Kvennablaðinu*, hvetja konur til að stunda íþróttir undir formerkjum nytsemi og heilbrigðis, eins og þessi greinarhöfundur, líklega Bríet Bjarnhéðinsdóttir, orðaði það í *Kvennablaðinu* árið 1898:

Uppvaxandi kynslóðin ætti sem mest að temja sjer þá leiki og íþróttir, sem miða til að gjöra menn heilsugóða og harð-gerða. Heilsan er fyrsta skilyrðið fyrir því, að geta orðið sjer og öðrum að verulegu gagni. Og það er miklu skynsamlegra og nauðsynlegra að kenna börnum og unglíngum þau verk og íþróttir, er stuðla að því, en að troða óllum ósköpum af bóklegum lærdómi í þau, löngu áður en þau hafa vit á að nota sjer hann.<sup>31</sup>

Síðar í sömu grein er gagnsemi íþróttar rakin, t.d. skíðaferða sem geta auðveldað kvenfólki í sveitum að komast á milli staða í fannfergi. Sund var önnur íþrótt sem var hægt að hagnýta. Snertingin við vatnið hafði ákveðið hreinlætisgildi og sundkunnátta gat skilið á milli lífs og dauða í landi sem er umlukid vatni á alla kanta. Sundkunnátta er getid í fornsögunum en erfitt er að gera sér grein fyrir hversu útbreidd hún var. Jónas Hallgrímsson þýddi og staðfærði sundreglur W.W. Nachtgalls, sem var fyrsti íþróttafulltrúi Dana, og gaf út árið 1836 og sundkennslu var haldið uppi nær samfelld út alla 19. öld, þó á mismunandi stöðum á landinu.<sup>32</sup> Lítið er vitað um þessa sundkennslu og þá sem lærðu sund en vitað er af einni

<sup>30</sup> Else Trangbæk, *Kvindernes idræt, fra rødder til top*, bls. 72.

<sup>31</sup> *Kvennablaðið* 1. tbl. 4. árg. 1. Janúar 1898, bls. 13.

<sup>32</sup> Þorsteinn Einarsson, *Drög að sögu íslenskra íþróttar*. Reykjavík 1977, bls.6.

konu, Björgu Einarsdóttur, sem lærði að synda um 1870 á Sauðárkróki og var þá talin eina konan á landinu sem kunni þá list.<sup>33</sup>

Árið 1895 skrifaði kona sem kallaði sig Laugu um sund og böð í *Kvennablaðið* og kvartaði yfir því að aðeins karlmenn kynnu að synda. Hún taldi sund og böð holl fyrir konur og hvatti til sundiðkunar og tók fram að í nágrannalöndunum væru konur jafn syndar og karlmenn. Í greininni kom fram að í Mosfellssveit hefði verið stofnað Laugarfjelag og þar mættu konur synda fyrstu klukkustundina á hverjum laugartíma, því þá væru þar engir karlmenn. Þar gætu konur fengið aðstoð við að læra sundtökin.<sup>34</sup> Ennfremur var rætt um sund í *Kvennablaðinu* árið 1900 og sagt að stúlkur væru farnar að læra sundtökin í ýmsum smákauptúnum úti á landi en ekki í höfuðstaðnum, þó að nokkrar heldrimannastúlkur í Reykjavík hafi rætt um að fara að synda saman en ekki enn komið því í framkvæmd. Einnig hvatti greinarhöfundur konur til að iðka leikfimi og sund, því það væri holl hreyfing og áhugamál.<sup>35</sup> Það er því ljóst að samfara myndun íþróttahreyfingar á Íslandi skapaðist örlítið rými fyrir konur í fimleikum, sundi og jafnvel knattíróttum.

Sundfélag Reykjavíkur var stofnað af Birni Blöndal 1. október 1884, ári áður en „Lauga“ skrifaði í *Kvennablaðið*. Árið 1885 var reist sundskýli við Skerjafjörð en Björn Blöndal drukknaði í róðri árið 1887 og dofnaði þá yfir sundiðkun Reykvíkinga, auk þess sem úrtöllumenn sáu sér leik á borði eftir að sundfrömuðurinn drukknaði til að lasta sundið og sögðu það engum geta bjargað frá drukknun.<sup>36</sup>

Á fyrsta áratug 20. aldar fóru konur að dýfa sér ofan í laugina eftir því sem sundkunnátta varð almennari í landinu. Bríet Bjarnhéðinsdóttir lét það verða sitt fyrsta verkefni í bæjarstjórn Reykjavíkur eftir að hún var kosin árið 1908 að leggja til að fjármagn yrði veitt til sundkennslu stúlkna líkt og pilta. Í ævisögu sinni segir Knud Zimsen, sem þá var bæjarstjóri, að eldri bæjarstjórnarfulltrúi hafi veist að Bríeti og kallað hana heimtufreka og lagt til að bæjarstjórnarfulltrúar vísuðu kröfunni frá. Þar sem Knud fer oft lauslega með staðreyndir í endurminningum sínum ber að taka ummælum hans um dramatíska andspyrnu gegn tillögu Bríetar með nokkrum fyrirvara, sérstaklega í ljósi þess að Knud telur það sér sjálfum til tekna að hafa stutt Bríeti og að málið gekk í gegn á endanum.<sup>37</sup> Til sundkennslunnar var fengin Kvennaskólalærð stúlka, Ingibjörg Guðbrandsdóttir, eða Imba

<sup>33</sup> *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, bls. 88.

<sup>34</sup> *Kvennablaðið* 1. árg. 3. tbl. 17. apríl 1895, bls. 22.

<sup>35</sup> *Kvennablaðið* 6. árg. 6. tbl. 1. júní 1900, bls. 41–42.

<sup>36</sup> Sigurður Á. Friðriksson, *Íþróttir í Reykjavík*. Reykjavík 1994, bls. 26.

<sup>37</sup> Knud Zimsen, *Úr bæ í borg*. Reykjavík 1952, bls. 368.

Brands, eins og hún kallaðist í daglegu tali.<sup>38</sup> Ingibjörg hafði numið leikfimi hjá nöfnu sinni Bjarnason í Kvennaskólanum og þó að ekki sé mikið til af heimildum um hana er nokkuð ljóst að hún er líklega fyrsta íslenska konan sem gerði íþróttakennslu að nokkurs konar ævistarfi. Hún kenndi leikfimi í nokkur ár við Kvennaskólann<sup>39</sup> og hélt ókeypis leikfiminámskeið fyrir reykvískar konur árin 1903<sup>40</sup> til 1911.<sup>41</sup> Hún sótti ennfreður árlega um 300 króna styrk til námskeiðshaldsins. Einhverjum fannst Imba heldur gráðug í landssjóðinn og orti þessa ferskeytlu og lét flakka í skopvísnum sem birtust í *Suðurlandi* árið 1910:

Enn vil hoppa Imba Brands  
oní landsjóðs pottinn  
varla mun hún víst til sanns  
vera af baki dottinn.<sup>42</sup>

Auk sund- og fimleikakennslu var Imba Brands innsti kappur í búi Skautafélags Reykjavíkur og var formaður félagsins frá 1914.<sup>43</sup>

Reykvískar konur stungu sér til sunds við opnun sundskálans við Örfirisey árið 1909, ári eftir að Bríet Bjarnhéðinsdóttir lagði fram tillöguna um að veita fjármagni til sundkennslu stúlkna. Myndir frá vígslunni hafa varðveist og er oft rætt um að „þarna hafi konur í fyrsta sinn komið fram á sundfötum“<sup>44</sup> eða stundað íþróttir opinberlega í fyrsta skipti.<sup>45</sup> Fyrirverandi formaður sundfélagsins Ægis, Eiríkur Magnússon minnst á atvikið í þrjátíu ára afmælisriti félagsins með eftirfarandi orðum: „Þessar konur ættu að fá nafn sitt letrað með gylltu letri í sögu kvenfrelsis á Íslandi, því áður höfðu konur ekki komið fram á sundbolum opinberlega.“<sup>46</sup> Svipaða tilvísun í hugrekki og kvenfrelsi má víða finna annars staðar þar sem þessi mynd er birt, enda vinsælt myndefni sem hefur meðal annars ratað á póstkort og í auglýsingar.

<sup>38</sup> Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur, bærinn vaknar*. Fyrri bindi, bls. 488.

<sup>39</sup> Námskrár kvennaskólans 1875–1920

<sup>40</sup> *Þjóðviljinn* 17. árg. 34. tbl. 14. ágúst 1903, bls.136.

<sup>41</sup> *Ingólfur* 7. árg. 12. tbl. 28. mars 1909, bls.12.

<sup>42</sup> *Suðurland* 1.árg. 40. tbl. 23. mars 1911, bls. 159

<sup>43</sup> *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, bls. 89. Sjá einnig Sigurður Á. Friðriksson, *Íþróttir í Reykjavík*.

<sup>44</sup> Sigurður Á. Friðriksson, *Íþróttir í Reykjavík*, bls.29.

<sup>45</sup> Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur bærinn vaknar*. Fyrri bindi, bls. 490.

<sup>46</sup> *Ægir 30 ára. 1927–1957*. Reykjavík 1957, bls. 4.



## 2. Íþróttir og þjóðerni

### 2.1 Íslenskar íþróttir stofnanavæðast

Á fyrstu áratugum 20. aldar stofnanavæddist íslenska íþróttahreyfingin. Þetta ferli átti sér stað á skömmum tíma en aðeins liðu tvö ár frá því að fyrstu ungmennafélögin voru stofnuð þar til Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) var stofnað. Íþróttasamband Íslands (ÍSÍ) var svo stofnað árið 1912. Þessari yfirbyggingu fylgdi ákveðin samræming og framkvæmd og staða íþróttta gagnvart ríkisvaldinu var ákveðin, þótt fyrstu íþróttalögin tækju ekki gildi fyrr en seinna. Í fyrstu lögum Íþróttasambands Íslands segir að íþróttir ættu að „horfa til eflingar líkamlegrar og andlegrar orku hinnar íslensku þjóðar“.<sup>47</sup> Þessi klausa ber vott um ólympískan anda og fráhrarf frá hugmyndum um íþróttir sem heldrimanna sport er bundið var við hernaðardýrkun og lokaða klúbba. Íþróttum var ætlað að vera almenningseign og hvatt var til fjöldapátttöku. Þó að þróun og framgangur íþróttamála hafi ekki alltaf staðið undir væntingum íþróttafólks og hægt hafi gengið með byggingu íþróttamannvirkja, t.d. Sundhallarinnar, má segja að íþróttir hafi á heildina litið nán að eyrum og augum almennings og notið velvilja. Íþróttir urðu fljótt fjöldahreyfing og þar af leiðandi skapaðist þörf fyrir regnhlífarsamtök til að samræma leikreglur og félagatöl, skipuleggja mót og standa í forsvari fyrir íþróttahreyfinguna og vera málsvari hennar erlendis.

Ungmennafélags-hreyfingin var stofnuð í anda dönsku Grundtvig-lýðháskólastefnunnar. Ungmennafélögin höfðu ekki einungis íþróttir á stefnuskrá sinni heldur einnig málrækt, skógrækt og allsherjar umhyggju fyrir landi, þjóð og öllu sem til þjóðlegra dyggða gat talist.<sup>48</sup> Þótt starfssvið ungmennafélaganna sneri að töluvert fleiru en íþróttaiðkun voru íþróttir eitt stærsta viðfangsefni ungmennafélaganna og einnig útbreiddast. Samfara myndun grunnstoða íþróttahreyfingarinnar skerptust línurnar á bak við hugmyndafræði íþróttta og hvað fólst í því að vera íþróttamaður og á skömmum tíma varð til ímynd íþróttamannsins sem eins konar kyndilbera íslensks þjóðernis.

### 2.2 Samspil íþróttta og þjóðernis

Erlendar rannsóknir benda til þess að íþróttir gegni stóru hlutverki við myndun, skilgreiningu og viðhald þjóðarímynda. Á sama tíma hafa kynjafræðingar sem rannsakað hafa íþróttir greint hvernig íþróttir, og þá sér í lagi keppnisíþróttir, eru nátengdar hugmyndum um karlmennsku. Þessir þættir mynda ákveðna nálgun á hugmyndir um

<sup>47</sup> Fyrstu lög ÍSÍ frá stofnárinu 1912. Gils Guðmundsson, *Íþróttasamband Íslands*. Reykjavík 1962, bls.19.

<sup>48</sup> *Skinfaxi*. 1.tbl. 1.árg. 1.október 1909, bls. 2–4.

íþróttir og kyngervi. Hér á eftir verður fjallað um hlutverk íþrótta innan þjóðríkisins á upphafsárum íþróttahreyfingarinnar og sérstakri athygli beint að stöðu og hlutverki kvenna innan þeirrar umræðu og skoðað hvernig eða hvort tengsl þjóðernis og íþrótta hafi haft áhrif á kvennaíþróttir.

Á sama tíma og íslenska íþróttahreyfingin steig sín fyrstu spor voru íþróttahreyfingar á Vesturlöndum að alþjóðavæðast. Alþjóðavæðingin fólst fyrst og fremst í alþjóðlegum stórmótum og Ólympíuleikum og gaf íþróttahreyfingum hvers lands nýtt og áður óþekkt vægi. Nú gat íþróttafólk keppt sem fulltrúar sinna landa á erlendum vettvangi og árangur þeirra var jafnframt árangur landsins. Þessi breyting varð til þess að stórauka vinsældir íþrótta, sem og að skapa nýjan vettvang í alþjóðasamskiptum.<sup>49</sup>

Breski íþrótt- og félagsfræðingurinn J.A. Managan kom auga á þrenns konar hlutverk sem íþróttir gegndu í sköpun og myndun þjóðernis: 1) myndun þjóðareiningar, 2) alþjóðleg valdabarátta, og 3) alþjóðleg samvinna og skilningur milli ríkja. Sagnfræðingurinn Hans Bonde bætti einu atriði við skilgreiningu Managans: íþróttir sem vettvangur fyrir valdabaráttu innanlands.<sup>50</sup> Gallinn við þessa þáttun er sú að hún greinir ekki nógu skýrt á milli hlutverks íþrótta í myndun og mótun þjóðernis innan þjóðríkisins og á alþjóðlegum vettvangi. Þegar litið er á samspil hugmynda um íþróttir og þjóðerni á Íslandi koma fram tvö skýr hlutverk íþróttanna. Annars vegar að styrkja hugmyndina um þjóð og þjóðerni innan þjóðríkisins og hins vegar að skapa þjóðinni ímynd meðal erlendra þjóða. Alþjóðavæðingin fól í sér stofnanavæðingu íþrótta. Reglur voru samræmdar og innlend sem og alþjóðleg sérsambönd voru stofnuð. Mikilvægasti hluti þessarar alþjóðavæðingar var „endurvakning“ Ólympíuleikanna sem franskir baróninn og íþróttavinurinn Pierre de Coubertin stóð fyrir. Alþjóðavæðing íþróttanna og Ólympíuleikarnir ýttu undir samruna íþrótta og þjóðernishugmynda og fessti í sessi þá hugmynd að íþróttamönnum bæri að keppa undir nafni þjóðar sinnar frekar en t.a.m. borgar eða héraðs. Nágrannahéruð hættu að naga hælana hvort undan öðru í kapphlaupum á Jónsmessu og lögðu frekar saman í púkk til að vera stoltir fulltrúar sinnar þjóðar á alþjóðavettvangi. Samfara alþjóðavæðingunni var aukin áhersla lögð á mælanlegan árangur. Keppnin bauð upp á samanburð og hugmyndir og nýjungar voru fljótar að ná útbreiðslu milli landa. Þessu fylgdi einnig sterkari krafa um fagmennsku á öllum vígstöðvum, frá stjórnendum íþróttamála, þjálfurum og svo að sjálfsgöngu íþróttamönnum sjálfum.

---

<sup>49</sup> Riita Pirinen, „Catching up with men? Finnish newspaper coverage of woman’s entry into traditionally male sports“ *Gender and Sport. A Reader*. London og New York 2002, bls. 94–105.

<sup>50</sup> Hans Bonde, *Gymnastics and politics. Niels Bukh and male aesthetics*. Kaupmannahöfn 2006. bls. 12.

Ólympíuleikarnir undir stjórn de Coubertins voru líka byggðir á hugsjónum um æðra hlutverk íþrótta sem lyftistöng fyrir mannlífið allt; vettvangur fyrir þjóðir heims til að takast á undir nafni friðar og bræðralags á íþróttavellinum.<sup>51</sup>

Hugmyndir um þjóð og þjóðerni gegndu stóru hlutverki á upphafsárum íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Eitt skýrasta dæmið er þjóðhátíðardagurinn 17. júní. Ungmennafélögin voru fyrst til að taka fæðingardag Jóns Sigurðssonar upp á sína arma, þar sem þeim sveið undan viðveru danska kóngsins þegar haldið var upp á stjórnarskrárdaginn 2. ágúst. Uppistaðan í hátíðarhöldum ungmennafélaganna á fæðingardegi Jóns voru íþróttasýningar og tengingin gæti því ekki verið öllu skýrari.<sup>52</sup> Áhrif alþjóðavæðingarinnar á íslenskar íþróttir voru augljós. Þegar íslensk íþróttahreyfing varð til var regluverk alþjóðlegu íþróttahreyfingarinnar þegar til staðar og því var auðvelt að leita þar hugmynda um framkvæmd og hugmyndafræði. Þótt að íþróttahreyfingin hefði vart fest rætur og væri vanefnum búin var strax farið að huga að því að senda íþróttamenn á Ólympíuleika og gera Íslendinga gildandi meðal annarra þjóða í íþróttum.

Öllum keppnum fylgja sigurvegarar og með alþjóðavæðingu íþróttanna var sigurvegarinn ekki lengur einstaklingur sem skaraði fram úr í sinni grein heldur holdgervingur þjóðarinnar og sigur hans var ekki lengur persónusigur heldur sigur þjóðarinnar og tákn um yfirburði hennar. Fyrir Íslendinga var Ólympíusigur fjarlægur draumur en eins og J.A. Mangan benti á eru íþróttir vettvangur alþjóðlegra samskipta og samanburðar og það átti svo sannarlega við um íslensku íþróttahreyfinguna sem var mikið í mun að nota tækifærin sem alþjóðavæðing íþrótta skóp til að gera sig gildandi meðal þjóða. Bogi Th. Melsted skrifaði grein í *Skólablaðið* árið 1907 um heilsurækt og leikfimi þar sem hann setti íþróttaiðkanir í samhengi við framtíð Íslands á alþjóðavettvangi.

Íslendingar verða aldrei *menn með mönnum* ef þeir kúldrast heima. Þeir verða að hugsa um meira en sjálfa sig, og sýna öðrum löndum að þrek og manndáð sje í þeim. Þá vex vegur þeirra og virðing; þá fá þeir viðurkenningu og vináttu annarra þjóða.<sup>53</sup>

Afdráttarlausari var greinahöfundur í *Skinfaxa*, tímariti Ungmennafélags Íslands, sem taldi það beinlínis hlutverk íþróttamanna að bera heiður lands og þjóðar út fyrir landsteinana.

Mun þess þá eigi langt að bíða, að ungir og efnilegir íþróttamenn beri nafn Íslands út um víða veröld og flytji heim aftur frægð og góðan orðstír, [...]og heiður sigurvegaranna og *þjóðar* þeirra flýgur í fagnandi símskeytum út um

<sup>51</sup> Allen Guttman, *The Olympics, a history of the modern games*. 2.útgáfa, Illinois 2002, bls. 7–21.

<sup>52</sup> Jón M.Ívarsson, „En 17 júní hefur sigrað.“ *Sagnir*. 25. árg. 2005, bls.38–46.

<sup>53</sup> Bogi Th. Melsted, „Leikfimi og heilsurækt.“ *Skólablaðið* 18. tbl. 1.árg. 30. september 1907, bls. 67.

víða veröld. Að þessu takmarki eiga allir ungir íþróttamenn að stefna! Íslendingseðlið er óbreytt enn, ef áhuginn reynist nógu sterkur. Það hafa glímumennirnir vorir sýnt og sannað.<sup>54</sup>

### 2.3 Endurreisn, þjóðarhreysti og gullöld. Íslensk þjóðernishyggja og íþróttir

Framlag Íslendinga til Ólympíuleikanna á fyrstu áratugum tuttugustu aldar var íslenska glíman, sem var sýningaríþrótt. Vitaskuld kepptu engar þjóðir aðrar en Íslendingar í glímu en ætlunin var að reyna að koma þessari þjóðaríþrótt út fyrir landsteinana. Glíman hafði nýlega verið hækkuð um stall frá því að vera afþreying yfir í að verða þjóðaríþrótt<sup>55</sup> og varð fljótlega augasteinn íþróttahreyfingarinnar sem vildi veg hennar sem mestan. Sem þjóðlegri íþrótt á tímum þjóðernishyggju var glímunni og ágæti hennar stöðugt hampað og henni var jafnvel fundið hlutverk sem gekk langt út fyrir það sem ætlast mætti til af íþróttagrein einni saman. Greinarhöfundur í *Eimreiðinni* komst svo að orði árið 1912:

En sú íþrótt, sem hæst stendur hér á landi, er einmitt íslenska glíman — og svo mun það verða um aldur og æfi. Enginn Íslendingur ætti upp að alast án þess að læra að glíma. Þá mun bæði ungum og gömlum lærast að elska þessa fögru og góðu íþrótt, glímulistina, og hún mun gera menn næma fyrir þjóðareinkennum vorum, auka hjá mönnum karlensku, kjark og snarræði og verða móðir endurfæddrar íslenskrar hreysti.<sup>56</sup>

Glíman átti einnig að hafa bein áhrif á persónuleika og lundarfar iðkenda. Valdimar Sveinbjörnsson íþróttakennari sagði glímuna beinlínis auka mannkosti, svo sem sannsögli, réttisýni og hreysti í grein um glímu í *Skólablaðinu* árið 1921.<sup>57</sup> Íþróttum var ekki eingöngu ætlað að skapa Íslendingum sjálfsmýnd meðal erlendra þjóða heldur líka styrkja hugmyndina um þjóðerni innan frá. Árin eftir aldamót voru mjög lituð af umræðum um þjóð, þjóðerni og hvað það fæli í sér að vera Íslendingur. Hugmyndir um endurreisn íslensks þjóðernis með tilvísun í svokallaða gullöld þjóðveldistímans voru allsráðandi og áttu stóran hlut í að móta sjálfstæðisbaráttuna. Forkólfar og hugmyndasmiðir sjálfstæðisbaráttunnar litu svo á að glæst fortíð þjóðarinnar væri sönnun þess að sjálfstæði væri forsenda framfara.<sup>58</sup> Þjóðernistengingin á sér líka sterkar rætur í Grundtvig-hreyfingunni sem var fyrirmynd ungmennafélaganna. Hinn danski Grundtvig var einn helsti hugmyndasmiður danskrar þjóðernisvitundar á nítjándu öld. Hann leit mjög til Íslands

<sup>54</sup> *Skinfaxi* 1. árg. 2. tbl. 1. nóvember 1909, bls.11.

<sup>55</sup> Þorsteinn Einarsson, *Þróun glímu í íslensku þjóðlífi*. Reykjavík 2006, bls. 199–209.

<sup>56</sup> *Eimreiðin* 18. árg. 1 .tbl. 1.janúar 1912, bls. 40.

<sup>57</sup> Valdimar Sveinbjörnsson, „Íþróttir og uppeldi“ *Skólablaðið*. 13. árg. 6. tbl. 1. júní 1921, bls.67–68.

<sup>58</sup> Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*. Reykjavík 2001, bls. 180.

þegar hann smíðaði kenningar sínar um danskt þjóðerni og kallaði íslenskt miðaldasamfélag „eitt af stærstu undrum miðalda“.<sup>59</sup> Jón Aðils, fyrsti sagnfræðikennarinn við Háskóla Íslands, tók í svipaðan streng þegar hann taldi að menning Forn-Grikkja og íslensk menning á „sjálfstjórnar- og þroskatímabilinu“, eins og hann kallaði þjóðveldisöldina, væru hápunktar evrópskrar menningar. Gjarnan var litið til „endurvakningar“ Ólympíuleikanna í þessu samhengi. Þar var verið að endurvekja forna hefð gamallar menningarþjóðar, ekki ósvipað og Íslendingar töldu sig vera að gera með „endurreisn“ íslensku þjóðarinnar, og litið var á Ólympíuleikana sem sönnun þess hvernig íþróttir gátu eftl þjóðirnar. Ólympíuárið 1912 var rætt um sögu leikanna í *Skinfaxa* og áhrif íþróttar á þjóðarhreysti.

En þegar menn sáu nú sjálfir hverja þýðingu íþróttirnar höfðu fyrir Englendinga, hvernig þær settu hreystimark á þjóðina, fóru augu manna smámsaman að opnast fyrir nytsemi þeirra. Menn fundu það, að heimurinn þarfnadist þeirra kosta, sem einkenndi Forngríkki fyrir íþróttaiðkanir þeirra.<sup>60</sup>

Á Íslandi spratt upp umræða um hvað það væri að vera Íslendingur í kjölfar iðn- og borgvæðingar og umbreytingar hjálendurþjóðar í fullvalda ríki.<sup>61</sup> Á sama tíma og þjóðernisgoðsagnir urðu til<sup>62</sup> varð líka til hugmyndin um íþróttamanninn sem var eins konar aukaafurð af þjóðernisgoðsögnunum og hugmyndum aldamótakynslóðarinnar um þjóð og þjóðerni. Hugmyndafræði íþróttamanna og forkólfa um sjálfa sig og hlutverk sitt var sniðið eftir hugmyndum og söguskoðun þjóðernishyggjunnar. Íþróttamaður aldamótakynslóðarinnar átti að vera steypur í mót Grettis, Gunnars á Hlíðarenda, Kjartans og fleiri og vera boðberi Íslands og íslenskrar menningar innan lands sem utan. Hugmyndin um íþróttamanninn varð fljótt eins konar snertiflötur nútímans við hetjur fortíðar.

Margir af ötulustu boðberum þjóðernishyggjunnar, svo sem séra Friðrik Friðriksson, voru einnig frumkvöðlar að stofnun íþróttafélaga. Sú skoðun að nútíma-Íslendingurinn ætti að byggja sjálfsmynd sína á íslenskri fornöld varð nær óumdeilanleg í opinberri umræðu<sup>63</sup> og margir af stofnendum íþróttafélaga töldu að íþróttáahugi og -ástundun væri hluti af því að vekja þjóðina af aldalöngum svefni. Var þá óspart gripið til orðræðu þjóðernishyggjunnar og hugmynda um „gullöldina“ og jafnvel rætt um endurreisn íþróttar og líkamshreysti í landinu. Menntastétt landsins hafði ákveðnar hugmyndir um hlutverk

<sup>59</sup> Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska Þjóðríkið*, bls. 181.

<sup>60</sup> *Skinfaxi*. 9. tbl. 3.árg. 1.september 1912.bl. 68.

<sup>61</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 8.

<sup>62</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 26.

<sup>63</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 67.

ípróttu innan þjóðríkisins. Árið 1908 kom út bókin *Ípróttir fornanna* eftir dr. Björn Bjarnason, norrænufræðing og síðar ritstjóra *Skírnis*. Bókin var eins konar samantekt hugmynda um þjóðerni, gullöld og ípróttir. Bókin var greinargóð lýsing á ípróttum og hvers kyns ípróttaiðkunum sem koma fyrir í fornsögunum. Í formála bókarinnar hvatti Björn lesendur til að taka sér hinar fornu hetjur til fyrirmyndar og iðka drengilegar og heilbrigðar ípróttir því þannig yrði þjóðin í stakk búin til að ganga í fjölskyldu frjálsra og sjálfstæðra þjóða.<sup>64</sup> *Skinfaxi*, tímarit Ungmennafélags Íslands, mærði rit Björns í hvívetna, sem og *Próttur*, tímarit ÍSÍ Þessi beinu tengsl milli ípróttaiðkana, sjálfstæðis og fornsagna urðu að stefum sem endurómuðu í opinberri umræðu um ípróttir og gildi þeirra.

Björn var sannfærður um gildi ípróttu eins og kemur fram í grein sem hann birti í *Skírni* árið 1909 og hét „Betur má ef duga skal“. <sup>65</sup> Í greininni útskýrði hann nánar afstöðu sína til ípróttu, heilbrigðis og upprisu mannsandans. Ekki dró hann í efa að Íslendingar hefðu horfið ofan í svartnætti og tími upprisu væri fyrir höndum.

Öll hnignun þjóðanna er eins konar hrap undan brekkunni, því örara sem það varir lengur, og því meir þverr þrótturinn. En flest böll á sér einhverja bót. Þjóðin getur vaknað til viðurkenningar um, hvernig ástætt er fyrir henni, og mjög má hún þá ver að þrotum komin, ef hún reynir ekki að snúa við aftur upp eftir og bjarga sér frá tortímingunni, er gín niðrundan.<sup>66</sup>

Þetta er tilbrigði við stef sem var íslenskum menntamönnum af aldamótakynslóðinni ákaflega hugleikið. Björn var líka ípróttasinnaður og leitaði til Forn-Grikkja eftir hugmyndafræðilegri fyrirmynd og tengdi saman, líkt og Jón Aðils, forn-grískt samfélag og íslenskt miðaldasamfélag. Taldi hann að áhersla á ípróttaiðkun og líkamsmennt hefði verið einn þeirra þátta sem gerði þessi tvö samfélög að menningarsamfélögum og afbragði annarra þjóða. Eftir tíma Forn-Grikkja hefði ípróttaiðkun og ípróttamenning síðan fallið í dvala í Evrópu og ekki vaknað fyrr en með víkingunum. Björn taldi að „leikfimin sé til þess kjörin, að endurheimta hið horfna menningarjafnvægi kynþáttanna, að skapa líkamsþrótt, er vera megi andlegu menningunni traustur bakhjarl, að vekja karlmennskuþor og lífslöngun, er vega megi á móti kveifarskap og lífsleiða“.<sup>67</sup>

Benedikt Waage, formaður ÍSÍ, var sammála Birni um hlutverk ípróttu sem þjóðarbætandi afls. Í formannstíð sinni hafði Benedikt veg og vanda af því að þýða og gefa út tvær bækur sem lutu að ípróttaiðkun, annars vegar *Sundbók Í.S.Í.* sem kom út árið 1920

<sup>64</sup> Björn Bjarnason, *Ípróttir fornanna á Norðurlöndum*. Reykjavík 1909. bls.I

<sup>65</sup> Björn Bjarnason, „Betur má ef duga skal“. *Skírni*. 83. árg. 4. tbl. 1. ágúst. 1909, bls.242–257.

<sup>66</sup> sama bls. 242.

<sup>67</sup> sama bls. 248.

og hins vegar *Heilsufræði handa íþróttamönnum* sem kom út árið 1925. Í formála bókanna, sem voru eins og nöfnin benda til handbækur fyrir íþróttaiðkendur, fór Benedikt ekki leynt með skoðun sína á áhrifamætti íþróttar og getu þeirra til að stuðla að endurreisn íslenskrar menningar. Í formála að *Sundbók Í.S.Í* skrifaði Benedikt: „En óðar en íslenzk menning reis aftur uppfrá dauðum, tóku menn að nýju að leggja stund á þessa fegurstu íþrótt feðra vorra og festu hugann við sundfrægð þeirra Kjartans Ólafssonar og Grettis Ásmundssonar“.<sup>68</sup> Í *Heilsufræði handa íþróttamönnum* var slegið á svipaða strengi. Niðurlægingartímabil þjóðarinnar var reifað og uppgangur íþróttar settur í samhengi við sjálfstæðisbaráttuna.<sup>69</sup>

Blöðin voru fljót að komast að sömu niðurstöðu og Benedikt og Björn og fléttuðu gjarnan saman hugmyndum um þjóðerni, gullöld og íþróttir og tengdu framfarir eða sigra í íþróttum við endurreisn þjóðarinnar. *Ingólfur* segir svo frá glímusigri Jóhannesar á Borg á Austanmanninum Flaanten árið 1907:

Hinir fornu Íslendingar voru hinir mestu íþróttamenn, en nú hefir slíkt legið í kalda koli öldum saman, þótt jafnan hafi uppi verið einstakir íþróttamenn í landinu. En á síðustu árum hafa menn lagt nokkra stund á íþróttir. Viljum vér vona að þessi sigur Íslendingans sé fyrirboði nýrrar gullaldar í íslenskum íþróttum. Er oss gott að vita slíkt, því að ekkert vekur betur þjóðarmetnað, en hans er oss nú full þörf.<sup>70</sup>

Yfirlits- og safnrit gefin út á vegum Íþróttafélaga hafa tekið upp þessa tuggu og gert hana að leiðarstefi í umfjöllun um íþróttasögu. Í afmælisriti Íþróttafélags Reykjavíkur (ÍR) sem kom út árið 2007 var talið að viðhorf úrtöllumanna til tiltekins ferðalags megi rekja til „niðurlægingartímabils Íslendinga á miðöldum“.<sup>71</sup> Sama var uppi á teningnum í *Morgunblaðinu* árið 1999 en þar birtist grein þar sem rifjaðir voru upp sigrar Gunnars Huseby á Evrópumeistaramótunum árin 1946 og 1950. Gunnar var sagður táknmynd Íslendingasagnanna. Sigur hans hafi styrkt þjóðareininguna og íþróttahetjan Gunnar hafi verið það sem hið unga lýðveldi þurfti til að undirstrika að það átti erindi í samfélag sjálfstæðra ríkja.<sup>72</sup>

Það voru ekki eingöngu fræðimenn á borð við Björn Bjarnason sem voru sannfærðir um hlutverk íþróttar sem sameiningartákns. Íþróttamennirnir sjálfir höfðu mikla trú á íþróttum sem þjóðbætandi afli. Jóhannes á Borg sem stofnaði fyrsta ungmennafélagið,

<sup>68</sup> *Sundbók Í.S.Í*. Benedikt Waage þýddi. Reykjavík 1920. bls. III

<sup>69</sup> Knud Secher, *Heilsufræði handa íþróttamönnum*. Guðmundur Björnsson þýddi, Benedikt Waage sá um ritstjórn. Reykjavík 1925. bls. 1-5

<sup>70</sup> *Ingólfur* 20. tbl. 5. árg. 20. maí 1907, bls. 77.

<sup>71</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla. Saga ÍR í 100 ár*. Reykjavík 2007, bls. 76.

<sup>72</sup> *Morgunblaðið* 16. feb. 1999 C6, Aukablað. KR 100 ára.

Ungmennafélag Akureyrar, hafði ekki litlar hugmyndir um hlutverk ungmennahreyfingarinnar.

Við ætluðum ungmennafélögunum stórt hlutverk í þjóðlífinu. Þau áttu hvorki meira né minna en að endurvekja reisu þjóðveldistímabilsins, verða aflvaki allra dádáða og skóli þjóðlegra mennta, andlegra og veraldlegra. Þar átti að ala upp forystulið þjóðarinnar, hámenntaða menn í hinum nytsömustu fræðum og þrautþjálfaða í íþróttum. Fyrir anda ungmennafélags hreyfingarinnar áttu þessir menn að verða svo einlægir og sjálfhyggjulausir ættjarðarvinir, að launin skiptu þá engu máli, heldur aðeins það að vinna þjóð sinni gagn. Ungmennafélögin áttu að verða vermireitur hreinnar íslenzkrar tungu og í túni þeirra skyldu dafna hver konar þjóðlegar íþróttir og dyggðir.<sup>73</sup>

Hér skal tekið fram að ungmennafélögin lögðu stund á meira en íþróttir og hafa í gegnum tíðina gjarnan verið aðskilin frá íþróttahreyfingunni. Hins vegar voru íþróttir frá fyrstu tíð þungamiðjan í starfi þeirra. Þótt Jóhannes ætlaði ungmennafélögunum að verða aflvaki allra dádáða, ekki íþróttunum, taldi hann þær vissulega eiga þátt í sköpun þeirra manna sem áttu að „endurvekja reisu þjóðfélagsins“. Árið 1922 spunnust áhugaverðar samræður í *Prótti*, tímariti ÍSÍ, um ímynd og hlutverk íþróttamanna. Í maí skrifaði ungur maður lesendabréf til *Próttar* undir yfirskriftinni „Hvað er íþróttamaður?“ Bréfitari svaraði sjálfum sér að einhverju leyti í bréfinu:

Hinn rétti íþróttamaður er bjartsýnn og rólegur. Hann hefir siðferðisþrek og er hófsamur. Hann tekur sigri og ósigri með hinu sanna jafnaðargeði. Hann er heiðarlegur í hverri kappraun, og dregur aldrei úr sigri keppinautanna.<sup>74</sup>

Ritstjórn *Próttar* svaraði unga manninum í næsta hefti í háfleygu og löngu máli þar sem brýnt var fyrir æskumönnum hverjir mannkostir íþróttamannsins væru. Hann átti að vera ósérhlífinn og setja íþróttirnar ofar öllu öðru, persónulegu eða smávægilegu. Hann átti að stunda íþróttirnar af alefli og þolinmæði, skapfestu, vilja og dugnaði og stefna að því takmarki að fullkomna sjálfan sig.<sup>75</sup> Seinna um haustið skrifaði norski fimleikamaðurinn Reidar Tönsberg, sem þá þjálfaði ÍR, langa grein sem hann kallaði „Veg og takmark íþróttamannsins“. Þar segir Tönsberg „að starf hans [íþróttamannsins] sé ekki bara að auka gleði og þægindi hans sjálfs. Hið fjarlæga takmark [væri] að lyfta hærra andlegu og líkamlegu þreki allar þjóðarinnar og glæða ættjarðarást og þjóðrækniskap fólksins“. <sup>76</sup> Seinna í greininni segir Ólympíuverðlaunahafinn Tönsberg að íþróttaiðkun sé málstaður

<sup>73</sup> Stefán Jónsson, *Jóhannes á Borg*. Reykjavík 1964, bls. 92.

<sup>74</sup> *Próttur* 5. árg. 2. tbl. mars 1922, bls.21.

<sup>75</sup> *Próttur* 5. árg. 3. tbl. apríl 1922, bls.37.

<sup>76</sup> Reidar Tönsberg, „Vegur og takmark íþróttamannsins.“ *Próttur*. 5. árg. 6. tbl. september 1922, bls. 62–63.



sem eining ætti að ríkja um og í kringum hann geti allir safnast saman, ungir og gamlir, konur og karlar, ríkir og fátækir. Samkvæmt orðum Tönsbergs var íþróttamaðurinn ekki eingöngu einstaklingur heldur var hann ábyrgur fyrir einhverju öðru og meira en eigin frammistöðu. Honum var skylt að lyfta upp þreki þjóðarinnar og tendra ættjarðarást í brjóstum fólks.<sup>77</sup>

#### 2.4 Aðgengi kvenna að íþróttum erlendis

Íþróttahreyfingin varð til á þeim tíma þegar hugmyndir um „hið náttúrulega eðli“ kvenna voru í algleymingi en þær settu konum stólinn fyrir dyrnar þegar kom að íþróttabátttöku. Þessar hugmyndir ríghéldu konum við barnsburð og uppeldi og gerðu ekki ráð fyrir þátttöku þeirra á neinum öðrum sviðum samfélagsins. Karlmannlegu eðli og kvenlegu eðli var stillt upp sem andstæðum með fáa sem enga snertifleti. Karllegt eðli var talið athafnasamt, rökvíst, sterkt, óháð og sjálfstætt á meðan konur, innblásnar af hinu kvenlega eðli, voru sagðar órökvísar, veikburða og létu stjórnast af skapsveiflum og tilfinningum.<sup>78</sup> Þegar kom að þátttöku kvenna í íþróttum gætti ákveðinnar þversagnar. Á meðan konur voru víðast hvar hvattar til þátttöku í skipulagðri hreyfingu, leikjum og íþróttum var þeim að sama skapi meinud þátttaka í keppnum og þeim greinum sem ekki þóttu hæfa eðli kvenna.

Skrifum de Coubertins um íþróttir, gildi þeirra og Ólympíuleika, sem voru í mjög uppskrúfuðum stíl, var ætíð beint til alls mannkyns en þó dylst engum að hugsjónir og íþróttakeppnir voru ekki fyrir alla. De Coubertin var alla tíð mjög andvígur keppni kvenna og lét þá skoðun óspart í ljós í skrifum sínum. Dýrðarljómi ólympíusigurvegarans var aðeins fyrir karlmenn og samkvæmt de Coubertin „getur hin eina sanna ólympíuhetja aðeins verið karlmaður“ og „engin kona getur tekið þátt í íþróttagreinum sem karlmenn stunda“.<sup>79</sup> Í augum de Coubertins var keppnisandinn og sú upphafning mannsandans sem honum fylgdi heilagur og algerlega forboðinn konum. Þessi þankagangur átti sér líka efnislega hliðstæðu. Þótt kvenkyns keppendum hefði tekist að komast að sem ólympískir keppendur eftir krókaleiðum í t.d. tennis og bogfimi frá og með leikunum 1900 var þeim meinaður aðgangur að altari ólympíuandans, Ólympíuleikvangnum sjálfum, þar til árið 1928. „Konur eiga ekkert erindi inn á Ólympíuleikvanginn nema þá til að krýna

<sup>77</sup> sama

<sup>78</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls.31.

<sup>79</sup> Yves-Pierre Bouloungene, „Pierre De Coubertin and woman's sport“. *Olympic Review*, bls. 24. Beinar tilvitnanir í de Coubertin eru úr *Sport Sussie* 4. júlí 1934 og *Le Journal* 27. ágúst 1936 en fengnar úr enskri þýðingu á verkum de Coubertins. *Olympism : selected writings*. Norbert Müller ritstýrði. Útgáfustaðar ekki getið. 2000.

sigurvegarana, sviti kvenna saugar Ólympíuleikvanginn“ voru orð de Coubertins og Alþjóðaólympíunefndin (IOC) var honum leiðitóm í þessu efni.<sup>80</sup> Það var annars engin nýlunda að konum væri meinaður aðgangur að íþróttaleikvöngum. Slíkt hafði tíðkast t.d. á Bretlandi á fyrstu áratugum 20. aldar en lagðist af á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld, enda stóðu leikvangarnir svo gott sem tómir á stríðsárunum og íþróttakonur færðu sér það í nyt.<sup>81</sup>

Það var því ekki þrautalaust fyrir konur að komast að sem ólympískir keppendur úr því að de Coubertin sem og stjórn Alþjóðaólympíunefndarinnar lögðu blátt bann við þátttöku þeirra. Þar sem Ólympíuleikarnir 1900 og 1904 voru haldnir í tengslum við heimssýningar hafði nefndin þó ekki fulla stjórn mála og því varð úr að konur tóku þátt í bogfimi, golfi og tennis. Þó að konum hefði verið laumað inn á meðal keppenda á fyrstu leikunum fékk ólympíunefndin með de Coubertin í fararbroddi því framfylgt að þær sýndu aðeins íþróttir en kepptu ekki í þeim. Dans, fimleikar og hvers kyns íþróttir þar sem hið mjúka, brothætta eðli kvenna var dregið fram hlutu náð fyrir augum Alþjóðaólympíunefndarinnar sem sýningargreinar. Á leikunum í London árið 1908 var keppt um verðlaun í einliðaleik kvenna í tennis en konur höfðu áður aðeins keppt með karlmönnum í blönduðum greinum, s.s. í tennis og siglingum. Það var svo ekki fyrr en á leikunum í Stokkhólmi 1912 að konur fengu að spreyta sig á íþróttgreinum þar sem frammistaða var mæld í metrum og sekúndum.<sup>82</sup>

Ein helstu rökin gegn þátttöku kvenna í keppnisíþróttum byggðu á 19. aldar hugsunarhætti um hið veikara kyn sem væri jafn brothætt og postulín. Efast var um að konur hefðu líkamlega getu til að stunda íþróttir og því velt upp hvort hreyfing, og þá sérstaklega keppni, myndi ekki skaða æxlunarfæri kvenna. Vitnað var til misvísindalegra rannsókna sem flestar bar að sama brunni. Hófsamleg og mjúk hreyfing væri holl heilsu kvenna en öll áreynsla gæti skaðað innri æxlunarfæri, auk þess sem líkami kvenna væri of viðkvæmur til að standast mikið álag.<sup>83</sup> Sem dæmi má nefna að allt fram á þriðja áratuginn var talið að leg kvenna hreyfðist úr stað við hvert hopp eða stökk. Sams konar vangaveltur varðandi frjósemi og íþróttir voru hins vegar aldrei viðhafðar hvað karlmenn varðaði, þó svo að kynfæri karla séu mun viðkvæmari en kvenna og ófrjósemi karla vegna íþróttaiðkunar væri í raun mikið vandamál. Það var ekki fyrr en eftir seinni heimsstyrjöld sem það var formlega viðurkennt að kynfæri karla ættu á hættu að skaddast verulega við

<sup>80</sup> Yves-Pierre Boulongene, „Pierre De Coubertin and woman's sport“. *Olympic Review*, bls. 24.

<sup>81</sup> Jennifer Hargreaves, *Sporting Females*, bls. 214.

<sup>82</sup> Paula Welch og D. Margaret Costa, „A Century of Olympic Competition.“ *Women and sport: interdisciplinary perspectives*, bls. 125–130.

<sup>83</sup> Pat Griffin, *Strong women. Deep closets: Lesbians and homophobia in sport*. Útgáfustaðar ekki getið. 1998, bls. 31–42.

Íþróttaiðkun og lög og reglur um hlífðarbúnað í ýmsum íþróttagreinum voru samþykktar. Frjósemisvandamál vegna íþróttaiðkunar kvenna hafa hins vegar aldrei verið raunverulegt vandamál, enda eru kynfæri þeirra mun betur varin af náttúrunnar hendi en kynfæri karla.<sup>84</sup>

Goðsögnin um að konur séu of veikbyggðar til að stunda keppnisíþróttir fékk byr undir báða vængi á leikunum í Amsterdam árið 1928 þegar nokkrir keppendur hnigu niður af örmögnun í 800 metra hlaupi þegar konur kepptu í þeirri grein í fyrsta sinn. Þetta var mikið bakslag fyrir íþróttakonur, þar sem atvikið þótti sanna kenninguna um hið brothætta kyn. Þegar konurnar hnigu niður á leikvöllinum í Amsterdam var það notað til að nánast útskúfa þeim úr frjálsum íþróttum á þeim forsendum að þær ættu ekkert erindi í keppnina.<sup>85</sup> Þess má geta að atvikið benti ekki endilega til þess að keppendur hefðu ekki ráðið við vegalengdina eins og Alþjóðaólympíunefndin vildi meina. 800 metra hlaup flokkast undir svokallaðar millivegalendir, eins konar millistig spretthlaups og langhlaups, en þær reyna mikið á útsjónarsemi keppenda og þekkingu á greininni. Sé lagt of hratt af stað, líkt og í spretthlaupi, verða vöðvarnir fljótt súrefnisvana og stirðna upp og örmögnun eða uppgjöf eru algeng byrjendamistök í greininni. Reynsluleysi í keppni hefur líklega orðið til þess að nokkrir keppendur keyrðu sig út í fyrri hluta hlaupsins í Amsterdam 1928. Það er kaldhæðnislegt að hugsa til þess að lélegt úthald, eða algjör skortur á úthaldi, skuli hafa verið notað sem rök gegn íþróttakeppni kvenna. Tíminn hefur leitt í ljós að munurinn á frammistöðu kynjanna er hlutfallslega minnstur í lengstu þolgreininum, t.d. maraþonhlaupi, þrjátíu kílómetra skíðagöngu og tíu kílómetra sundi. Þegar kynjafræðingar fóru að skoða sögu íþróttakvenna og atburðina í Amsterdam 1928 voru þeir fljótir að benda á að samsvarandi atvik, þ.e. örmögnun í keppni, höfðu (og hafa enn) verið sveipuð miklum hetju- og dýrðarljóma. Til dæmis var Dornandi Pietri sem skjögraði yfir marklínuna í maraþonhlaupinu í London 1908, aðframkominn af þreytu, samstundis gerður að hetju og táknmynd fyrir hugrekki og einurð.<sup>86</sup> Eftirmál atvika eins og maraþonhlaupsins í London og 800 metra hlaupsins í Amsterdam sýna svo ekki verður um villst að ólík gildi voru fyrir karla og konur. Það sem skapaði karlkyns keppendum frægð olli konum skömm.

Fræðimenn sem eru sannfærðir um ágæti Ólympíuhugsjónarinnar hafa hnýtt í femínista og póstmóðernista fyrir að snúa út úr orðum de Coubertins. Þeir segja að hann hafi aðeins verið maður síns tíma og afstaða hans ekki úr takti við samfélagið. Einnig benda

---

<sup>84</sup> *Women and sport: interdisciplinary perspectives*. Hluti II Biomeidcal condiderations. Inngangur, bls. 139–143.

<sup>85</sup> Paula Welch og D.Margaret Costa, „A Century of Olympic Competition“, bls. 128.

<sup>86</sup> Gísli Halldórsson, *Íslendingar á Ólympiuleikum*. Reykjavík 2003, bls. 45. Einnig Paula Welch og D. Margaret Costa, „A Century of Olympic Competition.“ *Women and sport: interdisciplinary perspectives*, bls. 130–131.

þeir á að hann hafi alls ekki verið eins harður andstæðingur kvennaíþrótta og skrif hans benda til. Sem dæmi er nefnt að hann lagðist aldrei gegn íþróttaiðkun kvenna; þvert á móti taldi hann að hreyfing væri holl ungum stúlkum. Það er vissulega rétt en þessi einarða afstaða gegn keppni, mælanlegum árangri og afrekum kvenna getur ekki annað en gjaldfellt rök þeirra sem telja hann taka jákvæða afstöðu til íþrótta kvenna, því afreksstefna og keppni eru óaðskiljanlegur hluti íþrótta.<sup>87</sup> Einnig er tæpt að kenna samtímaviðhorfum um afstöðu til íþrótta kvenna því þau 40 ár sem de Coubertin starfaði innan Ólympíuhreyfingarinnar voru einmitt sá tími er skipulagðar kvennaíþróttir komust á koppinn. Félög og samtök voru stofnuð, met skráð, konur fóru að keppa fyrir hönd landa sinna í íþróttum og sækjast eftir menntun sem íþróttakennarar. Andstaða hans við keppni kvenna var því ekki sjálfsagður fylgifiskur samtíma hans, þó að vissulega hafi íþróttaiðkun og keppni kvenna þurft að glíma við mótbyr úr fleiri áttum en frá honum, t.d. frá íhaldssömum kvennahreyfingum beggja vegna Atlantshafsins. Sem dæmi má nefna að Lou Hoover, eiginkona Herberts Hoovers Bandaríkjaforseta, var ötul talskona þess að konur kepptu ekki í íþróttum þar sem það „eyðilegði kvenleikann“.<sup>88</sup>

Alþjóðaíþróttasamband kvenna var stofnað 1920 sem málsvari íþróttakvenna og leiðandi afl í baráttu þeirra fyrir viðurkenningu annarra íþróttasambanda. Sambandið hélt nokkra heimsleika þar sem keppt var í íþróttum sem konum var annars meinað að keppa í, svo sem fótbolta og bardagaíþróttum. Eftir að hreyfingin hafði starfað ötullega í rúman áratug og alþjóðleg stórmót á borð við Ólympíuleika og álfukeppnir opnuðust konum að einhverju leyti klofnaði Alþjóðaíþróttasamband kvenna í tvær hreyfingar. Önnur vildi vinna með Alþjóðaólympíunefndinni og öðrum stofnunum og innlima kvennakeppni í þau mót sem þegar voru til. Hinn armurinn hélt því fram að íþróttahreyfingin hefði sýnt að hún hefði ekkert að bjóða konum og því ættu þær ekki að binda trúss sitt við karlaíþróttir. Innan Alþjóðaíþróttasambands kvenna voru líka íhaldssamari raddir sem töldu að konur hefðu yfirhöfuð lítið í keppnisíþróttir að gera. Við klofninginn missti hreyfingin mesta slagkraftinn en deilurnar voru í raun aldrei útkljáðar því seinni heimsstyrjöldin lamaði algerlega flestallar íþróttagreinar á Vesturlöndum. Eftir stríð var það nánast sjálfgefin niðurstaða að taka upp fleiri kvennagreinar á mótum eins og Ólympíuleikunum.<sup>89</sup>

---

<sup>87</sup> Boulongene, Yves-Pirre, „Pierre De Coubertin and woman's sport“. *Olympic Review*, bls. 23.

<sup>88</sup> Joan S. Hult, „The Story of Women's Athletics: Manipulating a Dream 1890 – 1985“, bls.90.

<sup>89</sup> Paula Welch og D.Margaret Costa, „A Century of Olympic Competition“, bls.129.

## 2.5 Þjóðernisleg karlmennska og íþróttir

Íslenska íþróttaförystan var frjálslyndari en víða annars staðar á Vesturlöndum þegar kom að íþróttaiðkun kvenna. Hafi farið fram umræða um það hvort halda ætti konum markvisst frá íþróttaiðkun og keppni í íþróttum hefur hún allavega ekki farið hátt. Hins vegar er engum blöðum um það að fletta að hin upphafna ímynd af íþróttahetjunni sem ritstjórar, fræðimenn, íþróttamenn og þjálfarar drógu upp var sniðin að karlmönnum. Jóhannes á Borg tekur það strax fram þegar hann lýsir hlutverki íþróttafélaganna að þau ættu að „ala upp forystulið þjóðarinnar, hámenntaða menn í hinum nytsömum fræðum og þrautþjálfaða í íþróttum“.<sup>90</sup> Það er ef til vill fulldjúpt í árinni tekið að túlka þessi ummæli Jóhannesar líkt og þau væru andsnúin konum en samt sem áður var slíkt orðalag tilbrigði við algengt stef í orðfæri samtímamanna Jóhannesar. „Ákall til hraustra manna“, „allir drengir ættu að...“ og svo framvegis er kunnuglegt orðfæri úr *Skinfaxa* og *Þrótti* þegar kom að því að brýna æsku landsins til að snúa sér að íþróttum. Íþróttavinur einn sem skrifaði í *Fjallkonuna* árið 1909 mælti fyrir stofnun skautafélags með eftirfarandi orðum:

Það má óhætt fullyrða, að land vort á fleiri vaska syni en þá, þótt það sé ekki komið í ljós enn þá; en vonandi er, að það sjáist áður langir tímar líða, ef Ungmennafélögum fjölgar. Áfram ungu Íslendingar, landi voru og þjóð til heilla! - íþróttavinur.<sup>91</sup>

Við lestur *Þróttar* og sérstaklega *Skinfaxa* virðist meginreglan vera sú að drengir séu ávarpaðir sérstaklega þegar um íþróttir er að ræða, en „drengir og stúlkur“ eða almennara ávarp notað þegar rætt er um almennari hluti eins og málrækt, gróðursetningu og aðrar þjóðlegar dyggðir. Gott dæmi um slíkt er frásögn *Skinfaxa* af stofnun Skautafélags Hafnarfjarðar árið 1911. UMF 17. júní stóð að stofnuninni og greinir *Skinfaxi* frá því að um 30 áhugasamir félagar, bæði karlar og konur, hafi staðið að stofnuninni. Fréttatilkynningin endar hins vegar á eftirfarandi orðum: „Það er von að stofnun þessa nýja félags verði til þess að glæða áhuga ungra manna á vetraríþróttum og keppni“.<sup>92</sup> Vissulega er orðið „maður“ stundum notað eins og óákveðið fornafn en í þessu tilviki, sem og mýmörgum öðrum, var lýsingarorðum skeytt fyrir framan sem karlgerir ákallið ennþá meira, þrátt fyrir að frumlagið „30 áhugasamir félagar, karlar og konur“ vísi til beggja kynja.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að hugmyndir um íþróttaiðkun og -keppni voru nátengdar hugmyndum um karlmennsku alla 20. öldina og íþróttir jafnan taldar

<sup>90</sup> Stefán Jónsson, *Jóhannes á Borg*, bls.92.

<sup>91</sup> *Fjallkonan*. 9. tbl. 26. árg. 13. mars 1909, bls. 35.

<sup>92</sup> *Skinfaxi*. 1. árg. 2. tbl. 1. nóvember 1909, bls. 11

birtingarmynd hennar. Almenna útskýringin er sú að úr því að íþróttir voru fyrst og fremst vettvangur karla og karlmennsku útilokaði það konur frá þátttöku og áhrifum. Karlmennska og kvenleiki voru talin tvö ólík hugtök eða jafnvel andstæðupar sem ekki gat átt saman fremur en tvö sjálfstæð hugtök sem hvorugt útilokar hitt. Rauði þráðurinn í allri baráttu íþróttakvænna hefur nær alltaf verið að kvenleiki þurfi ekki að útiloka karlmennsku og bæði þessi hugtök geti átt heima innan íþróttar.<sup>93</sup>

Á Íslandi var römm taug milli karlmennsku og íþróttar og svo virðist hafa verið frá fyrstu tíð. Strax árið 1858 var rætt í *Nýjum félagsritum* að koma þyrfti á fót heræfingum þar sem íþróttum var ætlað að kenna karlmönnum að bera sig vel og karlmannlega.<sup>94</sup> Karlmennskuhugmyndirnar voru einnig tengdar við hetjur fornaldar enda átti hin glæsta gullöld að fylla hina ungu íþróttamenn eldmóði og hvetja þá til afreka, eins og bækur og greinarskrif Björns Bjarnasonar sýna. Ritstjórar og blaðamenn fundu fljótt snertiflötinn milli hugmynda um íslenskt þjóðerni og gullöldina. Líkt og blaðamaður *Ingólfs* komst að orði árið 1912:

En eigi er það heimtanda af hverjum manni, að hann sé jafnoki Grettis. En hitt má hver maður gera, sem margir ungir menn leggja nú í vana sinn, að auka sjálfum sér áræði og karlmennsku [...] Allir áhugasamir íþróttamenn temja sér karlmennsku.<sup>95</sup>

Grettir varð eins konar leiðarstef í umfjöllun um sund á fyrstu tveimur áratugum 20. aldar á meðan íþróttamenn á þurru landi leituðu meira í Gunnar og Skarphéðinn eftir fyrirmyndum um karlmennsku og hreyfingu.

Tenging íþróttar við karlmennsku ýtti konum út á jaðarinn þar sem hugtökin voru talin ósamræmanleg. Kastljósinu var sífellt beint að piltunum og þeir einokuðu völlinn, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu, ef marka má orð landlæknis við setningu á allsherjarmóti ÍSÍ árið 1939:

Íþróttirnar stæla vöðvana, styrkja heilsuna, magna kjark og áræðni; drengirnir okkar sem alast upp á íþróttavellinum, þeir eru manna lang-líklegastir til að nema land á ný, elska landið, græða landið, ganga þar fram sem erfiðast er, og berjast með hnúum og hnefum.<sup>96</sup>

<sup>93</sup> Louis Bryson, „Sport and the Maintenance of Masculine Hegemony,“ bls. 47–62. Sjá einnig Jennifer Hargreaves, *Sporting Females*, bls. 8–9

<sup>94</sup> *Ný Félagsrit*, 19. árg. 1. janúar 1858, bls. 99.

<sup>95</sup> *Ingólfur*, 11.árg. 1. tbl. 7. janúar 1913, bls. 2.

<sup>96</sup> *Tíminn* 15. júní 1939, bls. 272.

Landlæknir virðist vera sannfærður um hlutverk íþróttanna sem hluta af endurreisn lands og þjóðar. Ennfremur er hann ekki í vafa um að þetta hlutverk íþróttanna sé karlmönnum einum ætlað. Jafnvel þeir sem fjölluðu um íþróttir kvenna á jákvæðan hátt, líkt og Björn Bjarnarson<sup>97</sup>, hikuðu ekki við að beina ákalli sínu um aukna þátttöku í íþróttum eingöngu til drengja. Í greininni „Betur má ef duga skal“, þar sem Björn rakti alhliða ávinning þjóðarinnar af íþróttaiðkun með tilvísun til íþróttahetja miðalda, klykkti hann út með orðunum „Fjallkonan stendur með fætur í sjó, en synir hennar flestir væta sig ekki ótilneyddir nema í volgu“.<sup>98</sup> Séra Friðrik Friðriksson, stofnandi Vals og Hauka, var einn ötulasti boðberi hugmynda um þjóðerni í tímaritum á borð við *Æskuna*. Hann sló einnig á svipaðar nótur og *Skinfaxi* í skrifum sínum og kallaði á drengi til að hlýða herkvaðningu nýrra tíma, m.a. þegar hann hvatti drengi, stúlkum fremur, til að taka þátt í ritgerðarsamkeppni byggðri á *Laxdælu*.<sup>99</sup>

Konur voru ekki eingöngu jaðarsettar með orðalagi. Samneyti við þær gat beinlínis verið skaðlegt árangri í íþróttum. Í grein um veg og takmark íþróttamannsins sem norski þjálfarinn Reidar Tönsberg skrifaði í *Skinfaxa* kemur fram einkennilegt viðhorf í garð kvenna. Upphaf greinarinnar, sem fjallað var um áður, er eins konar stefnuyfirlýsing Tönsbergs um ávinning íþróttanna fyrir land og þjóð og hvernig íþróttir voru málstaður sem eining átti að ríkja um. Fólk átti að finna í brjóstum sér hvöt til að flykkja sér um málstaðinn. Í seinni hluta greinarinnar þrengir hann efnistöð sína og ræðir um íþróttaiðkunina sjálfa, æfingar, æfingaálag og þess háttar. Þar kveður við annan tón. Eftir þónokkrar útlistanir um almenna þjálfun er tíundað að ásamt því að reykja hvorki né drekka áfengi ættu íþróttamenn að láta konur í friði.

Því er augljóst að íþróttamaðurinn sem búið er að hefja til hæstu hæða er karlmaður en þeir sem ekki falla í þann flokk mega gjarnan safna sér um málstaðinn,<sup>100</sup> sem óvirkir áhorfendur en ekki þátttakendur í atburðunum. Einnig er gefið í skyn að konur séu eins konar hindrun á vegi íþróttamannsins til vegsemdar og virðingar. Sú goðsögn að íþróttamenn ættu ekki að sofa hjá konum á meðan æfingum og keppni stendur var lífseig út öldina og lifir enn góðu lífi.<sup>101</sup> Margir myndu ef til vill kalla það oftúlkun að tengja þessa goðsögn við viðhorf sem eru fjandsamleg stúlkum og segja hana frekar hversdagslega

<sup>97</sup> Björn var fyrstur Íslendinga til að skrifa um glímuiðkun kvenna árið 1908 í bók sinni *Íþróttir fornanna*.

<sup>98</sup> Björn Bjarnason, „Betur má ef duga skal“, bls. 254.

<sup>99</sup> *Æskan* 11. árg. 25–26 tbl. 15. desember 1908, bls. 99.

<sup>100</sup> Reidar Tönsberg, „Vegur og takmark íþróttamannsins.“ *Próttur*, bls. 63.

<sup>101</sup> Jennifer Quinn, „The myths of sex before sport.“ *BBC online magazine* 12. ágúst 2004.  
[www.bbc.co.uk/news/magazine/](http://www.bbc.co.uk/news/magazine/)

hjátrú sem ekki bæri að taka mark á. Staðreyndin er þó sú að þessi goðsögn tengir slakan árangur við konur og gerir ráð fyrir að einungis karlar geti verið íþróttamenn.

Í *Heilsufræði íþróttanna* er slegið á svipaða strengi. Bókin, sem er lítið kver og inniheldur ráðleggingar til íþróttamanna um þjálfun, æfingaálag og árangur, var þýdd af Benedikt Waage og landlækni og gefin út árið 1925. Eftir útlistanir um æfingar, æfingaálag og æskilegt mataræði segir að íþróttamenn skuli halda sig frá öllum kynferðisathöfnum á meðan æfingatíma stendur og í keppni.<sup>102</sup> Þar með birtist stefið aftur og nú ekki í hvatningarorðum þjálfara heldur útgefið af landlækni. Bókin dregur aðeins í land með því að karlgera ekki ákallið um skírlífi, líkt og Tönsberg, en samt sem áður dylst engum sem textann les að henni er beint ákveðið og eingöngu til karlmanna, enda tóku konur ekki að samsvara sig þessari goðsögn fyrir en á níunda áratugnum.<sup>103</sup>

Það kemur glöggt fram í máli bæði íþróttamanna og íþróttaforkólfa að íþróttamaðurinn er í raun karlmaður og konur koma þar hvergi nærri. Íþróttum var ætlað stórt hlutverk innan þjóðríkisins, að bera hróður Íslands út fyrir landsteinana, stuðla að endurvakningu mannsandans og vera þjóðinni til heilla. Öll þessi ábyrgðarhlutverk hvíldu fyrst og fremst á herðum karlmanna. Á íþróttamannafundinum árið 1919 voru vallarmál efst á baugi, enda þarfnadist Melavöllurinn sárlega endurbóta og var vart nothæfur. Sigurjón Pétursson, glímukappi, Ólympíufari og einlægur íþróttavinur, hélt þar eldræðu að sögn *Morgunblaðsins*, þar sem hann ræddi um hlutverk Melavallarins í víðara samhengi og bað fundarmenn um að skoða málin frá uppeldislegum og þjóðlegum sjónarmiðum. Sigurjón brýndi fyrir fundarmönnum mikilvægi uppbyggingu íþróttastarfs með eftirfarandi orðum:

Ég vona að hér sé enginn sem óski þess að þjóðin verði að aumingjum. Og til þess að bjarga ykkur sjálfum, vinum yðar, konum yðar og börnum, þá verðið fyrirmynd sjálfir. Verið sjálfir reglusamir, verið sjálfir hraustir, sterkir og heilbrigðir. Hjálpið til þess að þessi kynslóð verði enn betri, hraustari og heilbrigðari menn en sú síðasta.—*Verið íþróttamenn með lífi og sál.* [...] þjóðinni til heilla.<sup>104</sup>

Eins og sjá má á máli Sigurjóns var hann, eins og margir samferðamenn hans, sannfærður um ágæti íþróttanna fyrir samfélagið allt en taldi það vera í verkahring karlmanna að bera þær á herðum sér. Samt sem áður er ekki hægt að væna Sigurjón um að hafa markvisst útilokað konur frá íþróttum þótt hann hafi jaðarsett þær. Dóttir Sigurjóns, Sigríður Sigurjónsdóttir,

<sup>102</sup> Knud Secher, *Heilsufræði handa íþróttamönnum*, bls. 13.

<sup>103</sup> Jennifer Quinn, „The myths of sex before sport.“

<sup>104</sup> *Morgunblaðið* 26. nóvember 1919, bls 3.



átti síðar meir eftir að verða frækin sundkona og fór meðal annars til Skotlands til að ljúka sundprófi<sup>105</sup> sem hún stóðst með glæsibrag. Hún átti ennfremur eftir að verða forstöðukona og einn aðalsundkennari nýju Sundhallarinnar, sem enn hafði ekki enn verið reist.<sup>106</sup> Sigríður hefði varla fetað þessa braut sem svo fáar konur á þessum tíma gerðu ef ekki hefði verið fyrir stuðning föðurs síns.

Það er því augljóst að íþróttahetjan var karlmaður. Hugmyndin um íþróttamanninn þjónaði söguskoðun og þjóðernisvitund aldamótakynslóðarinnar vel. Hann átti sterkar rætur í gullöld Íslendinga og gat verið hluti af endurreisn þjóðarinnar. Íþróttamanninum var einnig ætlað að vera fulltrúi Íslands á erlendri grund og þá sérstaklega í menningarlegu samhengi, því hann átti að breiða út ágæti íslenskrar menningar, einkum glímunnar, enda var vitað fyrir að afreka var ekki að vænta af Íslendingum í keppnisíþróttum á alþjóðlegum vettvangi að svo stöddu. Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur hefur rannsakað tengsl valda, þjóðernis og kyngervis og komist að þeirri niðurstöðu að orðræða þjóðernishyggju á Íslandi hafi hverfst um karlmennsku.<sup>107</sup> Hin karllæga ímynd íþróttamannsins sem endurspegladi hvað fæli í sér að vera Íslendingur var skilgetið afkvæmi þessara hugmynda.

## 2.6 Staða íslenskra íþróttakvenna innan hugmyndaramma um þjóðerni og íþróttir

Í ljósi þessarar samantektar um samspil þjóðernis, íþróttar og karlmennsku er fróðlegt að skoða nánar stöðu íslenskra kvenna innan þessa ramma. Heimildir eru fáorðar um íþróttaiðkun kvenna á fyrri hluta 20. aldar og margar blindgötur blasa við. Meistaraprófsritgerð hefur verið skrifuð um Ingibjörgu H. Bjarnason, sem fyrst kvenna lauk prófi frá íþróttaskóla, en engin þeirra gagna sem varðveist hafa eftir Ingibjörgu bera vott um viðhorf hennar eða afstöðu til íþróttar og í raun er á huldu af hverju þetta nám varð fyrir valinu hjá henni. Þó skal ekki útiloka að konur eins og Valgerður Jónsdóttir, sem kenndi fyrst leikfimi við Kvennaskólann, hafi kynnst leikfiminni í Danmörku og líklega hafa einhverjar heldri frúr í bænum þekkt til íþróttamenningar Dana. Enn önnur blindgatan er knattfélag Kvennaskólans í Reykjavík sem getið var um í fyrsta kafla. Einu heimildirnar um þetta knattfélag er mynd sem birtist í 100 ára afmælisriti Kvennaskólans árið 1974. Á myndinni eru 23 stúlkur en athygli vekur að í myndatexta þar sem nöfn skólastúlkna eru talin upp er tekið fram sérstaklega hverjar af þeim hafi verið skólastúlkur og hverjar utan skóla. Um helmingur stúlkna eða 11 eru utan skóla, sem þýðir að íþróttaiðkun

<sup>105</sup> *Lesbók Morgunblaðsins* 12. maí 1935, bls. 151.

<sup>106</sup> *Morgunblaðið* 17. mars 1937, bls. 7.

<sup>107</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 359–367.

Kvennaskólastúlkna hafi náð út fyrir raðir nemenda. Einnig bendir fjöldinn sterklega til þess að þarna hafi verið um tvö lið að ræða sem spilað gátu hvort á móti öðru.<sup>108</sup>

Tilraunastarfsemi íslenskra kvenna á fyrsta áratug 20. aldar náði ekki aðeins til knattspyrnu heldur líka glímu. Í formála að bókinni *Íþróttir fornanna* sem kom út árið 1909 ræðir Björn Bjarnason um endurvakningu íþróttanna í landinu og segir að „jafnvel stúlkurnar“ séu farnar að glíma.<sup>109</sup> Glíma stúlkanna þykir Birni gott mál og þarft. Hins vegar er hvergi minnst á þessar stúlkur annars staðar en hjá Birni og lítið hefur því orðið úr glímuiðkun kvennanna, enda kepptu konur ekki opinberlega í glímu fyrr en áttatíu árum eftir að Björn gat kvennanna. Glímuiðkun íslenskra kvenna er því enn ein blindgatan, líkt og knattleiksfélag Kvennaskólastúlkna árið 1901.<sup>110</sup>

Álíka dæmi um langa fjarveru kvenna frá svokölluðum „þjóðariþróttum“ má finna um alla Norðurálfu. Í Finnlandi og Kanada hafa verið gerðar rannsóknir á þeim íþróttum sem titlaðar eru þjóðariþróttir. Niðurstaða rannsóknanna var nánast samhljóða um að þjóðariþróttir væru sérsvið karlmannna. Karlmennska og þjóðariþróttir voru tryggilega samtvinnaðar og með hjálp goðsagna og orðræðu væru yfirráð karlmannna tryggð. Þjóðariþróttin í hverju landi fyrir sig tók þátt í að móta og styrkja sjálfsmynd karlmannsins.<sup>111</sup> Svipuð rannsókn hefur verið gerð á þróun kvennaknattspyrnu í Evrópu og þar komust rannsakendur að sömu niðurstöðum, enda er knattspyrna nokkurs konar þjóðariþrótt víðast hvar í þeim skilningi að hún hefur háa iðkendatölu og hefur ávallt dregið að sér mesta athygli fjölmiðla.<sup>112</sup> Þessi útskýfun kvenna úr „þjóðariþróttum“ var að hluta til byggð á stofnana- og regluvæðingu íþróttanna. Mörg dæmi frá bæði Evrópu og Norður-Ameríku sýna að konur hafi á fyrstu árum skipulagðrar íþróttahreyfingar gert tilraunir til að stunda allflestar íþróttir við hlið karlmannna en um leið og íþróttahreyfingin stofnanavæddist hurfu þær af sjónarsviðinu. Stofnanavæðing gerði það að verkum að íþróttirnar voru ekki lengur iðkaðar „að neðan“ heldur var myndaður rammi utan um þær. Sá rammi náði ekki

<sup>108</sup> *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874–1974*, bls. 71.

<sup>109</sup> Björn Bjarnason, *Íþróttir fornanna á Norðurlöndum*, bls. I

<sup>110</sup> Þótt knattleiksfélag þurfi ekki endilega að þýða knattspyrnufélag verður að teljast líklegt að hér sé um knattspyrnu að ræða, þar sem það var eina knattíþróttin sem hafði numið land á þessum tíma. Handbolti og blak komu ekki til landsins fyrr en á þriðja áratugnum. Myndaritstjóri afmælisrits Kvennaskólans þvertók fyrir að þarna væri um knattspyrnu að ræða en gat ekki rökstutt það á neinn hátt. Þar sem ekki eru til neinar heimildir fyrir öðru verður að teljast langlíklegast að knattleiksfélagið hafi sparkað í bolta

<sup>111</sup> Riita Pirinen, „Catching up with men? Finnish newspaper coverage of woman’s entry into traditionally male sports,“ bls. 94–105. Einnig Nancy Theberge, „Challenging the gendered space of sport: Women’s ice hockey and the struggle for legitimacy.“ *Gender and Sport. A Reader*. New York og London 2002, bls. 292–301.

<sup>112</sup> Gertrud Pfister, Kari Fasting, Sheila Scaton og Benilde Vázquez, „Women and football – a contradiction? The beginnings of women’s football in four European countries.“ *Gender and Sport. A Reader*. London og New York. 2002, bls. 67–75. Sjá einnig Nancy Thebridge, „Toward a Feminist Alternative to Sport as a Male Preserve.“ *Women, Sport and Culture*. Útgáfustaðar ekki getið. 1994, bls. 181–191.

bara til iðkendatala, félagsgjalda og samræmingu reglna, æfinga og svo framvegis, heldur einnig til óskráðra reglna og hefða. Þar með innleiddi stofnanavæðing íþróttaregluranna, gildi og viðmið sem jaðarsettu kvennaíþróttir og ýttu þeim svo langt út á kantinn að þær íþróttir sem ekki samræmdust fyllilega hugmyndum um kvenleika og viðeigandi hegðun kvenna dattu upp fyrir.<sup>113</sup>

Engar heimildir benda til þess að stofnun Íþróttasambands Íslands eða Ungmennafélags Íslands, tveggja stærstu íþróttasambanda Íslands á 20. öld sem bæði voru stofnuð fyrir 1920, hafi kviksett kvennaíþróttir. Þó verður að teljast umhugsunarvert að bæði fótbolti og glíma, sem falla undir skilgreiningu á þjóðariþróttum, voru stundaðar af íslenskum konum í upphafi. Iðkun þeirra var þó afar stutt og virðist hafa fallið um sjálfa sig á stuttum tíma og líkt og annars staðar í Evrópu og Bandaríkjunum. „Þjóðariþróttirnar“ eru líka þær íþróttir sem konum stóðu hve lengst lokaðar. Sem dæmi má nefna að kanadískar konur gerðu tilraunir til að stunda íshokki um aldamótin 1900 en annars spurðist lítið til kvennaishokkis þar til um 1980 þegar greinin var tekin upp sem keppnisgrein fyrir konur. Sömu sögu er að segja af íslensku glímunnni en áttatíu ár liðu frá því að fyrst er getið um glímuiðkun íslenskra kvenna þar til þær kepptu í greininni. Það er nánast nákvæmlega jafn langur tími og í sögu kanadíska kvenishokkísins.

Íslenskar konur reyndu örlítið fyrir sér í knattspyrnu á fyrstu áratugum 20. aldar. Áður hefur verið greint frá knattleiksfélagi Kvennaskólans, sem líklega hefur lagt stund á einhvers konar knattspyrnu. Ungmennafélag reykvískra stúlkna, Iðunn, ráðgerði að koma af stað knattspyrnuíðkun um 1910, þó ekki hafi úr því orðið,<sup>114</sup> og á Ísafirði var kvennaknattspyrnufélagið Hvöt stofnað árið 1919, en það starfaði í nokkur ár og spilaði meðal annars á móti drengjafélögum úr bænum.<sup>115</sup> Árið 1915 komu saman nokkrar stúlkur úr miðbæ Reykjavíkur og fóru að sparka knetti undir merkjum Víkings og nutu leiðsagnar Axels Tulinius, þjálfara Víkings, sem auk þess var formaður ÍSÍ. Boltasparkið hjá miðbæjarstelpunum varð ekki langlíft því þær lögðu upp laupana eftir nokkra mánuði. Anna Borg leikkona var ein af þeim og segir hún í endurminningum sínum að þeim hafi verið linnulaust strítt fyrir uppátækið, auk þess sem móðir hennar hafi sagt henni að stúlkur fengju klunnalega fætur af því að leika knattspyrnu. Anna segir ennfremur að mæður annarra knattspyrnustúlkna hafi tekið til svipaðra ráða til að halda dætrum sínum frá

---

<sup>113</sup> Sheila Scaron, Gertrud Pfister, Kari Fasting og Benilde Vázquez, „Women and football – a contradiction? The Beginnings of women’s football in four European countries“, bls. 67–75.

<sup>114</sup> Fundargerðarbók Iðunnar. 14. júní. 1909.

<sup>115</sup> Víðir Sigurðsson, *Knattspyrna í heila öld*. Reykjavík 1997, bls.57–58.

fótboltanum.<sup>116</sup> Ásthildur Bernhöft var líka ein stúlknanna sjö og tók hún í sama streng og Anna. Þótt Axel hafi verið allur af vilja gerður til að koma til móts við þær hafi jafnöldrum þeirra þótt uppátækið fyndið og gert grín að þeim. Goðsögnin um að knattspyrnuíðkun kvenna valdi stórum og klunnalegum fótum varð mjög lífsseig út alla öldina.

Erfitt er að gera grein fyrir því nákvæmlega af hverju kvennaknattspyrnan dagaði uppi en ljóst þykir af frásögnum Önnu Borg og Ásthildar Bernhöft að ekki hafi allir verið dús við knattspyrnuíðkun kvenna, þó að Axel Tulinius hafi tekið þær undir verndarvæng sinn. Jón Birgir Pétursson, höfundur 70 ára afmælisrits Víkings, orðar það hæverkslega og segir að kvennaknattspyrnan hafi átt sér óvildarmenn þótt þeir ynnu leynt.<sup>117</sup> Ekki hafa fundist neinar haldbærar heimildir um þessa meintu óvildarmenn en samkvæmt frásögnum Önnu og Ásthildar voru þeir vissulega til staðar.

Svipaða sögu er að segja af tilraunum kvenna til að stunda knattspyrnu í Evrópu á fyrstu áratugum 20. aldar. Í rannsókn sem gerð var á upphafi kvennaknattspyrnu í fjórum löndum, Spáni, Noregi, Englandi og Þýskalandi, kom sama mynstrið í ljós. Tilviljanakennd kvennalið spruttu upp á fyrstu áratugum 20. aldar en öll áttu þau það sameiginlegt að starfa stutt og jafnvel leggja upp laupana án þess að hafa leikið einn einasta leik. Rannsakendurnir voru sammála um að þó að mörg þessara liða hafi gefist upp án sýnilegrar ástæðu hafi ríkjandi viðhorf átt stærstan þátt í að félögin fengu ekki að vaxa og dafna. Í löndunum fjórum unnu andstæðingar kvennaknattspyrnu ekki „leynt“ eins og hér heima heldur fyrir opnum tjöldum. Kvennaknattspyrna var opinberlega gerð að athlægi og skórinn níddur af þátttakendum, auk þess sem íþróttaförystan í löndunum fjórum fór ekki leynt með þá skoðun sína að fótboltaíðkun græfi undan kvenleika þátttakenda og hefði ýmsar óæskilegar hliðarverkanir. Bar þar mest á hættunni á ófrjósemi auk hegðunarvanda. Konur gætu orðið of kappsfullar og fleira í þeim dúr. Rannsakendurnir túlkuðu þessa andspyrnu sem svo að knattspark kvenna hafi þótt grafa undan hefðbundnum hugmyndum um kynhlutverk, kyngervi og stigveldi. Íþróttir voru helgireitur karlmennsku og helsta birtingarmynd hennar. Þótt heimildir skorti til að gera rækilegan samanburð á upphafi íslenskrar og alþjóðlegrar kvennaknattspyrnu má lesa út úr þeim heimildum sem eru fyrir hendi að þróunin á Íslandi hafi verið svipuð og annars staðar í Evrópu.<sup>118</sup>

Hafi andstaða við íþróttaiðkun kvenna verið til staðar hefur hún ekki farið hátt eða endað í blöðum, fyrir utan endurminningar Önnu Borg og Ásthildar Bernhöft. Þó að

---

<sup>116</sup> Poul Reumert, *Endurminningar Önnu Borg*. Hafnarfjörður 1965, bls. 15.

<sup>117</sup> Ágúst Ingi Ágústsson, *Áfram Víkingur. Saga knattspyrnufélagsins Víkings í 75 ár*. Reykjavík 1983, bls. 19.

<sup>118</sup> Sheila Scaraton, Gertrud Pfister, Kari Fasting og Benilde Vázquez, „Women and football – a contradiction? The Beginnings of women’s football in four European countries“, bls. 67- 75.

umræðan um líkamlegt atgervi kvenna og þátttöku þeirra í íþróttum hafi ekki verið með sama hætti hér og annars staðar í Evrópu og í Bandaríkjunum var kvenhlutverkið í deiglunni fyrstu tvo áratugi 20. aldar. Andlegt atgervi kvenna var sífellt til umræðu frá því að krafan um kosningarétt kvenna var sett fram. Eftir ákveðið frjálslyndi sem ríkti á árunum 1907 til 1911 fór að halla undan fæti og átök urðu um stöðu og réttindi kvenna.<sup>119</sup> Harðastar urðu deilurnar á þriðja áratugnum þegar tekist var á um hvort konur ættu yfirhöfuð nokkurt erindi á opinberan vettvang. Þegar leið á áratuginn varð sú skoðun sífellt háværar að hið eina sanna hlutverk kvenna væri innan veggja heimilisins og skortur á gáfum og rökvisi ylli því að þær gætu ekki verið virkir samfélagsþegnar líkt og karlmenn. Í kjölfar frjálslyndisins 1907–1911 öðlaðist sú hugmynd brautargengi að kynjunum væru frá náttúrunnar hendi áskapaðir séreiginleikar og lítil sem engin skörun væri þarna á milli. Því væri öll hegðun sem gengi þvert á þessar tilteknu hugmyndir á einhvern hátt andsnúin náttúrunni.<sup>120</sup> Svipuð rök, þ.e. að konum væru áskapaðir eiginleikar frá náttúrunnar hendi sem gerðu þær ófærar um að sinna ákveðnum verkum, voru notuð af hatrömmustu andstæðingum kvennaíþróttar erlendis sem gripu til þeirra í tilraunum sínum til að bola konum burt af íþróttaleikvöngum.<sup>121</sup>

Hafi komið til deilna um það á Íslandi hvort konur ættu að stunda íþróttir eða ekki hafa þær umræður að mestu farið fram á lokuðum vettvangi, því ekkert hefur varðveist af prentheimildum sem benda til þess. Þó að lítið hafi verið ritað um konur og íþróttaiðkun kom þó glögg í ljós að þær hugmyndir sem íþróttaförystan hafði um íþróttamanninn og gildi íþróttar sneru ekki að konum, eins og fjallað hefur verið um. Af og til ber þó konur á góma í ræðu og riti og má þá oftast en ekki greina augljós einkenni hugmynda eðlishyggunnar um séreðli kynjanna. Ennfremur er augljóst að í þeim greinum sem fjalla um konur í íþróttum kveður við annan tón en þegar fjallað er um karla. Hinn hugumstóri og stjórnum prýddi afreksmaður er víðs fjarri og lítt minnst á sigra, keppnir eða þjóðarheill.

„Vandaðir unglingar eru bestu ungmennafélagarnir“ var heiti á grein í *Skinfaxa* sem birtist árið 1911 og hefst hún á eftirfarandi orðum:

<sup>119</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinni sanni Íslendingur*, bls. 184–220, sjá einnig Auður Styrkárssdóttir, *Barátta um vald. Konur í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908 – 1922*. Reykjavík 1994, bls. 39 – 47.

<sup>120</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn Sanni Íslendingur*, bls. 294 - 299 Sjá einnig fyrirlestra Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, „Eðli og hlutverk kvenna. Erindi flutt á bændanámskeiði á Egilsstöðum í mars mán. veturinn 1926 af *Sigrúnu Pálsdóttur Blöndal*“, *Hlín*. 10. tbl. 1926, bls. 89–121 og „Enn um eðli og hlutverk kvenna. Eftir Sigrúnu P. Blöndal í Mjóanesi, S.-Múlasýslu“, *Hlín*. 12. tbl. 1928, bls 65 -77.

<sup>121</sup> Sjá til dæmis Louis Bryson, „Sport and the Maintenance of Masculine Hegemony“, bls. 47–62. Einnig Michael A. Messner, „Sport and Male Domination: The Female Athlete as Contested Ideological Terrain“, bls. 65–95. Einnig Mary E. Dunqin, „She flies through the Air with the Greatest of Ease: The Contribution of Feminist Psychology.“ *Women and Sport. Interdisciplinary perspectives*. Útgáfustaðar ekki getið. 1994, bls. 285–302.

Æi, ég er soddan aumingi, æskulýðsfélagið hefir ekkert gagn af mér“. Svona hugsa sumir, til dæmis, sumar umkomulitlar stúlkur, en þeir sem hugsa svo, verða oft bestu félagsmennirnir, því þeir eru oftast hóglyndir og hjartagóðir. Vanta, ef til vill, stórgáfur. Gáfnasmæðin gerir ekkert til, sé hjartað gott og trútt.<sup>122</sup>

Greinin, sem greinilega var skrifuð sem hvatningarorð til stúlkna, fer ekki í grafgötur með að stúlkur séu á einhvern hátt öðrum gáfum gæddar en piltar. Þar af liggur beinast við að þeim sé ætlað annað hlutverk innan félaganna, enda kemur höfundur að því seinna í sömu grein:

Falleg hegðun og siðprúð orð gera félagslífið fallett og hreint. Getur því göfug ung sál, þótt atkvæða-lítill virðist, haft mikil áhrif, bæði *góð og fögur* áhrif. *Góð og falleg* áhrif, þótt frá lítilmagna sé, gera meira gagn, en nokkur hugsar. Þau flytjast oft um víða veröld eins og sólargeislinn.<sup>123</sup>

Greinarhöfundur endar á að ræða um kosti bindindismálsins, án þess þó að koma skýrum orðum að því hvað það hafði með stúlkur að gera. Áfengis- og tóbaksbindindi var eitt af helstu keppikeflum ungmennafélaganna og það er einna helst þegar þau mál ber á góma að stúlkum er gefið rými innan félagsskapparins, a.m.k. í prentmáli, og koma þá fram skýrar hugmyndir ritstjórnar *Skinfaxa* um eðlishyggju og séreðli kvenna. Í grein um tóbaksnotkun sem birtist í *Skinfaxa* árið 1918 tók höfundur skýrt fram að tóbaksnotkun væri ekki kvenleg og „hið göfuga hlutverk konunnar er að vera móðir, þess vegna á hún ekki að neyta tóbaks og því á hún heimting á nærgætni af mannsins hálfu [ef hann reykir]“. <sup>124</sup>Þessi félagslegu og siðbætandi áhrif sem konur geta haft innan íþróttanna voru byggð á hugmyndum um mismunandi eðli kynjanna og þar af leiðandi mismunandi hlutverki þeirra innan íþróttahreyfingarinnar. Oft var talið að konur hefðu á einhvern hátt meira siðferðisþrek til að bera en karlar og þar af leiðandi hvíldi krafan um „réttu“ hegðun frekar á þeirra herðum, þótt greinarhöfundur *Skinfaxa* árið 1912 þvertæki fyrir það:

Á áfengisöldinni var það kvenfólkið sem hélt þjóðinni að hálfu leyti á floti og forðaði henni frá því að sökkva í hið versta foræði. Ætlar kvenþjóðin nú að bila og ganga útá glapstigu karlanna? Ekki svo að skilja, að skyldan til að halda uppi sóma og heilbrigði þjóðarinnar hvíli þyngra á konum en körlum, heldur hitt, að þær eru getumeiri í þeim efnum.<sup>125</sup>

<sup>122</sup> *Skinfaxi* 2. árg. 3. tbl. 1. mars 1911, bls. 23.

<sup>123</sup> sama

<sup>124</sup> *Skinfaxi*. 9. árg. 4. tbl. 1. apríl 1918, bls. 32.

<sup>125</sup> *Skinfaxi* 3. árg 11. tbl. 1. nóvember 1912, bls. 87.

Slík rök voru algeng í þjóðmálaumræðu þessa tíma. Þegar krafan um kosningarétt kvenna og þátttöku í þjóðmálum fór að hljóma var oft gripið til röksemda um séreðli kynjanna til þess að réttlæta kröfuna, t.d. að krafta kvenna væri þörf í „hin mjúku málefni“. Í umræðunni um hlutverk kvenna var ekki síst lögð áhersla á hlutverk þeirra sem mæðra, ekki einungis í persónulegu samhengi heldur einnig stærra samhengi þjóðarinnar; konur skyldu sjá um þjóðaruppeldið og varðveislu þjóðlegra gilda.<sup>126</sup>

Nátengd umræðunni um tóbaksnotkun og bindindi var krafan um heilbrigði. Það liggur í hlutarins eðli að heilbrigðir lífshættir séu bryndir fyrir íþróttamönnum. Íþróttir byggjast á beitingu líkamans og því ríður á að hafa alla limi í góðu formi. Heilbrigði er vissulega forsenda árangurs í íþróttum en hlutverk íþróttar getur verið margþætt. Hugtakið íþróttir nær allt frá því að stunda heilbrigða lífshætti til afreksíþróttar og þar á milli er himinn og haf. Forvígismenn íþróttahreyfingarinnar vissu þetta en oft var málflutningur þeirra ruglandi, því ekki gildi það sama fyrir karla og konur í þessum efnum. Afreksíþróttirnar voru tengdar endurreisn þjóðarinnar og eflingu karlmennskunnar en allir gátu samsvarað sig kröfunni um heilbrigði. Hún er alltaf undirliggjandi, enda engar afreksíþróttir án heilbrigðis, en á meðan heilbrigði var fyrir karlmenn tæki til stórra verka var hlutverk þess hjá konum að gera þær hæfar mæður og húsfreyjur.

Í kvennaskólum 19. aldar var gerð skýlaus krafa um að konur iðkuðu íþróttir undir formerkjum heilsu og heilbrigðis. Hegðun kvenna var stór hluti af íþróttaiðkun þeirra erlendis og vel var fylgst með að þær fetuðu einstigi prúðra stúlkna, þar sem alltaf var hætta á að stúlkunum hlypi kapp í kinn og gerðust of ákafar. Allt íþróttastarf var skipulagt með það í huga að þjóna kvenleikanum en grafa ekki undan honum á nokkurn hátt. Sem dæmi má nefna íþróttabúninga kvenna, sem langt fram á öldina stjórnuðust fremur af kynferði þeirra en því að vera hentugur útbúnaður fyrir hreyfingu. Þetta var allt gert til að búa til fastmótaðan ramma innan íþróttanna sem rúmaði kynferði kvenna án þess að ógna viðteknum hugmyndum um séreðli kynjanna. Hins vegar hrikta stöðugt í þessum ramma, enda var hann ófullkominn að öllu leyti. Nektin sem fylgdi sundinu, hjólreiðar þar sem þarf að sitja klovvega á fararskjóta og hópíþróttir voru allt saman íþróttir þar sem þurfti að takast á við aðstæður sem ekki féllu undir kröfur þess tíma um kvenleika. Hins vegar urðu ekki róttækar breytingar á þessum kröfum heldur sífelld aðlögun að breyttum aðstæðum.<sup>127</sup> Þorgerður Einarsdóttir lýsti í tímaritinu *Ritinu* hugtakinu „passívur femínismi“, sem hún

<sup>126</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinni sanni Íslendingur*, bls. 204–230. Einnig Auður Styrkársoóttir, *Barátta um vald. Konur í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908–1922*, bls. 113–114.

<sup>127</sup> Susan Birrel og Nancy Theberge, „Ideological Control of Women in Sport“, bls. 341–356 Jennifer Hargreaves, „The Victorian cult of the family and early years of female sport“, bls. 59.

notaði yfir konur eða kvannahreyfingar sem hafa unnið að því að útvíkka svið kvenna án þess að ögra gildum og viðhorfum og hafa ekki haft nokkurn áhuga á því. Þorgerður skilur þar með á milli femínískrar hugmyndafræði og kvannahreyfingar, þar sem hún álitur femínismann snúast um pólitískar aðgerðir eða andóf gagnvart ríkjandi viðhorfum á meðan kvannahreyfingar reyni að skilgreina sig utan pólitíkur.<sup>128</sup> Þessi greining hentar vel til þess að lýsa viðhorfum íþróttakvenna á fyrstu áratugum 20. aldar þar sem lítið var um að konur færu viljandi yfir þau mörk sem þeim voru ætluð í þeim tilgangi einum að hrófla við viðteknum gildum.

Á Norðurlöndum, þar sem kvannaíþróttir og þá sérstaklega fimleikar blómstruðu, voru kvannaíþróttir bundnar sterkum böndum við kvenleika og móðurhlutverkið og þjónuðu því fullkomlega. Áður hefur verið getið togstreitu milli tveggja danskra fimleikafrömuða, A.C. Drachmanns og Pouls Petersens. Þótt Petersen hafi tekið aðra og róttækari stefnu í íþróttum en Drachmann var hann fremur íhaldssamur þegar kom að opinberu hlutverki kvenna og í raun enginn sérstakur áhugamaður um kvenfrelsi. Skoðanasystir Drachmanns var hin sænska Madame Österberg, ein helsta talskona og hvatamaður að stofnun kvennaskóla í Svíþjóð. Österberg var sannfærð um ágæti íþróttar til að búa konur undir það hlutverk sem náttúran hafði áskapað þeim, heimilishald og barnaupveldi, og í hennar huga höfðu fimleikar og hvers kyns líkamsrækt það hlutverk eitt að undirbúa konur fyrir mæðrahlutverkið, annars vegar að fegra þær í framkomu og hátterni þannig að þær ættu kost á sem bestu mannsefni og hins vegar að undirbúa líkamann fyrir barnsburð.<sup>129</sup>

Á Íslandi voru uppi svipaðar hugmyndir um íþróttaiðkun kvenna. Strax í þriðja árgangi *Skinfaxa* eru konur hvattar til að stunda íþróttir sér til heilsubótar og íþróttir sagðar auka konum heilbrigði, starfsþrek og kjark.<sup>130</sup> *Kvennablaðið* hvatti lesendur sína til þess að stunda böðin reglulega en undir formerkjum heilbrigðis, hollustu og þrifa án nokkurrar skírskotunar til endurreisnar eða þjóðarheillar. Í ræðu sinni á Vallarfundinum, sem vitnað hefur verið til áður, ræddi Sigurjón Pétursson um heilbrigði og hollan lífsstíl og ávarpaði þar konur til jafns við piltar þegar hann útlistaði heilbrigðislegan ávinning þjóðarinnar ef:

[A]llir ungir menn og ungar stúlkur hættu að reykja, drekka kaffi og annað eitur, en iðkuðu íþróttir, færu í bað, hugsuðu um að stæla þennan skrokk, gera hann stæltan, seigan, harðan, og nota huga og vilja til þess, lifa hreinu lífi, hætta


<sup>128</sup> Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án femínisma, pólitík án fræða?“. *Ritið*. 2. tbl. 2. árg. 2002, bls. 9-37.

<sup>129</sup> Else Trangbæk, *Kvindernes idræt, fra rødder til top*, bls. 60. Jennifer Hargreaves. *Sporting Females*, bls. 74–86.

<sup>130</sup> *Skinfaxi* 3. árg. 1. tbl 1. janúar 1912, bls .3.



að fara á óholla skemmtistaði, þar sem þungt og óholt andrúmsloft er, vera úti í heilbrigðu lofti hreyfa sig, þína ekki líkamann með of þröngum skóm — eða lífstykki.<sup>131</sup>



Jóhannes á Borg. Ólík viðmið giltu fyrir karla og konur um beitingu og tjáningu líkamas.

Þrátt fyrir þennan inngang lauk Sigurjón ræðu sinni á að tala um bjargræði þjóðarinnar og beindi þá máli sínu eingöngu að karlmönnum, eins og rætt var fyrr í þessum kafla.

Samhliða hugmyndum um íþróttaiðkun sem hluta af heilbrigðu lífni voru líka uppi hugmyndir um áhrif íþróttá vöxt kvenna og fegurð. Hugmyndir um að íþróttum kvenna bæri að fegra þær og að íþróttaiðkunin mætti ekki vera á kostnað fegurðar eða kvenleika voru undirliggjandi alla öldina og eru það jafnvel enn í dag.<sup>132</sup> Það var þó ekki fyrr en konur hófu keppni í einhverjum mæli sem gripið var til þess að stilla keppni og fegurð upp sem andstæðum til að grafa undan ásókn kvenna í að keppa í íþróttum. Í *Þrótti* árið 1923 var grein um hve æskilegar afleiðingar íþróttavakningin hefði haft fyrir konur og var greinarhöfundur ekki í vafa um að fegurð og heilbrigði væru mikilvægustu afleiðingar þess að konur stunduðu íþróttir. Höfundur gat þess að fyrir nokkrum árum hafi signar axlir verið fegurðarmerki en nú séu það beinar axlir sem séu í tísku. Vöxtur kvenna hafi batnað við íþróttaiðkun og

„stúlkurnar með beinu axlirnar falla aldrei í óvit og þær eru hugrakkar og bjartsýnar auk þess að þær eru fallegar og ætíð í góðu skapi“.<sup>133</sup> Hinir glæstu sigrar sem voru í raun sigrar þjóðarinnar allrar, eins og búið er að tíunda hér að framan, voru víðs fjarri, þó að kannski sé hægt að túlka hugrekkið sem smækkaða birtingarmynd þess sem sjálfsmynd íþróttá færði körlum.

Undir merkjum hollustu og heilbrigðis gat íþróttaiðkun fullkomlega samræmst hugmyndum eðlishyggjunnar um hlutverk kvenna sem verðandi húsmæður. Árið 1905 brýndi greinarhöfundur *Æskunnar* fyrir ungum stúlkum að rækja betur hlutverk sitt með eftirfarandi orðum: „Hið sanna er stúlkur góðar, að þið þurfið að rækja betur eldhússtörfni,

<sup>131</sup> *Morgunblaðið* 26. nóvember 1919, bls. 3

<sup>132</sup> Joan S. Hult, „The Story of Women’s Athletics: Manipulating a Dream. 1890–1985“, bls. 85. Einnig Jennifer Hargreaves, *Sporting Females*, bls. 44. Shari L. Downkin og Michael A. Messner, „Just do...? What? Sport, bodies, gender.“ *Gender and Sport. A Reader*. London og New York, bls. 17–30.

<sup>133</sup> *Þróttur* 5. árg. 6. tbl 30. september 1922, bls. 67.

en gefa ykkur minna að heimsóknarslúðrinu, þér þurfið að leggja meiri stund á íþróttir og líkamsrækt, en liggja á legubekknunum.<sup>134</sup>

Innan þessa þrönga stakks sem konum var sniðinn opnaðist þó rými til þess að þær gætu notað líkama sinn og beitt honum. Þessi rammi var virkilega þröngur og um leið brothættur. Í raun má segja að hugmyndir eins og þær sem Österberg, Drachmann og de Coubertin höfðu hafi í raun aldrei verið framkvæmdar þar sem sífellt reyndi á þanþól þeirra með vaxandi þátttöku kvenna og útbreiðslu kvennaíþróttar. Þessu stranga regluverki um ásættanlega hegðan og framkomu fylgdu líka strangar kröfur um birtingarmynd líkamans. Á meðan líkaminn og beiting hans var í fyrirrúmi meðal karlmannna var líkamanum nær afneitað meðal kvenna. Íþróttakonum var uppálagt að reyna sem minnst á líkamann, allar hreyfingar áttu sem helst að vera áreynslulausar og átök og sviti forboðinn.<sup>135</sup> Þetta á sér skýra birtingarmynd í klæðaburði íþróttafólks. Á myndum frá fyrstu áratugum 20. aldar eru íþróttamenn gjarnan sýndir á lendaskýlunni einni saman á meðan konurnar eru kappklæddar, eins og mynd af fimleikastúlkum í síðpilsunum sem birtist m.a. í *Sögu Reykjavíkur*<sup>136</sup> sýnir. Íslenskar konur stunduðu íþróttir þó ekki lengi í síðpilsunum en eftir að íþróttakonur hófu að taka upp hentugri klæðaburð var þess vandlega gætt að hann undirstrikaði kvenlegt eðli þeirra. Langt var til dæmis var liðið á áttunda áratuginn þegar íþróttaföt kvenna hættu að vera aðsniðin í mittið, t.d. í handbolta, og enn þann dag í dag klæðast sumar tenniskonur litlu pilsu utan yfir stuttbuxurnar.

Stærsta vandamálið þegar kom að kynferði og líkama kvenna var sunnið, sem í eðli sínu felur í sér ákveðna nekt og berskjöldun líkamans. Í *Kvennablaðinu* árið 1899 var skrifað um sund og sagt að stúlkur kynnu ekki við að nota laugarnar eða læra sund því að það væru bara karlar sem kenndu og það þætti ósiðlegt. Greinarhöfundur blés á þær röksemdir og benti á að það þurfi ekkert að skammast sín fyrir að synda með karlmönnum og vel gerð sundföt úr flóneli séu ekkert til að hneykslast á fremur en sumir danskjólur kvennanna í höfuðstaðnum. Ennfremur benti hann á að í sundlauginni við Álafoss í Mosfellsdal hafi konur stofnað með sér Laugarfélag árið 1895 og átt fyrstu klukkustund á hverjum laugardegi fyrir sig í lauginni og þar gátu þær fengið aðstoð við að læra sundtökin.<sup>137</sup> Fljótlega hefur þó fjarað undan þessari kynjaskiptingu í laugartíma og líklega hefur hún aldrei verið til staðar nema í nógu fjölmönnum sveitarfélögum. Á Reykjanesi við

<sup>134</sup> *Æskan*. 9. árgangur 3–4 tbl. 1. nóvember 1905, bls. 15.

<sup>135</sup> Jennifer Hargreaves, *Sporting Females*, bls. 158.

<sup>136</sup> Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur, Bærinn vaknar. Fyrri bindi*, bls. 485.

<sup>137</sup> *Kvennablaðið*. 5. ár. 9. tbl. 1. september 1899, bls. 66.

Ísafjarðardjúp var t.d. konum og stúlkum kennt sund við hlið pilta frá því um aldamótin án þess að nokkurn tímann kæmi til þess að kynskipta þyrfti tímum.<sup>138</sup>

Árið 1909 var nýr sundskáli vígður við Örfirisey og við vígsluna stungu konur og karlar sér saman til sunds opinberlega í fyrsta skipti. Fyrirverandi formaður sundfélagsins Ægis lýsti því í 50 ára afmælisriti félagsins, eins og áður hefur komið fram, að „þessar konur ættu skilið að fá nafn sitt ritað með gylltu lettri í sögu kvenfrelsi á Íslandi.“ Vissulega hefur formaðurinn fyrirverandi mikið til síns máls, því þetta var stór þröskuldur. Í nágrannalöndum okkar var þessi þröskuldur ívið hærri en hér heima. Þar var laugartímum úthlutað til hvors kyns langt fram eftir öldinni og miklar deilur spruttu upp um það hvort karlmenn og konur gætu yfirhöfuð svamlað um í sama polli. Þegar líða tók á annan áratuginn virtist fjara endanlega undan hugmyndinni um að það þætti ósiðlegt ef konur og karlmenn syntu saman eða karlmaður kenndi konum sund. Bréfitari að nafni Hólmsfríður réðst í öllu falli harkalega að bréfitara sem „sá ofsjónum yfir því að Páll sundkennari fái að sjá stúlkurnar synda“. Í lesendabréfi sínu sagðist hún sjálf vera:

[A]ll kunnug laugunum hef aldrei heyrt annars getið, en að allir hegði sjer þar mjög sómasamlega utan einn hræsnispjesi, [...] Við sundskálann kennir karlmaður konum, og karlar og konur synda þar saman, og hefur enginn hneykslast hingað til. Vill ekki »karlmaður« hlaupa þangað með borgarstjóra og bæarstjórn og annað sem hann getur til tínt?<sup>139</sup>

---

<sup>138</sup> Jakobína Þórðardóttir, „Reykjanes við Ísafjarðardjúp.“ *Skinfaxi*. 12. árg. 9. tbl. 1.september 1921, bls. 38.

<sup>139</sup> *Vísir* 23. júní 1911, bls. 4.

### 3. Fimleikar og sund

#### 3.1 Upphaf kvennafimleika. Iðunn, ÍR og Ármann

Segja má að fimleikar og sund hafi ráðið lögum og lofum meðal íslenskra íþróttakvenna fram á síðari hluta fjórða áratugarins. Vissulega bar á tilraunastarfsemi úr ýmsum áttum, svo sem fótbolta, róðri, golfi, tennis og fleiru, en meginþorri þeirra íslensku kvenna sem stunduðu íþróttir synti eða iðkaði fimleika. Sund og fimleikar rúmuðust vel innan ríkjandi hugmynda um eðli kvenna þannig að iðkan þessara íþróttá tróð engum viðteknum gildum um tær. Fimleikar voru viðurkennd afþreying kvenna um alla norðurálfu alla öldina og voru t.a.m. ekki skilgreindir sem fullburða íþrótt víðast hvar á Vesturlöndum, heldur eins konar sambræðingur íþróttá, liffengis og dans sem liðkaði til fyrir aðgengi kvenna að íþróttinni. Til dæmis var tekið fram í fyrstu lögum ÍSÍ að takmark sambandsins væri að stuðla að framgangi íþróttá og fimleika,<sup>140</sup> sem ber vott um að fimleikar hafi ekki verið flokkaðar sem íþrótt. Um sunnið giltu aðeins önnur viðmið.

Fyrstu ungmennafélögin sem stofnuð voru, í Reykjavík og á Akureyri, voru bara ætluð karlmönnum. Reykjavíkurstúlkur brugðust við og stofnuðu sitt eigið ungmennafélag, UMF Iðunni, árið 1908. Iðunn starfaði alltaf í nánú samstarfi við piltana í UMF Reykjavík svo vart mátti sjá að þarna væri um tvö félög að ræða, enda sameinuðust þau árið 1914. Fljótlega var þó lögum Ungmennafélags Akureyrar breytt og öll ungmennafélög landsins, fyrir utan ungmennafélögin í Reykjavík, voru opin stúlkum jafnt sem drengjum. Fljótlega eftir stofnun Iðunnar fóru félagsmenn að huga að íþróttaiðkun og urðu fimleikar og sund fyrir valinu. Flokkur Iðunnar sýndi fimleika á 17. júní-hátíð ungmennafélaganna í Reykjavík árið 1911 og er sú sýning, ásamt sundinu við Örfirisey árið 1909, oft látin marka upphaf kvennaíþróttá á Íslandi. Á fundum Iðunnarkvenna var mikið rætt um málefni líðandi stundar og sóru þær sig í ætt við önnur ungmennafélög í eldheitri ættjarðarást og trú á að íþróttirnar væru þáttur í endurreisn þjóðarinnar. Þær voru síst minna innblásnar af þjóðernisást en karlkyns kollegar þeirra. Á fundi árið 1909 var lögð fram sú spurning hvort væri mikilvægara að hafa hrausta sál eða hraustan líkama. Svafa Þórhallsdóttir varaformaður varð fyrir svörum og sagði að „allar íþróttir hafa áhrif á líkaman sem og sál“. Einnig vitnaði hún í gamlan grískan málshátt, „hraust sál í hraustum líkama“, og bætti sjálf við að hraust sál væri góð sál. Á sama fundi var spurt hvað væri sannur Íslendingur og

<sup>140</sup> Fyrstu lög ÍSÍ frá stofnárinu 1912. Gils Guðmunsson. *Íþróttasamband Íslands*. Reykjavík 1962, bls. 19. Glíma var líka skilgreind utan íþróttá í þessari fyrstu reglugerð, enda var hún séríslensk. Þessi skilgreining var einnig við lýði í öðrum löndum, t.d var talað um Turm und Gymnastik á þýsku, idræt og gymnastik á dönsku o.s.frv.

svaraði félagskonan Þjóðbjörg að „hinn sanni Íslendingur ætti að efla gagn og heiður fósturjarðarinnar og þjóðfélagsins“. <sup>141</sup> Á svipuðum nótum var einnig svar við spurningunni „hvað væri eftirsóknarverðast í heiminum?“ sem borin var upp á fundi í júlí 1909. Svarið var skýrt og skorinort: Það mikilvægasta í þessum heimi væri að vera þjóðarhetja. <sup>142</sup> Af þessum knöppu orðaskiptum má draga þá ályktun að Iðunnarstúlkur hafi verið engu minna snortnar af hugmyndum samtímans um göfugan tilgang íþróttar fyrir þjóðfélagið en aðrir ungmennafélagar.

Iðunnarstúlkur fengu Björn Jakobsson íþróttakennara til að leiðsegja þeim í fimleikum veturinn 1910–1911 og sýndu Reykjavíkurbúum afrakstur vetrarins á 17. júníháttíðinni þá um sumarið á leikmóti UMFÍ. Sigurjón Pétursson, glímukappi og íþróttaforkólfur, skrifaði um sýningu Iðunnar í *Eimreiðina*.

Vér hlustum og hlustum og heyrum knálegt og samstillt fótatak- og fram á völlinn stígur sjáleg fylking íþróttameyja. Það er „Íþróttfélagið Iðunn“, sem er skjaldmær og valkyrja leikmótsins [...] Það var líka undur fagurt að horfa á stúlkurnar, ekki af því einu, að þær voru svo fallega vaxnar, heldur og af því, hve allar æfingar fórust þeim snilldarlega úr hendi. [...] U.M.F. Iðunn er ekki nema lítill kvistur af hinum mikla sæg ungra meyja í Rvík, en þær hugsa um líkama sinn. Þær vita og skilja, hve áriðandi það er fyrir smáþjóð, að vera hraust þjóð [...] Iðunn er og hefir verið fyrirmynd allra ungra kvenna í Rvík, og óhætt að segja um land allt. <sup>143</sup>

Þessi klausa er líklega ekki alveg hlutlaus þar sem Sigurjón Pétursson var trúlofaður einni af Iðunnarstúlkunum, <sup>144</sup> en burtséð frá því fékk sýningin í Reykjavík þónokkra blaðaathygli og mæltist vel fyrir. Sérstaklega var þeim hrósað fyrir að iðka leikfimina á íslensku en karlaflokkurinn var undir stjórn norsks þjálfara sem kallaði skipanir til flokksins á norsku, sem fór ekki vel í áhorfendur. <sup>145</sup> Þótt að frásögn Sigurjóns af fimleikasýningu Iðunnar hafi lifað í ritum og sé oft látin marka upphaf kvennaíþróttar á Íslandi má ekki gleyma að þennan sama 17. júní sýndi kvennaflokkur Ungmennafélagsins Tindastóls leikfimi á ungmennafélagshátíðinni á Sauðárkróki. <sup>146</sup> Þar var hins vegar enginn tilvonandi eiginmaður í áhorfendahópnum til að skrifa háttstemmda íþróttaumfjöllun í blöðin sem jaðraði við að vera ástarjátning og því hefur sú sýning fallið í skuggann af sýningu Iðunnar.

<sup>141</sup> Fundargjörðabók UMF Iðunnar 27. júní 1909.

<sup>142</sup> Fundargjörðabók UMF Iðunnar 14. júlí 1909.

<sup>143</sup> *Eimreiðin* 18. árg. 3. tbl. 1. september 1912, bls. 191.

<sup>144</sup> *Morgunblaðið* 9. mars 1988, bls. 46.

<sup>145</sup> *Vísir* 20. júní 1911, bls. 86.

<sup>146</sup> Kristmundur Bjarnason, *Saga Sauðárkróks, síðari hluti I*. Sauðárkrókur 1969, bls. 307.

Leikfimiðkun naut vaxandi vinsælda meðal íslenskra kvenna. Fimleikar voru stundaðir meðal kvenna um allt land og flokkar sýndu við hátíðleg tækifæri, svo sem á 17. júní sem og öðrum hátíðum. Eftir dauft tímabil í íslenskri íþróttasögu á stríðsárunum 1914–1918 og í kreppunni sem fylgdi í kjölfarið<sup>147</sup> náðu fimleikar aftur að blómstra á þriðja áratugnum, sem var sannkallaður fimleikaáratugur. Íslenskar fimleikakonur lögðu land undir fót, fyrst innanlands og svo utan landssteinanna, og urðu á tímabili stórt nafn í fimleikaheimi Evrópu. Það voru fyrst og fremst Reykjavíkurlíðin Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR) og Ármann sem lögðu land undir fót, ÍR á þriðja áratugnum og Ármann á hinum fjórða, og segja má að þessi félög hafi borið höfuð og herðar yfir önnur félög. Þau höfðu einnig yfir að ráða bestu aðstöðunni auk þess að starfa í Reykjavík sem var fjölmennasta sveitarfélagið. Fámenni á landsbyggðinni hafði og hefur oft haft slæm áhrif á hópíþróttir.

Árið 1916 var ÍR skipt upp í deildir, þar á meðal kvennadeild og telpnadeild. Stofnun telpnadeildar bar vott um ræktarsemi félagsins við kvennafimleika en oft vildi það brenna við að íþróttafélögin létu yngri stúlkur sitja á hakanum sem kom sér illa þegar kynslóðaskipti urðu í liðinu. Steindór Björnsson frá Gröf tók að sér að kennsluna en veturinn eftir tók Þórunn Thorsteinsson við kvennaflokknunum og svo Björn Jakobsson árið 1919.<sup>148</sup>

Á þriðja áratugnum urðu utanlandsferðir íslenskra íþróttamanna og koma erlendra íþróttamanna til Íslands nokkuð reglulegir viðburðir í íslensku íþróttalífi. Árið 1923 fór karlaflokkur ÍR í sína fyrstu íþróttiferð um Norðurland. Tveimur árum síðar fóru bæði karla- og kvennaflokkur ÍR í ferð um landið en kvennaflokkurinn sigldi heim frá Seyðisfirði til Reykjavíkur á meðan karlaflokkurinn hélt áfram um Austfirði. Árið 1927 var ennþá hugur í stjórn ÍR og ákveðið var að sigla út fyrir landsteinana, þótt nokkrir stjórnarmeðlimir hafi lagst gegn því. Þrettán stúlkur og níu piltar lögðu af stað með Lýru úr Reykjavíkurhöfn 5. maí 1927 og var stefnan tekin á Noreg. Fyrst var komið við í Bergen og fimleikar sýndir fyrir fullu húsi í Tunhallen um kvöldið. Norsk dagblöð virtust vera yfir sig hrifin af sýningu ÍR-inga ef marka má þessa frásögn sem höfundur afmælisrits ÍR hefur eftir norsku dagblaði:

Dömunar hófu sýninguna. Dauðakýrrð ríkti í salnum, yndisþokki, góð samtök og mýkt í staðæfingum, vissa og dugnaður á þverslá og við áhöldin. Þegar þær höfðu lokið við sýninguna ætlaði allt um kolla að keyra af hrifningu hjá áhorfendum. Karlmenirnir koma því næst fram á gólfið. Geysihraði, kraftur,

<sup>147</sup> Sigurður Á. Friðriksson, *Íþróttir í Reykjavík*, bls. 66–67.

<sup>148</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla, saga ÍR í 100 ár*, bls. 73–75

samtök og ákveðni vakti aðdáun áhorfenda sem létu stöðugt hrifningu sína í ljós.<sup>149</sup>

Í lýsingunni á fimleikasýningunni í Noregi kemur glögg í ljós hversu kyrfilega íþróttaástundun var bundin við kynhlutverk og kyngervi. Piltarnir voru hraðir, öflugir og ákveðnir á meðan stúlkurnar voru mjúkar og duglegar þokkadísir. Slíkar lýsingar á kvennaíþróttum voru ekki óalgengar og náðu oft og tíðum miklu flugi og hófu stúlkurnar upp til hæstu hæða undir formerkjum hugmynda um kvenleika. ÍR-stúlkur héldu áfram frá Bergen til Óslóar þar sem var sýnt við þvílíkan fögnuð að Óslóarblaðið *Dagbladet* sagði „að það sem þessar 13 dísir í himinbláu silkibúningunum sýndu okkur hafi blátt áfram verið guðum boðlegt“ og „að aldrei hefði nokkur flokkur fengið viðlíka móttökur“.<sup>150</sup>

Þegar rýnt er í umfjöllun um fimleika frá þessum tíma sést glögg að góðum sýningum og frægðarförum er lýst með hugmyndum um kvenleikann í forgrunni en þá eru líka fá takmörk fyrir glæsileik og íburði í orðavali. Fimleikar ógnuðu ekki á nokkurn hátt viðteknum hugmyndum um eðli kvenna heldur styrktu þær ef eitthvað er, eins og sjá má í lítilli framhaldssögu eftir Böðvar frá Hnífsdal sem birtist í *Fálkanum* á seinni hluta þriðja áratugarins. Við grípum inn í söguna í samtali tveggja aðalpersóna sögunnar þar sem karlkyns persónan útlistar fyrir kvenkyns persónunni hlutverk kvenna:

— Enga helst, nema þá að iðka dans og fimleika til þess að það geti fullkomnað sitt hlutverk, — og hlutverk konunnar er að flytja fegurð og líf inn í þennan dauðadæmda heim.<sup>151</sup>

Þessi saga er hvorki mikilvæg né merkileg og hefur líklega ekki verið stórt framlag til íslenskra bókmennta á þessum tíma. Hins vegar takast þarna á gamalgrónar klisjur um hlutverk og eðli kynjanna og höfundur spyrnir saman fimleikum og kvenleika og segir þá jafnvel fullkomna hlutverk kvenna.

Frá Ósló hélt ÍR-flokkurinn til Svíþjóðar og tók þátt í Ling-víkunni í Gautaborg. Ling-vikan var ein stærsta fimleikahátíð Norðurlandanna, sem haldin var ár hvert til að heiðra minningu Pehrs Henriks Lings, sem var yfirleitt kallaður faðir sænskra fimleika. Sænskir fjölmiðlar tóku í sama streng og kollegar þeirra í Noregi og voru yfir sig hrifnir af frammistöðu íslenska flokksins, sérstaklega stúlnanna ef marka má þá umfjöllun sem höfð var eftir sænskum fjölmiðlum. „[O]g svo byrjaði algerlega sérstæð, dásamlega fögur sýning, sem mundi leggja gjörvallan heiminn fyrir fætur þessara íslensku stúlkna, ef þær

<sup>149</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla, saga ÍR í 100 ár*, bls. 76. Haft eftir norsku dagblaði en heimilda ekki getið. Einnig *Íþróttablaðið* 2. árg. 9–11. tbl. Sept–nóv. 1927, bls. 96–97.

<sup>150</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla, saga ÍR í 100 ár*, bls. 77.

<sup>151</sup> *Fálkinn* 2. árg. 43. tbl. 26. október 1929, bls. 7.

breyttu þessari fyrstu utanlandsför sinni í heimssýningarför,“ var haft eftir einu dagblaðanna sem fylgdust með sýningunni. Eftir Ling-víkuna í Gautaborg var farið til Haugasunds, Drammen, Ósló, Fredriksstad og að lokum komið við í Þórshöfn í Færeyjum. Flokkarnir sýndu fimleika á öllum þessum stöðum og þótti vel takast til og bar þá yfirleitt meira á kvennaflokknum. Í Óslóarblaðinu *Dagbladet* stóð: „Að minnsta kosti vorum við öll hjartanlega samdóma vestlendingum í því. Aldrei hefir nokkrum leikfimisflokki verið tekið hér í Ósló með slíkri dæmalausri hrifningu“.<sup>152</sup> Af heimildum má dæma að þarna hafi kvennaflokkurinn farið sannkallaða sigurför en karlarnir staðið í skugganum af þeim, þar sem íslensku dagblöðin hafa nær einungis lýsingar um kvennaflokkinn eftir sænskum og norskum dagblöðum. Hins vegar var velgengi kvennaflokksins að einhverju leyti yfirfærð á karlaflokkinn eftir heimkomuna. Karlaflokkur ÍR var kynntur til sögunnar sem „hinn þekkti karlaflokkur Í.R“. í *Vísir* þetta sumar þegar fimleikasýningar voru auglýstar. Kvennaflokkurinn fékk enga slíka titla og var kynntur til sögunnar sem óbreyttur fimleikaflokkur.<sup>153</sup>

Björn Jakobsson, þjálfari ÍR-stúlknanna, var jafnan talinn einn fremsti og færasti fimleikakennari Íslands og velgengi kvennaflokksins erlendis gefur til kynna að hann hafi jafnvel verið með þeim betri í Evrópu. Björn hafði verið viðriðinn kvennafimleika síðan 1911 og var því enginn aukvisi þegar kom að fimleikum kvenna. Björn var síðar einn af stofnendum Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni og bar skólahaldið á herðum sér lengi vel. Sem einn af stofnendum skólans hafði Björn veg og vanda af því að búa til kennsluefni fyrir íþróttakennaraefni Íslands. Ein af þeim bókum sem Björn þýddi var *Ágrip af fimleikafraði*, kennslubók um fimleika sem kennd var lengi vel við skólann, líklega allt frá útgáfu hennar á íslensku fram á áttunda áratuginn.<sup>154</sup> Í bókinni koma fram íhaldssamar hugmyndir um kyn og kyngervi. Strax á fyrstu síðum bókarinnar er skýr munur gerður á íþróttaiðkunum kvenna og karla, þar sem höfundur fullyrðir að íþróttir hafi sama gildi fyrir karlmenn og dans fyrir konur og leikir fyrir börn.<sup>155</sup> Lýsingarnar í bókinni draga fram hugmyndir um örökvíst eðli kvenna og hreina vanhæfni á sviði íþróttá. Klisjur um skort kvenna á andlegu atgervi birtast í bókinni sem lýsingar á skorti á líkamlegri getu, t.d. hæfileikanum til að stjórna eigin líkama og getu til að beita honum. Líkt og sjá má í þeim stílbrögðum sem höfundur notar til að lýsa mismunandi göngulagi kynjanna:

<sup>152</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla, saga ÍR í 100 ár*, bls. 76–77.

<sup>153</sup> *Vísir* 26. júní 1927, bls. 4.

<sup>154</sup> *Forvitin Rauð*. 3. árg. 4. tbl. 1974, bls. 25.

<sup>155</sup> J.Lindhard, *Ágrip af fimleikafraði*. Björn Jakobsson þýddi. Útgáfustaðar ekki getið. 1947, bls. 3.



Einstakar hreyfingar karlmanns lýsa festu og vissu, en hreyfingar kvenna eru líðandi og ekki jafn ákveðnar [...]Karlmaðurinn stígur ákveðið til jarðar, líkt og hann fótum troði óvin sinn, og hefur ætíð ákveðna stefnu. Konur ráfa hinsvegar stefnulaust um.<sup>156</sup>

Höfundur telur hreyfingar kvenna eiga sér uppruna í vitundarlífi og taugastöðvum, á meðan hreyfingar manna séu bein afleiðing heilastarfsemi.<sup>157</sup> Í bókinni er ekki farið í grafgötur með að konur séu eftirbátar karla þegar kemur að andlegum eiginleikum en í kafla um réttstöðu er sérstaklega tekið fram að konur ættu ekki að standa of hnarreistar. Það gefi þeim frekjusvip sem fari þeim illa; þeim fari betur af náttúrunnar hendi að dyljast.<sup>158</sup> Þeir fimleikar sem bókinn lýsir eru eins konar líkamleg framsetning íhaldssamra hugmynda um konur og kvenhlutverk. Vissulega er hér um erlenda bók að ræða og Björn einungis í hlutverki þýðanda en hins vegar afhjúpar val Björns á bók til þýðingar og kennslu hugmyndir hans um kyn og kyngervi.

Velgengni kvennaflokksins í Norðurlandaförinni 1927 vakti hug í stjórn ÍR til að halda áfram og næsta ár var stefnan tekin á Frakkland. Árið 1928 var haldin gríðarstór fimleikahátíð í franska bænum Calais til að fagna 50 ára afmæli fimleikaiðkunar í Frakklandi. ÍR-ingar fengu 1500 króna styrk frá Reykjavík sem var samþykktur á bæjarstjórnarfundum 4. maí. Öll bæjarstjórnin var því samþykkt nema borgarstjórnin, Knud Zimsen, sem fannst það óforsvaranleg soun á fjármunum bæjarins. Þetta mót væri ekkert merkilegra en ýmis önnur svokölluð „alþjóðamót“, sem haldin væru árlega.<sup>159</sup>

Á hátíðinni voru um 400 félög frá Frakklandi og 30 frá öðrum löndum og talið er að hátt í 50.000 manns, bæði keppendur og áhorfendur, hafi sótt hátíðina. Orðspor ÍR-stúlkna hafði greinilega vaxið erlendis því þær sýndu á aðalsýningu hátíðarinnar á stæsta sviðinu fyrir framan heiðursstúkuna. Blaðaumfjöllun var jákvæð og var flokkurinn talinn einn sá besti á hátíðinni.<sup>160</sup> Í Calais var þess farið á leit við ÍR-flokkinn að hann sýndi í London á heimleiðinni og það varð úr að flokkurinn sýndi í Tottenham Court Road 30. maí að viðstöddum m.a. fulltrúum breska kennslumálaráðuneytisins og borgarráðs Lundúna. Flokkurinn vakti mikla athygli í London og töldu helstu fimleikaspekingar þar í borg að íslensku fimleikarnir væru meðal þeirra bestu í heimi. Umfjöllun um stúlkurnar birtist í helstu blöðum borgarinnar og kvikmyndatökumaður frá breska kvikmyndafyrirtækinu First National Pathé Frésés Cinema Ltd. fór með stúlkurnar á Queens Athletic Ground, sem var

<sup>156</sup> J.Lindhard, *Ágrip af fimleikafræði*, bls. 21.

<sup>157</sup> J.Lindhard, *Ágrip af fimleikafræði*, bls. 23.

<sup>158</sup> J.Lindhard, *Ágrip af fimleikafræði*, bls. 40.

<sup>159</sup> *Morgunblaðið* 5. maí 1928, bls. 3.

<sup>160</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla, saga ÍR í 100 ár*, bls. 79.

talinn besti íþróttavöllur Lundúna, og tók kvikmyndir af staðæfingum flokksins. Samkvæmt frásögn *Morgunblaðsins* sem er höfð eftir Birni Jakobssyni, stjórnanda hópsins, þótti sýning þeirra í Tottenham Court Road svo góð að þeim var boðið að sýna í Royal Albert Hall en þar sem ÍR-ingar voru bundnir af áætlun Gullfoss gat ekkert orðið af því.<sup>161</sup> Frá London var haldið til Edinborgar og þaðan til Reykjavíkur með Gullfossi. Af myndum að dæma hefur mikill mannfjöldi safnast saman á hafnarbakkanum til að fagna stúlkunum við heimkomuna. Björn Jakobsson og Tryggvi Magnússon, sem var með í för, höfðu nokkrum dögum fyrir heimkomu sent skeyti með ferðasögu sem birtist í flestum blöðum og þjóðin var því vel með á nótunum. Reykvíkingar biðu eftir Gullfossi og tóku vel á móti ÍR-stúlkunum þegar þær komu heim.

Einn af hinum gömlu keppendum ÍR, Ottó B. Arnar, var ekki alls kostar ánægður með allar þessar utanfarir og hvatti til þess á aðalfundi félagsins 1929 að félagið hætti allri „auglýsingastarfsemi“ erlendis. „Félagið var stofnað sem íþróttafélag en ekki „propagandafélag“ og var um eitt skeið á góðum vegi með að ná tilgangi sínum. Þá fór það inná aðrar brautir og hefir þannig skemmt sig og lamað um langan tíma“, sagði Ottó í bréfi sem hann sendi aðalfundinum.<sup>162</sup> Ummæli Ottós eru merkileg í ljósi þess að nokkrum árum fyrir þótti það einmitt vera takmark íþróttanna að „breiða hróður lands og þjóðar út um heim“.<sup>163</sup> Benedikt Waage, fyrrum formaður ÍSÍ, hafði skrifað grein í *Vörð* nokkrum árum áður um gildi íþróttar og getið þess að margir væntu „að íþróttir verði sá þátturinn, þegar fram líða stundir, sem við hljótum mesta sæmd og virðingu fyrir“.<sup>164</sup> Rannsóknir félags- og sagnfræðinga styðja orð Benedikts en innan íþróttasögunnar er viðurkennt að íþróttir þjóni mikilvægum tilgangi sem birtingarmynd þjóðarinnar á alþjóðlegum vettvangi.<sup>165</sup> Vissulega er hér einungis um einn mann að ræða en þó verður ekki hjá því komist að velta upp þeirri spurningu hvort Ottó hefði skrifað þetta bréf ef um karlaflokk hefði verið að ræða. Alþjóðleg samskipti voru alltaf talin mjög mikilvæg og reynt að hlúa vel að þeim þrátt fyrir að lítil efni hafi oft komið í veg fyrir miklar áætlanir.

Athyglisvert er að rýna í hvernig árangur fimleikakvennanna erlendis var metinn af samferðamönnum þeirra í fjölmiðlum og umfjöllun. Engum duldist að ferðalögin væru „mikilvæg fyrir orðstír íslensk íþróttalífs“, eins og blaðamaður *Morgunblaðsins* komst að

<sup>161</sup> *Morgunblaðið* 9. júní 1928, bls. 3.

<sup>162</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla, saga ÍR í 100 ár*, bls.80.

<sup>163</sup> *Skinfaxi* 1. árg. 2. tbl. 1909, bls.11.

<sup>164</sup> *Vörður* 3. árg. 37. tbl. 5. september 1925, bls.4.

<sup>165</sup> Hans Bonde, *Gymnastics and politics. Niels Bukh and male aesthetics*, bls. 12.

orði 1928<sup>166</sup> og árangur fimleikastúlknanna erlendis vakti hrifningu heimamanna. Hins vegar var dýrðarljómann sem umlukti íþróttamanninn hvergi að finna. Honum var fremur beint að stjórnanda hópsins, Birni Jakobssyni. Hann var sagður hafa „vakið hrifningu annarra kennarra“,<sup>167</sup> borið hróður íslenskra fimleika út fyrir landsteinana og öðlast virðingu innan evrópskar íþróttahreyfingar. Hvergi er hins vegar rætt við stúlkurnar og þær ekki einu sinni nafngreindar nema í kvennablaðinu *19. júní* þar sem ein af þeim skrifar ferðasögu undir dulnefninu „Ein af tólf“ og nöfn kvennanna eru skrifuð undir hópmynd. Í greininni í *19. júní* kemur líka fram hvað það hafi verið sem gerði íslenska fimleika svona frábrugðna og framandi, en það voru stökkinn og jafnvægisæfingarnar.<sup>168</sup> Í öðrum miðlum er nær ekkert rætt um fimleikana sjálfa annað en að sýningarnar hafi þótt skara fram úr eins og boðið til London bar vitni um. Í raun og veru var þáttur fimleikastúlknanna nær alveg þurrkaður út úr allri umfjöllun, eins furðulegt að það kann að hljóma. Allar tilvísanir og skírskotanir til þjóðernis og hugmyndir um þátt íþróttanna í að sanna ágæti þjóðarinnar eða styrkja kröfuna um sjálfstæði voru líka á bak og burt.

Til samanburðar má skoða umfjöllun um íslenska frjálsíþróttamenn á sjötta áratugnum, sem oft hefur verið nefndur „gullöld“ íslenskra frjálsíþróttanna. Á árunum eftir seinni heimsstyrjöld náðu íslenskir frjálsíþróttamenn góðum árangri erlendis og Evrópumeistaratitlar unnust í kúluvarpi og stangarstökki. Í allri umfjöllun um frjálsíþróttahetjur sjötta áratugarins var einstaklingurinn og þjóðin í fyrirrúmi. Mikið var lagt upp úr því að draga fram persónueinkenni hvers og eins og tengja þau við íþróttina eða eitthvað sem undirstrikaði þjóðerni íþróttamannanna. Kúluvarparinn var nefndur bergrisi og hlaupararnir sagðir fótfráir, glæsilegir og þar fram eftir götunum. Frjálsíþróttamennirnir kepptu í nafni sjálfstæðs Íslands og fjölmiðlar voru duglegir að skjóta inn athugasemdum sem skírskotuðu til landsins og nýfengins sjálfstæðis, á borð við: „Af hinum glæsilegu Íslendingum í ljósbláu buxunum og hvítu treyjunum með þrílita fánann í brjóstinu“.<sup>169</sup> Litið var á frjálsíþróttamennina sem fulltrúa lands og þjóðar og sigrar þeirra og árangur heimfærður sem sigur Íslands, eða líkt og blaðamaður *Alþýðublaðsins* orðaði það:

Íþróttaafræk hennar [íslensku þjóðarinnar] eru ein sönnun þess hve dugur hennar og þroski er. Og það er síður en svo ástæða til þess að efast um það að hún

<sup>166</sup> *Morgunblaðið* 11. mars 1928, bls. 3.

<sup>167</sup> *Morgunblaðið* 9. júní 1928, bls. 3.

<sup>168</sup> *19. júní* 6. tbl. 11. árg. 1. júní 1928, bls. 89–90.

<sup>169</sup> *Morgunblaðið* 3. október 1946, bls. 11.

reynist hlutverki sínu vaxin á sviði baráttunnar fyrir íslenskri menningu og efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.<sup>170</sup>

Seinni tíma skrif hafa haldið þessari ímynd á lofti og jafnvel bætt við hana. Árið 1999 rifjaði *Morgunblaðið* upp sigra Gunnars Husebys í kúluvarpi á Evrópumeistaramótinu árin 1946 og 1950 og var ekki í vafa um gildi sigursins fyrir þjóðina og þjóðareininguna.

Hið unga lýðveldi sem aðeins hafði staðið á eigin fótum í rúm tvö ár hafði eignast íþróttahetju sem var fremst allra í Evrópu. Þessi staðreynd fyllti þjóðina sem í lýðveldinu bjó stolti, þetta var einmitt það sem hana vantaði til þess að undirstrika þá staðreynd að hún átti fullt erindi í samfélag sjálfstæðra ríkja. Ekki skemmdi heldur fyrir að íþróttahetjan var eins og klippt út úr fornsögnum, heljarmenni að burðum, rammur að afli og varpaði 7 kg kúlu lengst allra evrópskra karlmanna. Sumir sögðu Gunnar vera tákngerving Íslendingasagna. Góður árangur íslenskra íþróttamanna í keppni við aðrar þjóðir og á stórmótum frá 1946 til 1952 varð til þess að styrkja þjóðareiningu Íslendinga.<sup>171</sup>

Við þetta tækifæri heyrðust einnig oft raddir sem spurðu hvernig í ósköpunum lítil þjóð á borð við Ísland gæti staðið stóru þjóðunum á sporði í íþróttum. „Það er stórfurðulegt, að svo lítil þjóð skuli eiga einn Evrópumeistara, og þrjá af þeim íþróttamönnum sem mesta athygli vöktu á mótinu. Þar kemur víkingablóðið svo sannarlega í ljós,“ skrifaði blaðamaður *Morgunblaðsins* árið 1946.<sup>172</sup> Höfðatölusamanburður er gömul tugga sem oft er gripið í til að undirstrika góðan árangur Íslendinga í íþróttum. Að minnst á smæð þjóðarinnar í stærra samhengi blæs út árangurinn og gerir hann stórfenglegri fyrir vikið. Í þessum tilfellum voru einstaklingurinn, persóna hans og atgervi í forgrunni og þjóðarsmæðin svo notuð til að sveipa íþróttafrekin ævintýrlegum dýrðarljóma. Fimleikastúlkurnar voru hins vegar nafnlaus hópur sem vissulega vann sér inn virðingu og aðdáun en ekki á sömu forsendum. Hvergi er minnst á að árangur þeirra hafi gildi fyrir þjóðina, þjóðareiningu eða baráttuna fyrir sjálfstæði. Flokkurinn var nafnlaus hópur sem kom fram í nafni stjórnanda síns.

Þetta nafnleysi íþróttakvenna átti sér aðra birtingamynd í íslenskum íþróttum á þessum tíma. Í Reykjavík millistríðsáranna skapaðist nokkuð traust hefð fyrir því að halda íþróttamót í Reykjavík á 17. júní. Á 17. júní-mótinu var boðhlaup kvenna á dagskrá frá með 1929<sup>173</sup> og voru það yfirleitt Ármenningar og KR-ingar sem bitust um sigur, en bæði liðin sendu stundum fleiri en eina sveit til keppni. Athygli vekur þó að aldrei var keppt í

<sup>170</sup> *Alþýðublaðið* 1. júlí 1951 bls. 4.

<sup>171</sup> *Morgunblaðið* 16. febrúar 1999 bls C6. Þess má til gamans geta að þessi tilvitnun er nánast samhljóma orðum Björns Bjarnasonar úr *Skirni* 1909.

<sup>172</sup> *Morgunblaðið* 3. október 1946. bls. 10.

<sup>173</sup> *Vísir* 18. júní 1929. bls.2.

einstaklingskeppni og hún komst ekki á dagskrá fyrr en áratug seinna. Boðhlaupssveitirnar voru yfirleitt samsettar af fimm stúlkum en hefðbundnar boðhlaupssveitir eru almennt skipaðar fjórum hlaupurum. Þarna hlupu því yfirleitt tíu stúlkur eða fleiri en ekki virðist hafa komið til greina að halda hefðbunda einstaklingshlaupakeppni fyrr en áratug síðar. Boðhlaupin 17. júní voru á þeim tíma einu hlaupagreinarnar sem konur tóku þátt í en ekki var farið að keppa í kvennagreinum frjálsra íþrótta fyrr en á síðari hluta fjórða áratugarins og sú iðkun varð ekki útbreidd fyrr en á fimmta áratugnum.

Á fjórða áratugnum var komið að fimleikastúlkum Ármanns að halda utan.

Fyrst var farið til Svíþjóðar árið 1938 en síðan liðu átta ár þar til haldið var aftur til Svíþjóðar og þá á hina árlegu Ling-viku sem ÍR-stúlkur fóru á nítján árum áður. Flokkurinn sýndi við góðar undirtektir og var m.a. talinn einn sá besti á Ling-vikunni að dómi þarlandra blaða.<sup>174</sup>

Umfjöllun um kvennaíþróttir hafði breyst lítillega þegar Ármannsstúlkur héldu utan því þær voru ætíð nafngreindar í texta. Hins vegar ber allt að sama brunninn þegar innihald umfjöllunarinnar er skoðað. Þáttur kvennanna hvarf nánast úr öllum texta en hins vegar var rætt um hve stjórnendur hópsins væru „hugmyndaríkir og kunnáttumiklir“.<sup>175</sup> Áhugi á fimleikaiðkun fór dvínandi eftir því sem leið á fimmta áratuginn og staðnaði. Það var ekki fyrr en á áttunda áratugnum að áhugi á fimleikum vaknaði aftur en þá voru þeir óðum að færast í það horf sem við þekkjum nú til dags. Þá var líka farið að keppa í fimleikum kvenna sem aldrei hafði verið gert fram að því.

Ef gripið er til gamallar klisju úr íþróttaorðræðunni má segja að þriðji áratugurinn hafi verið „gullaldirar íslenskra fimleika“. Íslenskir fimleikar hlutu frægð og frama erlendis og náðu að standast samanburð við Evrópuþjóðir og jafnvel skara fram úr svo eftir væri tekið. Þau ár hafa samt farið lágt í íþróttasögunni til þessa og það var ekki fyrr en í 90 ára afmælisriti ÍR sem kom út árið 2007 að frásögninni voru gerð skil svo einhverju nemi. Fimleikaferðir ÍR 1927 og 1928 og ferðir Ármenninga 1938 og 1946 voru stórt skref í íslenskri íþróttasögu, enda fyrstu íslensku íþróttaliðin sem fóru erlendis til sýninga, fyrir utan glímumennina sem kepptu við sjálfa sig í íþrótt sem enginn kunnir skil á nema þeir sjálfir.

---

<sup>174</sup> Lýður Björnsson, *Ármann 100 ára*. Reykjavík 1992, bls. 81–87.

<sup>175</sup> *Vísir* 13. júlí 1939, bls. 3, eða *Alþýðublaðið* 25. júlí 1939, bls. 4. Sjá einnig Lýður Björnsson, *Ármann 100 ára*. Reykjavík. 1992. bls. 81–87

### 3.2 Sund

Hin íþróttin sem öðlaðist sess meðal íslenskra kvenna var sundið. Hér áður hefur verið fjallað lítillega um fyrstu sundtökin og þær hindranir sem blygðunarkennd olli íslenskum sundkonum í árdaga íþróttarinnar, en hneykslan yfir því að konur og karlmenn syntu hlið við hlið var fljótt gleymd og grafin. Á eyju sem er umkringd úthafi og sundurskorin af ám og vötnum var sundkunnátta lífsbjargarviðleitni sem ekki fór í kyngreiningarálit. Aðstæður til sundiðkana á Íslandi voru og eru frábrugðnar nágrannalöndunum. Tiltölulega auðvelt er að byggja upp sundlaug, eða vísi að slíkri, og það var gert nánast alls staðar á landinu þó að byggt væri af vanefnum. Erlendis voru sundlaugarbyggingar yfirleitt í formi yfirbyggðra sundhalla, sem voru dýrar í rekstri og ekki á hverju strái, en ekki opinna útilauga eins og við þekkjum hér heima. Þess vegna varð sundiðkun ódýr og útbreidd hér á landi og varð fljótt almenningsíþrótt sem nánast hver sem er gat stundað. Í dag er þessi laugamenning orðin hluti af markaðssettri ímynd landsins erlendis og ferðamenn hvattir til að heimsækja laugar til að kynna sér menningu landans.

Á meðan Íslendingar voru fyrst að læra að fleyta sér voru sundkonur erlendis að berjast fyrir tilverurétti sínum í lauginni. Fyrst var keppt í sundi kvenna á Ólympíuleikunum í Stokkhólmi árið 1912 en það voru Svíar sem ákváðu að keppnin skyldi fara fram í trássi við Alþjóðaólympíunefndina sem vildi síður að konur tækju þátt í keppnisíþróttum með mælanlegum árangri á borð við sund.<sup>176</sup> Það var ekki fyrr en eftir leikana 1912 að skriðsund var viðurkennt sem sundaðferð sem konur gætu stundað. Fram að því þótti skriðsundið of gróft, hratt og ókvenlegt til að höfða til kvenna.<sup>177</sup> Innan íþróttahreyfingarinnar var það þó sundinu sem tókst fyrst að ganga af goðsögnum um konur, keppni og kvenleika dauðum. Sú þróun var mestmegnis langsundkonum Evrópu og Ástralíu að þakka. Samhliða þróun og framförum í sundi á fyrstu áratugum 20. aldar urðu langsund í sjó vinsælar þrekaunir sem þau bestu spreyttu sig á. Sundkonur tóku fullan þátt í sjósundinu og luku við sundleiðir á borð við Ermarsund og Kattegat við hlið karlmanna, en þess má geta að þriðji einstaklingurinn til að ljúka sundi yfir Ermarsund var Gertrude Erlede og tími hennar var sá besti sem þekktist.<sup>178</sup> Íslenskir fjölmiðlar birtu reglulega fréttir af erlendum langsundum enda sjósund töluvert stundað á Íslandi, bæði af körlum og konum. Þó að deilur um skriðsundið hafi aldrei farið hátt á Íslandi má þó greina anga af þeim. Bláðamaður *Varðar* sagði svo frá sundi Erlede að hún hafi synt skriðsund en í næstu setningu var tekið fram að

<sup>176</sup> Yves-Pierre Boulongne, „Pirre de Coubertin and women's sport. *Olympic Review* 2000, bls. 23.

<sup>177</sup> Karen Karbo, „From Gold Spangles to Gold Medals.“ *Nike is a Goddess: The History of Women in Sports*. New York 1998, bls, 181–199.

<sup>178</sup> Sjá til dæmis Wikipedia.org →English Channel.

Erlede væri karlmannleg, sem óhjákvæmilega spyrnir saman skriðsundi og karlmannlegum vexti.<sup>179</sup> Sund gat líka sameinast íhaldssömum hugmyndum um kvenhlutverk fyrir tilstuðlan bandaríska Hollywood-kvikmynda. Á fyrstu áratugum 20. aldar urðu sunddrottningar vinsælt viðfangsefni í bíómyndum. Þar komu þær fram í hópatriðum sem eiga meira skylt við sundballett (*synchronized swimming*) en keppnissund. Þessum atriðum fylgdi hófsamleg nekt og kynferðislegt aðdráttarafl. Sambræðingur sundkunnáttu og kynferðis gerði það að verkum að sund var sjaldan dregið í efa sem íþrótt sem gæti hentað konum. Sundkunnátta hafði þó ekki alltaf þótt eiga samleið með kvenlegum eiginleikum, þar sem ákveðin togstreita ríkti varðandi keppni. Rétt eins og fimleikarnir vann sundið sér sess sem holl afþreying en á meðan fimleikar voru viðurkenndir sem sýningaríþrótt, enda frammistaða háð dómgæslu, var keppt í sundi. Sundið er enda þannig íþrótt að árangur og framfarir eru



„Þessar konur ættu að fá nafn sitt letrað með gylltu letri í sögu kvenfrelsis á Íslandi.“ *Vigsla sundskálans 1909.*

best mældar í tíma og keppni. Um leið og tími er mældur skapast óneitanlega rými fyrir samanburð og keppni, hvað sem hugmyndum um samspil keppnisíþróttu og kvenleika líður.<sup>180</sup>

Árið eftir sundskálavígsluna við Örfirisey árið 1909 var haldin önnur keppni og þar kepptu konur í stað þess að sýna eins og þær höfðu gert árið áður. Svava Þorleifsdóttir úr Iðunni vann þar örugglega og aðrar Iðunnarstúlkur röðuðu sér í sætin á eftir. Sundskálinn við Örfirisey drabbaðist þó fljótt niður og var í hálfgerðri niðurníðslu næstu árin,<sup>181</sup> eða

allt til ársins 1924 þegar keppt var aftur í sundi við Örfirisey.<sup>182</sup> Flestar heimildir benda til þess að á flestum stöðum á landinu hafi stúlkur lært sund til jafns við pílta og heyrði það til algerra undantekninga ef svo var ekki. Þótt sundkeppnir í Reykjavík hafi lagst af var keppt í sundi í Borgarfirði árin 1913 og 1914 á vegum Ungmennasambands Borgarfjarðar og synt í

<sup>179</sup> *Vörður*. 4. árg. 45. tbl. 30. október 1926, bls. 1.

<sup>180</sup> Craig Loyd, *100 Years of FINA*. Fengið af heimasíðu FINA ( alþjóðlega sundsambandið [www.fina.org](http://www.fina.org) → *fina sports* → emancipation. Sjá einnig Sharon R.Guhrie og Shirley Castelnovo, „The Significance of Body Image in Psychosocial Development.“ *Women and Sport: interdisciplinary perspectives*. Útgáfustaðar ekki getið. 1994, bls. 308–313. Einnig Jennifer Hargreaves. *Sporting Females*, bls.128–129.

<sup>181</sup> Sigurður Á. Friðþjófsson, *Íþróttir í Reykjavík*, bls. 30.

<sup>182</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla, saga ÍR í 100 ár*, bls. 338.

Hvítá. Útbúinn var eirpeningur fyrir sigurvegarann árið 1914 en samkvæmt frásögn í *Skinfaxa* voru keppendur svo lítillátir að enginn vildi þiggja verðlaunin.<sup>183</sup>

Árið 1924 var aftur farið að keppa í sundi við Örfirisey í 50 metra sundi kvenna. Í ágústmánuði sama ár kepptu Ásta Pétursdóttir og Sigríður Sigurbjarnadóttir um sundþrautamerki ÍSÍ en til þess þarf að synda einn kílómetra í köldum sjó á innan við 30 mínútum. Báðar hreptu þær merkið. Ásta Pétursdóttir þreytti einnig kappsund við ónefndan karlmann í kringum Örfirisey það sama ár og þó að hún hafi tapað sundinu var óður rómur gerður að uppátækinu.<sup>184</sup> Sundþrautamerkið var ekki eina afreksviðurkenningin sem ÍSÍ veitti heldur var ákveðið árið 1918 að setja á laggirnar svokallað afreksmerki ÍSÍ, en það var í þremur flokkum, eir, silfri og gulli. Til þess að hljóta afreksmerkið þurfti að sýna fram á færni í þónokkrum íþróttagreinum. Í upphaflegri reglugerð um afreksmerkið var glíma ein af flokkunum fimm, sem sjálfkrafa útilokaði stúlkur.<sup>185</sup> Sundmerki ÍSÍ var eins konar sproti af afreksmerkinu og bara veitt fyrir sund, sem opnaði konum leið til að hljóta það, auk þess sem tímamörk voru rýmkuð fyrir konur sem ber vott um að innan sundsins hafi hugmyndin um afrek rúmað konur.

Ákveðinn dýrðarljómi fylgir því óneitanlega að leysa þraut sem aðeins er á fárra færi, líkt og að synda langa vegalend í köldum íslenskum sjó. Á þriðja áratugnum fóru íslenskar konur, líkt og stallsystur þeirra í Evrópu, að þreyta langsund. Íslenskar konur á borð við Ástu Pétursdóttur, sem var þriðji Íslendingurinn til að synda til Viðeyjar,<sup>186</sup> og Rigmor Hansen, sem var fyrsta konan sem synti til Engeyjar, voru þekktar sem sundkonur í bæjarlífinu og blöðin fylgdust grannt með afrekum þeirra í vatninu.<sup>187</sup> Hins vegar voru langsund íslenskra kvenna ekki vatn á myllu sundkeppni, því afar sjaldan var keppt í lengri vegalendum en 200 stikum langt fram eftir þriðja og fjórða áratugnum. Hvað sem því leið fór sundiðkun vaxandi og árið 1926 var keppt í telpnaflokki í sundi við Örfirisey.<sup>188</sup> Það var í fyrsta skipti sem kvennakeppni í sundi var aldursflokkaskipt en það var tákni um ræktarsemi við sund kvenna og keppni.

Allra frægasta langsund Íslendinga er hið sjö kílómetra langa sund Grettis út í Drangey og sund þetta var eitt af minnisstæðustu afrekum hans. Ef til vill var það Drangeyjarsundið sem olli því að hér á landi hafa sundleiðir sem liggja frá strönd að eyju

<sup>183</sup> *Skinfaxi*. 5. árg. 9. tbl. 1. september 1914. bls. 119.

<sup>184</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla, saga ÍR í 100 ár*, bls. 338. Sjá einnig *Æskan*. 28. árg. 9. tbl. september 1928, bls. 65.

<sup>185</sup> Reglugerð ÍSÍ um afreksmerkin birtist í *Skinfaxa* 3. tbl.9. árg. mars 1918, bls.21–23.

<sup>186</sup> *Æskan*. 28. árg. 9. tbl. september 1928, bls. 65.

<sup>187</sup> *Morgunblaðið* 19. júní 1934, bls.3.

<sup>188</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla, saga ÍR í 100 ár*, bls. 339.



orðið vinsælastar en ekki sundleiðir sem liggja t.d. um þvera firði eða sund, eins og í Evrópu. Annað sundafrek sem unnið var á söguöld var sund Helgu Jarlsdóttur þegar hún synti með son sinn barnungan í land úr Hólminum í Hvalfirði. Sundfrek Helgu var stundum tíundað í íþróttaumfjöllun og þá sérstaklega með tilvísun til þess hve sundiðkun hefði verið útbreidd á söguöld. Ekki verður séð að sagan af Helgu hafi á nokkurn hátt verið notað til að styðja sundiðkun kvenna á Íslandi í upphafi 20. aldar, þrátt fyrir að þessi kvenhetja tengdi saman íþróttaiðkun kvenna og íþróttafrek sögualdar, sem var vinsælt viðmið og fyrirmynd á fyrstu árum íslenskar íþróttahreyfingar. Sundkonur voru aldrei persónugerðar í Helgu,<sup>189</sup> líkt og gert var oft við íþróttakappa sem voru annað hvort Grettir, Gunnar eða jafnvel þeir báðir. Á þessu tímabili, þriðja áratugnum, urðu til fyrstu afreksíþróttakonur Íslands og kvennaíþróttir öðluðust nöfn og andlit. Sundkonurnar kepptu við klukkuna og árangur og framfarir urðu mælanlegar einingar en ekki huglægt mat. Þótt konur hafi keppt í sundi til jafns við piltá nánast frá því að sundkeppnir hófust, að undanskildum fyrstu árunum, var þó ennþá munur á. Konur kepptu í færri greinum og styttri og nánast eingöngu í bringusundi.

Skriðsundskunnátta var þó þekkt meðal kvenna og Gerda Hanson og dætur hennar Ruth og Rigmor héldu margar sundsýningar þar sem þær sýndu hinar ýmsu sundtegundir, t.d. skriðsund, ásamt sundkúnstum eins og kópasundi, hnýsusundi, að reisa mastur, gufuskippsskrúfu og fleira.<sup>190</sup> Ekki er nákvæmlega vitað hvað fólst í þessum listum en þar sem mæðgurnar kenndu einnig dans er ekki ólíklegt að hér hafi verið um einhver afbrigði af vatnsballett að ræða. Á fyrstu þremur áratugum 20. aldar voru stærstu viðburðirnir innan íslensku sundhreyfingarinnar tvær sundkeppnir. Annars vegar Nýárssundið, sem var haldið 1. janúar ár hvert frá 1911 til 1951, þó með hléi frá 1915 til 1918, og hins vegar Íslendingasundið, sem haldið var að sumarlagi frá 1911 en féll þó oft niður sökum aðstöðuleysis. Eftir að sundskálinn við Örfirisey komst í samt lag árið 1924 varð keppnin aftur að árlegum viðburði fram til ársins 1933.<sup>191</sup> Íslendingasundið var 500 stiku löng sundleið í sjó og hlaut sigurvegarinn verðlaunagrip og sæmdarheitið sundkóngur Íslands. Samhliða keppninni var haldin kvennakeppni frá 1925 og oftast keppt í 100 stiku bringusundi. Þó að kvennakeppnin hafi verið þreytt samhliða Íslendingasundinu var ljóst að hún var ekki hluti aðalkeppninnar. *Morgunblaðið* segir til dæmis svo frá keppninni 1929 að

---

<sup>189</sup> Á þessu er þó ein undantekning. Árið 1959 endurtók Helga Haraldsdóttir, margfaldur Íslandsmeistari, sund nöfnu sinnar í Hvalfirðinum. Þótti þetta mikið afrek og vel til fundið, ekki síst vegna þess að eiginmaður Helgu Haraldsdóttur hét Hörður, líkt og maður Helgu er þreytti sundið á söguöld. *Tíminn* 2. ágúst 1959, bls. 10.

<sup>190</sup> *Morgunblaðið* 19. júní 1927, bls. 2.

<sup>191</sup> *Ísafold* 17. ágúst 1926, bls. 4.

Íslendingasundið hafi farið fram að lokinni kvennakeppninni.<sup>192</sup> Orðanna hljóðan felur í sér að þarna hafi verið um tvær aðskildar keppnir að ræða. Þó var veittur bikar fyrir kvennakeppnina en þrátt fyrir það varð hún aldrei formlegur hluti af Íslendingasundinu.

Titillinn sundkóngur Íslands var í beinu samhengi við Íslandsglímuna svokölluðu en sigurvegari hennar hlaut nafnbótina glímukóngur Íslands. *Vísir* segir svo frá árið 1930 að almenningur hafi tekið upp á því að kalla þær sundkonur sem sköruðu fram úr í vatninu sunddrottningar sem svar við sundkóngstitlinum úr Íslandssundinu.<sup>193</sup> Orðið sunddrottning vann sér síðan sess í tungumálinu og seinna tíðkaðist að keppa um sunddrottningartitilinn til jafns við sundkónginn í bæjarkeppnum víðs vegar um landið. Til dæmis var keppt um titlana sunddrottning og sundkóngur Hafnarfjarðar árið 1949.<sup>194</sup> Þær keppnir urðu hins vegar til eftir að hætt var að keppa um nafnbótina sundkóngur Íslands. Það er síðan kaldhæðni orlaganna að orðið sundkóngur hefur með tíð og tíma dottið úr talmáli en sunddrottningin lifir góðu lífi.

Þátttaka í sundmótum var lengi vel upp og ofan, jafnt hjá körlum sem konum, en með tímanum komu fleiri sundmenn upp á yfirborðið og keppnin varð þéttari sem leiddi til aukins árangur. Eftir að metaskráning hófst árið 1927 voru Íslandsmetin bætt reglulega og þó að á hverjum tíma hafi einhverjar stjörnur einokað laugina, t.d. Klara Klængsdóttir og Regína Magnúsdóttir sem fyrst í stað áttu allflest metin, var þróunin stöðug jafnt í karla- sem kvennaflokkum og sundmaður kom í sundmanns stað.

Á fimmta áratugnum hófust fyrir alvöru samskipti íslenskra og erlendra sundmanna. Árið 1949 var háð landskeppni milli Noregs og Íslands sem lauk með sigri Íslands. Sex karlmenn og þrjár konur komu frá Noregi og þrátt fyrir að norsku konurnar hafi unnið þær íslensku í heildarstigakeppninni „eins og við var að búast“<sup>195</sup> settu stúlkurnar, og þá sér í lagi Kolbrún Ólafsdóttir og Anna Ólafsdóttir, hvert Íslandsmetið á fætur öðru og voru hársbreidd frá því að landa sigri í allnokkrum greinum. Árangur þeirra varð til þess að þær voru valdar í Ólympíuliðið 1948, fyrstar íslenskra kvenna, auk Þórdísar Árnadóttur úr Ármanni. Íslensku sundkonurnar á Ólympíuleikunum árið 1948 syntu undir getu og væntingum og sundliðinu í heild gekk fremur illa. Þó verður að hafa í huga að þær voru bara 14 og 15 ára og höfðu enga reynslu af alþjóðlegum mótum, fyrir utan mótheimsókn

---

<sup>192</sup> *Morgunblaðið* 24. ágúst 1929, bls. 4, einnig *Morgunblaðið* 27. ágúst 1929, bls.4.

<sup>193</sup> *Vísir* 3. október 1930, bls. 5.

<sup>194</sup> *Morgunblaðið* 23. nóvember 1949, bls. 5.

<sup>195</sup> *Tíminn* 10. maí 1948, bls.1.

Norðmanna. Þær létu þó ekki slakan árangur á Ólympíuleikunum aftra sér og þær Anna og Kolbrún fengu afreksmerki ÍSÍ seinna á árinu fyrir að hafa sett yfir tíu Íslandsmet á árinu.<sup>196</sup>

Árið eftir var haldið Norðurlandameistaramót í sundi í Noregi en til fararinnar voru valdir sex karlar og engin kona. Hins vegar náðu aðeins fjórir því lágmarki sem Sundsamband Íslands setti fyrir mótið þannig að ákveðið var að fjölga í hópnum.<sup>197</sup> Ein kona, Þórdís Árnadóttir, náði tilskildu lágmarki fyrir mótið,<sup>198</sup> en þrátt fyrir það var hún ekki valin. Þess í stað var fjölgað í liðinu og tveir karlmenn valdir til fararinnar sem engin lágmark höfðu. Vera má að það hafi ráðið ákvörðuninni að Þórdís synti ekki undir þessum lágmarkum á úrtökumóti sem fór fram 19. júlí heldur átti hún tímana frá því fyrr um árið. Engar heimildir eru til um tilurð ákvörðunarinnar en ef til vill hafði slakur árangur árið á undan eitthvað að segja. Eitt og sér nægir það þó ekki vegna þess að flestöllum úr Ólympíuliðinu nema einum keppanda, Sigurði Jónssyni Þingeyingi, gekk hörmulega á mótinu. Árangurstengingin nægir heldur ekki ein og sér, því sé tekið mið af tímum Kolbrúnar og Þórdísar og verðlaunatímum á Norðurlandamótinu kemur í ljós að þær áttu fullt erindi á mótið og hefðu getað komist í verðlaunasæti. Þetta hefði ekki átt að koma sundforystunni á óvart. Ekkert blaðanna gerði athugasemd við þetta eða tók fram þegar úrslit af mótinu voru birt<sup>199</sup> að þarna hefðu íslenskar konur átt að eiga sæti. Fjarveru kvennanna var tekið með fullkominni þögn af hálfu íslenskrar íþróttaforystu sem og íþróttakvenna.

Þetta er þó ekkert einsdæmi og svipuð dæmi eru vel þekkt minni úr íþróttasögu kvenna. Oftar en ekki hefur það gerst að eftir að búið er að vinna markvisst að kvennaíþróttum í nokkurn tíma er botninn sleginn úr af hálfu íþrótt- eða sérsambanda. Þetta átti eftir að endurtaka sig alloft á komandi árum þegar heilu kvennaliðin voru lögð niður í trássi við iðkendur.<sup>200</sup> Stundum hefur útskýringin verið sú að árangur í kvennakeppni þurfi að vera mjög framúrskarandi til að keppnin festi sig í sessi. Annars verði litið svo á málin að það hafi verið reynt, og það látið nægja, því árangurinn hafi verið

<sup>196</sup> *Morgunblaðið* 4. mars 1949, bls 5

<sup>197</sup> *Alþýðublaðið* 20. júlí 1949, bls. 8.

<sup>198</sup> *Tíminn* 21. júlí 1949, bls 3.

<sup>199</sup> *Morgunblaðið* 24. ágúst 1949, bls. 24

<sup>200</sup> Dæmi um þetta eru mýmörg og ekki öll kurl komin til grafar ennþá. Skýrasta dæmið er þegar kvennalandsliðið í knattspyrnu var lagt niður árið 1984. Sjá Kristín Eva Bjarnadóttir, „Íslensk kvennaknattspyrna fyrstu árin.“ Lokaverkefni frá Háskóla Íslands, menntavísindasviði. 2010, bls. 26.

undir væntingum. Hugtakið bakslag er vel þekkt úr kvennasögu og á það vel við í þessum tilfellum.<sup>201</sup>

Á síðari hluta sjötta áratugarins fór þó að vora til í íslensku sundlífi og upp spruttu efnilegir íslenskir sundmenn. Ágústa Þorsteinsdóttir úr Ármanni keppti á Norðurlandameistaramóti unglunga árið 1958 og hreppti þar eitt silfur og eitt brons. Sama ár átti hún um tíma besta tíma á Norðurlöndum í 100 metra skriðsundi. Árið eftir tók hún þátt í Norðurlandameistaramótinu og varð í þriðja sæti í 100 metra skriðsundi, en dómaraúrskurð þurfti til að dæma um röð fyrstu þriggja. Mörg blaðanna sögðu að annað sætið hefði ranglega verið dæmt af Ágústu.<sup>202</sup> Ferill Ágústu fékk þó snarpan endi það sama ár er hún trúlofaðist tilvonandi eiginmanni sínum.

Ástæða þess að trúlofunar Ágústu er sérstaklega getið hér og sett í óbeint sambengi við að hún skyldi hafa hætt að synda svo skyndilega er ekki úr lausu lofti gripin. Í viðtali við tvær afreksíþróttakonur frá sjöunda áratugnum komu fram ólík sjónarmið varðandi trúlofun og giftingu og áhrif þess á íþróttaiðkun kvenna. Ónefnd afrekskona úr sundíþróttinni lét þess getið að almenningsálitið hafði ekki alltaf verið þeim konum í hag sem héldu áfram íþróttaiðkun eftir trúlofun eða giftingu. Sjálf hefði hún kosið að halda áfram að æfa og keppa í sundi eftir að hún trúlofaði sig og verið talin „hálf biluð“ fyrir vikið. Önnur hélt því fram að þó svo að þetta viðhorf þekktist hefði það ekki verið algilt, því íþróttakonur sem t.d. hefðu trúlofast eða gifst öðrum íþróttamönnum eða einhverjum sem var tengdur íþróttahreyfingunni hefðu notið meiri skilnings og umburðarlyndis.<sup>203</sup>

Þótt það hafi þekkst innan sundheimsins að ekki þætti við hæfi að konur héldu áfram keppni eftir trúlofun var sundið sú íþrótt sem konur áttu hvað greiðastan aðgang að allt frá upphafi. Skipti þar máli að sundiðkun þjónaði líka tilgangi þrifa og lífsbjargar auk þess sem það þótti ekki stangast á við hugmyndir um kvenleika. Þó að konur hafi nær alltaf keppt við hlið karla var engum vafa orpið hvert kastljósinu var beint. Þótt mikið hafi verið lagt upp úr umfjöllun um kvennasund og umfjöllunin hafi í raun oft og tíðum verið vönduð og metnaðarfull vantar samt einstaklinginn í umfjöllunina. Sundkonum var nær alltaf lýst úr fjarlægð, sem er í raun þekkt stef í nær allri umfjöllun um íþróttakonur. Samtímalýsingar og blaðaumfjöllun styðja þessa tilgátu og sýna enn fremur hvernig áþreifanlegur munur var gerður á körlum og konum. Mikið var lagt upp úr lifandi myndum af sundköppum og gerðu

---

<sup>201</sup> Margaret Costa og Sharon R. Guthrie, „Feminist Perspectives: Interactions With Women and Sport.“ *Women and Sport: interdisciplinary perspectives*, bls. 250–251. Sjá einnig [womenshistory.about.com](http://womenshistory.about.com) → glossary → backlash.

<sup>202</sup> *Morgunblaðið* 13. ágúst 1959, bls 18.

<sup>203</sup> Viðtal við Sigríði Sigurðardóttur, 13. september 2009. Einnig viðtal við ónefnda landsliðskonu í sundi. 15. september 2009.

blaðamenn sér far um að lýsa persónueinkennum sundmanna og flétta inn í umfjöllunina. Sem dæmi má nefna umfjöllun *Morgunblaðsins* um Íslandsmetssund Sigurðar Jónssonar Þingeyings árið 1949: „það sást á Sigga að hann var staðráðinn í að vinna þetta sund“. <sup>204</sup> Þar með var fjarlægðin milli íþróttamannsins og þeirra sem upplifðu sundið í gegnum blaðaumfjöllun brotin niður. Hann er nefndur með gælunafni og hegðun hans lýst til að gera sundið sem í vændum var meira lifandi. Sundunum er síðan oft lýst nokkuð lipurlega og einstök atriði á borð við útfærslu snúninga eða endaspretti lýst. Slíkar lýsingar er sjaldan að finna á kvennasundum, nema í skötulíki. Sumar stúlkur eru sagðar efnilegar og stundum reyndu íþróttafréttamenn að spá í spilinn og spá fyrir um hvor Ármenninganna væri líklegri til að vinna á tilteknu móti en þó ekkert á borð við lýsingar á sundi karla.

Sundiþróttin býður upp á að sundstjörnur í krafti fjölbæfni sinnar einoki laugina en þótt margar sundkvennanna hafi vissulega fengið ágætis blaðaumfjöllun skortir kumpánlega nálægðina sem einkenndi umfjöllun um karla. Útliti þeirra, atgervi, hátterni og sundstíl er hvergi lýst með sama hætti og með jafn miklum stílbrögðum og karlasundum.

Oft eru einu frásagnir af íþróttatburðum skráðar í sögurit stofnana á borð við íþróttadeildir og sérsambönd. Þegar kemur að ritun þessara verka virðist stundum sem höfundarnir gangi gagnrýnislaust frásagnarmáta feðraveldisins á hönd og kemur þá glöggt í ljós hvernig umfjöllun um kvennaíþróttir er háttað. Í 100 ára afmælisriti ÍR er frásögn af sundfólkinu Guðmundi Gíslasyni og Hrafnhildi Gunnarsdóttur á Norðurlandameistaramótinu árið 1963. Hrafnhildur landaði verðlaunasæti í 200 metra bringusundi á nýju Íslandsmeti en óheppnin elti Guðmund og hvorki gekk né rak hjá honum á mótinu. Í ritinu er töluvert meira púðri eytt í að rekja óheppni Guðmundar í smáatriðum og útskýra af hverju árangur hans stóð ekki undir væntingum en að segja frá verðlaunasundi Hrafnhildar. Hrakfarasaga Guðmundar endar á því að taka fram að honum hafi gengið mun betur á sama móti tveimur árum síðar þegar hann lenti í 4. og 5. sæti. Síðar þetta sama ár fóru Hrafnhildur og Guðmundur í keppnisferð til Svíþjóðar þar sem Hrafnhildur setti Íslandsmet í 100 metra skriðsundi og 100 metra bringusundi auk þess að sigra þáverandi Norðurlandameistara. Séu línurnar í ritinu taldar er frásögnin af óheppni Guðmundar á Norðurlandameistaramótinu 1963 27 línur en frásögnin af silfursundi Hrafnhildar sem og sigri hennar síðar á árinu fær samtals níu línur. Slíkur frásagnarmáti er ekkert einsdæmi og einskorðast ekki við sund. <sup>205</sup>

<sup>204</sup> *Morgunblaðið* 24. ágúst 1949, bls. 5.

<sup>205</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla, saga ÍR í 100 ár*, bls 354–356.

### 3.3 Viðhorf til kvennaíþróttar, innan lands sem utan

Tímabilið sem hér er til umfjöllunar spannar um þrjátíu ár og á þeim tíma breyttist margt. Íslenskar íþróttakonur fetuðu sig frá því að vera nafnlaus hópur yfir í að verða afrekskonur. Innan sundsins öðluðust konur viðurkenningu sem íþróttamenn sem kepptu við klukkuna eftir hlutlægu mati og utanferðir fimleikastúlkanna voru viðurkenning á að kvennaíþróttir ættu allt eins erindi út fyrir landsteinana eins og karlaíþróttir, þótt fimleikastúlkurnar fengju minnst af þeirri viðurkenningu sjálfar.

Þó má ekki gleyma að á þriðja og fjórða áratugnum var viðhorf til kvenna á Íslandi mun íhaldssamara en árin á undan. Eftir þónokkrar deilur og fjölbreyttar hugmyndir um kyn og kynhlutverk á áratugunum á undan varð íhaldssamari hugmyndafræði ofan á, sem ítrekaði að hlutverk konunnar væri fyrst og fremst að láta til sín taka á einkasviðinu, við heimilishald og barnauppleði og láta karlmennina um að sinna hinum opinberu verkum.<sup>206</sup> Hvað íþróttirnar varðar olli þessi þankagangur ákveðinni þversögn. Íþróttir gátu fullkomlega samræmst íhaldssömum hugmyndum um konur og þær látnar þjóna því hlutverki að undirstrika hið kvenlega eðli sem heilsubót, og þá sem undirbúningur fyrir barnsburð, og sem sýningaríþrótt, líkt og fimleikarnir. Hins vegar fer óhjákvæmilega að breyta í þeim stöðum þegar kemur að keppnum eða utanlandsferðum. Íhaldssamt viðhorf til kvenna og tilraunir til að smætta hlut þeirra áttu sér grófari birtingarmyndir en sú umgjörð íþróttar sem hér var lýst.

„Það er svo ljótt að sjá konur með alla vöðva spennu!“<sup>207</sup> var haft eftir Sigurjóni Greipssyni, glímukappa og formanni Héraðssambandsins Skarphéðins til margra ára. Sigurjón var innsti koppur í búi í ungmennafélagshreyfingunni og þekktur um land allt og ólíklegt er að hann hafi getað látið slík orð falla án þess að eiga sér skoðanabræður. Skoðanir á borð við þær sem Sigurjón reifar skutu reglulega upp kollinum. Í *Mánudagsblaðinu* birtist grein um kvennaíþróttir árið 1949 þar sem höfundur fann þeim flest til foráttu. Ein helsta röksemd greinarhöfundar gegn kvennaíþróttum var sú að keppnisíþróttir gerðu konur ókvenlegar í vexti og þær með gætu þær átt á hættu að missa kynferðislegt aðdráttarafl. Kvennaíþróttir ættu að hafa þann tilgang einan að fegra konur, en þær áttu ekki að „þenja sig út í íþróttum sem geri þær ljótar í vextinum“.<sup>208</sup>

*Mánudagsblaðið* var aftur á ferðinni með svipaða umfjöllun tveimur árum seinna en þá heldur afdráttarlausari og harkalegri. Greinarhöfundur skipti íþróttagreinum upp í tvo

<sup>206</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 365–367.

<sup>207</sup> Jón M. Ívarsson, *HSK í 100 ár*. Garðabær 2010, bls.100.

<sup>208</sup> *Mánudagsblaðið* 28. nóvember 1949, bls. 5.

hópa, einn sem hann taldi hafa fegrandi áhrif á konur og annan sem hann taldi hafa afskræmandi áhrif á þær. Í fyrri flokknum, sem var töluvert minni en sá seinni, setti greinarhöfundur meðal annars baksund, bogfimi og fimleika, en í þann seinni féllu flestar aðrar íþróttir, svo sem hópíþróttir, allar íþróttir þar sem hlaup komu við sögu og allar sundgreinar að baksundinu undanskildu. Óhætt er að fullyrða að sjaldan eða aldrei hafi kvennaíþróttir á Íslandi fengið jafn stóran löðrung og birtist þarna á prenti. Greinarhöfundur sagði konur verða sér til athlægis með allri áreynslu og dró upp dramatískar lýsingar á því hversu ljótar konur yrðu af áreynslu.

Mér dettur, í því sambandi, sérstaklega í hug ein millilandakeppni, þar sem tvær stúlkurnar léku [tennis] af svo miklum eldmóði, að eftir keppni sátu báðar flötum beinum og hölluðu sér upp að vegg, með tunguna lafandi út ur sér, andlitin rauðglóandi, rennvott hárið í flygsum og fötin eins og þau væru límd að þeim. Nei stúlkur. Þetta er ekki hægt.<sup>209</sup>

Öllum hlaupum og stökkum telur höfundur að kvenfólk ætti að hætta samstundis, því fótaborður kvenna standi einfaldlega ekki undir því. Hlaupandi og hoppandi kvenfætur séu bogdir og skringilegir og „hnén virðast ætla í öfuga átt“. Fyrst og síðast er það áreynsla á kostnað fegurðar sem höfundurinn fyrir lítur eins og þegar hann lýsir 100 metra hlaupi kvenna: „og svo ættu þær að sjá framan í sig, þegar þær slíta snúrana eftir 100 m hlaup, grettar og afmyndaðar og með svitadropa eftir andlitinu“. Hópíþróttir fá þá einkunn að sá sem telji að þær gætu hentað konum ætti að leita sér geðlækninga. Skíðaíþróttin gæti svo sem verið í lagi, þar sem skíðagallar væru fallegir og konur gætu skíðað þannig að unun væri að horfa á, en hins vegar væru þær alltaf að rekast á hluti og detta og lentu þá gjarnan í afkáralegum stellingum og settu upp eymdarsvip.<sup>210</sup>

Vissulega ber að taka þessum greinarskrifum *Mánudagsblaðsins* með nokkrum fyrirvara þar sem það var talsvert frábrugðið „virðulegu“ dagblöðunum. Blaðið stundaði ögrandi blaðamennsku sem var blanda af hægristefnu, popúlisma og íhaldssemi og umfjöllun þess fór oft fyrir brjóstið á mörgum. Hins vegar verður ekki framhjá því litið að þær skoðanir sem blaðið reifar áttu sér stoð innan íþróttahreyfingarinnar ef tekið er tillit til orða Sigurðar Greipssonar.

Þessum skrifum var hvergi mótmælt, hvorki af íþróttamönnum, dálkahöfundum né íþróttaförystunni. Það er þó ekki nýtt af nálinni að íþróttakonur taki því með þegjandi þögninni þegar á hlut þeirra er gengið. Vissulega hafa verið stofnuð íþróttafélög kvenna

<sup>209</sup> *Mánudagsblaðið* 6. ágúst 1951, bls. 5.

<sup>210</sup> sama

sem hafa klofið sig út úr öðrum íþróttafélögum þegar kvenkyns iðkendur var misboðið, eins og íþróttafélag kvenna sem stofnað var árið 1934 þegar fimleikastúlkur úr KR sættu sig ekki við að karlkyns þjálfari hefði verið fenginn til að kenna leikfimi í stað Unnar Jónsdóttur, gamalreyns þjálfara og íþróttakonur.<sup>211</sup> Konur drógu þó sjaldan fram pennann eða opnuðu munninn og mótmæltu í heyranda hljóði þegar á hlut þeirra var gengið.<sup>212</sup> Almennt má segja að íþróttakonur hafi hræðst að láta í sér heyra af ótta við að verða ýtt út á jaðarinn. Sigríður Sigurjónsdóttir, landsliðskona í handbolta, gagnrýndi Handknattleikssamband Íslands fyrir að hafa gert út af við kvennahandbolta í kjölfar Norðurlandameistaramótsins 1964. Til að slá varnagla í gagnrýni sinni sagði Sigríður í viðtali „að kannski væri þetta bara kvenréttindaraus, en svona var þetta nú“.<sup>213</sup> Þannig setur hún fyrirvara við ummæli sín og vísar þeim til föðuruhúsa kvennahreyfingarinnar.

Hugmyndir á borð við þær sem *Mánudagsblaðið* birti voru ekkert nýmæli. Íþróttaiðkun og -keppni kvenna stóð í sífelldu stríði við hefðbundnar hugmyndir um kynhlutverk út alla öldina. Segja má að skipulögð áróðursstarfsemi til að grafa undan íþróttaiðkun kvenna hafi verið stunduð á Vesturlöndum og angar af þeim hugmyndum borist til Íslands. Í köflunum á undan var tæpt á hugmyndum um keppni kvenna og hvernig henni var fundið flest til foráttu og hún talin grafa undan kvenleika. Þessi áróðursstarfssemi átti sér einnig birtingarmynd í vafasömum fullyrðingum sem áttu að eiga sér stoð í vísindum. Á fyrstu áratugum aldarinnar þótti sumum fullsannað að íþróttir, og þá sér í lagi harðar keppnisíþróttir sem fólu í sér líkamlega snertingu við andstæðinginn, gætu skaðað móðurlíf kvenna og getuna til að eignast börn. Högg og stökk áttu að geta hrist legið þannig að skaði hlaust af og öll áreynsla var talin veikja konur. Út frá því spratt hið eilífa þrætuepli um það hvort konur hefðu líkamlega getu til að framkvæma hinar og þessar íþróttir.<sup>214</sup> Hérna heima mátti sjá þetta í tregðu við að koma kvennaíþróttum og þá sérstaklega keppni í lengri vegalengdum á kortið. Ekki var keppt í víðavangshlaupum kvenna fyrr en á sjötta áratugnum og bæði í sundi og frjálsum íþróttum var lengi vel aðeins keppt í styttri vegalendum kvenna. Innan frjálsíþróttar- hreyfingarinnar voru uppi getgátur um það hvort konur hefðu yfirleitt líkamsburði til að stunda frjálsar íþróttir en samkvæmt fundargerðum Héraðssambandsins Skarphéðins voru t.d. nokkrum sinnum felldar þar tillögur um að koma

<sup>211</sup> Anna Margrét Jóhannesdóttir, *Íþróttafélag kvenna afmælisrit 1934–1994*. Reykjavík 1994. bls. 12.

<sup>212</sup> Undantekning var árið 1982 þegar kvennalandsliðið í handbolta mótmælti landsliðsmálum HSÍ með útgáfu blaðs um kvennahandbolta. Kjarninn í mótmælunum var sá að karlalandsliðið fékk 1,4 milljónir króna á fjárhagsáætlun sambandsins en kvennalandsliðið sléttar núll krónur. *Íslenskur kvennahandknattleikur*. Reykjavík 1982.

<sup>213</sup> Jón Birgir Pétursson og Steinar J. Lúðvíksson, *Valur vængjum þöndum*. Reykjavík 1981, bls 138.

<sup>214</sup> Pat Griffin, *Strong Women, Deep Closets. – Lesbians and Homophobia in Sports*, bls. 37.



á koppinn frjálsíþróttum fyrir stúlkur því að það þótti allt of erfitt, auk þess að vera ekki kvenlegt.<sup>215</sup>

Það var þó ekki bara óttinn við að konur gætu á einhvern hátt beðið líkamlegan skaða sem stóð í vegi fyrir íþróttakonum. Þegar líða tók á fjórða og fimmta áratuginn áttu þær einnig á hættu að breytast hreinlega í karlmenn, samkvæmt kenningum margra. Þegar kvennaíþróttir höfðu endanlega slitið barnsskónum varð þróunin hröð og skyndilega komu fram á sjónarsviðið áberandi íþróttastjörnur sem virtust hreinlega ósigrandi á sínum sviðum. Þessar konur voru á margan hátt frábrugðnar íþróttakonum annars og þriðja áratugarins því þær voru stæltar, vel þjálfaðar og lögðu allt í sölurnar til að sigra. Þarna fannst mörgum vera stigið út fyrir ramma kvenleikans svo um munaði og þessar konur þurftu að standa í hatrammri baráttu fyrir tilvistarrétti sínum og kynferði við íþróttahreyfinguna og fjölmiðla. Frjálsíþróttakonur á borð við Babe Didrikson, Stellu Walch og systurnar Tamöru og Stellu Press þurfu að þola að gefið væri leynt og ljóst í skyn að sökum góðs árangurs væru þær á einhvern hátt ekki konur.<sup>216</sup> Frægð þessara umdeildu kvenna barst til Íslands en flest blöðin létu sér nægja að segja að hin og þessi kona þætti „kraftaleg“<sup>217</sup>, „ekki kvenleg“<sup>218</sup> eða setja gæsalappir um orðið dama<sup>219</sup> þegar þau sögðu frá árangri þeirra á erlendum stórmótum. Hins vegar hafa einhverjar fleiri og vafasamari sögur af erlendum frjálsíþróttakonum borist til landsins. Ónefndur greinarhöfundur sagði frá því í *Degi* að akureyrskar handboltastelpur hefðu hætt að mæta á æfingar eftir að hafa lesið grein um Stellu Walsh í bandaríska tímaritinu *All Sports* af ótta við að þeim færi að vaxa skegg.<sup>220</sup>

Hugmyndir um íþróttakonur sem einhvers konar karlkonur lifði góðu lífi í fjölmiðlun og umfjöllun um íþróttir fram á áttunda áratuginn. Eftir það tók lesbían við sem grýla sem öllum íþróttakonum bæri að varast. Afrekskonur í íþróttum urðu að bæta upp fyrir misstigin á hinni þröngu braut kvenleikans með því að sýna fram á og undirstrika hið kvenlega eðli á annan hátt, þar sem hógværð og undirgefni var hin æðsta dyggð. Á Ólympíuleikunum 1948 sló hollensk frjálsíþróttakona, Fanney Blankers-Koen, eftirminnilega í gegn með því að sigra í fjórum greinum auk þess að setja heimsmet í 80 metra hlaupi. *Morgunblaðið* birti umfjöllun um Blankers-Koen þar sem móðurhlutverkið var undirstrikað með því að leggja áherslu á að Blankers-Koen væri góð móðir sem léti

<sup>215</sup> Jón M.Ívarsson, *HSK í 100 ár*, bls. 101–102.

<sup>216</sup> Sjá til dæmis Paula Welch og D.Margaret Costa, „A Century of Olympic Competition“, bls.131 og Joan S. Hult, „The Story of Women’s Athletics: Manipulating a Dream 1890–1985“, bls. 93–96.

<sup>217</sup> Sjá t.d *Morgunblaðið* 3. september 1960, bls. 19.

<sup>218</sup> *Tíminn* 23. september 1965, bls. 12.

<sup>219</sup> *Alþýðublaðið* 16. nóvember 1963, bls. 10.

<sup>220</sup> *Dagur* 26. febrúar 1947, bls. 2.

æfingar og íþróttir aldrei trufla fjölskyldulífið. Einnig var sagt að lykilinn að árangri hennar væri þolinmæði og dugnaður en hún fór í einu og öllu eftir orðum þjálfara síns sem einnig var eiginmaður hennar.<sup>221</sup>

Umfjöllunin um Blankers-Koen er ekki ósvipuð sögu Böðvars frá Hnífsdal úr *Fálkanum* sem vitnað var í fyrr í kaflanum. Þar er spyrnt saman íþróttum og þeim mannkostum er þóttu vera kvenlegir eða hæfa konum. Í sögu Böðvars voru það fimleikarnir sem fullkomnuðu og undirstrikuðu hið kvenlega eðli en í tilfalli Blankers-Koen er gerð tilraun til að samþætta afreksíþróttir og íhaldssamar hugmyndir um eðli kvenna með því að draga fram móðurhlutverkið og undirgefni við maka.

Frá öðrum áratugnum til hins sjötta óx þátttaka kvenna verulega og viðhorf til kvennaíþróttar breyttist. Hins vegar voru viðhorf til kvenna og kvenhlutverka áfram fremur íhaldssöm. Þessar hugmyndir birtust í lýsingum á íþróttaviðburðum, umgjörð íþróttar og íþróttaumfjöllun. Íhaldssamt viðhorf til kvennaíþróttar gat þó átt sér grimmari birtingarmyndir eins og orð Sigurðar Greipssonar og greinarnar í *Mánudagsblaðinu* bera vitni um. Aftur á móti eru dramatískustu hugmyndirnar, eins og t.d. greinar Tönsbergs, fimleikabók Björns Jakobssonar og greinar um Blankers-Koen fengnar að láni frá útlöndum og þó að þær hugmyndir sem þar birtist hafi átt einhvern hljómgrunn urðu þær aldrei heftandi fyrir íslenskar íþróttakonur. Að vísu má segja að íþróttakonur hafi heldur ekki gert mikið til að ögra ríkjandi gildum og viðhorfum gagnvart íþróttum, sem hefur ef til vill komið í veg fyrir að deilur mynduðust um hlutverk kvennaíþróttahreyfingarinnar. Slíkar deilur hefðu getað haft í för með sér naglfastara regluverk með boðum og bönnum líkt og gerðist í Bandaríkjunum, Bretlandi og víða í Evrópu.

---

<sup>221</sup> *Morgunblaðið* 17. október 1948, bls. 10.

## 4. Handbolti

### 4.1 Upphaf handbolta

Dollí gat náttúrulega ekki verið í Fótboltafélaginu Kára, eina íþróttagreinin sem það lagði stund á var karlafótbolti; stelpurnar fengu í hæsta lagi að vera með þegar efnt var til tombólu eða kökusölu til ágóða fyrir félagið.<sup>222</sup>

Saga Einars Kárasonar, *Par sem djöflaeyjan rís*, um lífið í Thulekampi er líklega með þekktari Reykjavíkurskáldsögum. Þó að sagan sé skáldskapur dylst engum að um raunverulegar aðstæður og fyrirmyndir er að ræða. Í sögunni stofna braggabúar íþróttafélagið Kára, sem er hliðstæða íþróttafélagsins Þróttar. Þessi stutta saga úr félagsstarfi Kára segir margt um það sem stofnanarit og hátíðarræður íþróttaforkólfa sleppa.

Handbolti var fyrsta hópíþróttin sem íslenskar konur æfðu og kepptu í innan vébanda Íþróttasambands Íslands. Þær virðast strax hafa átt greiðan aðgang að íþróttinni því á fyrsta Íslandsmeistaramótinu í handbolta árið 1940 var bæði keppt í kvenna- og karlaflokki. Slíkt er nánast einsdæmi og vekur upp margar spurningar sem fáir hafa leitast við að svara. Íslensk íþróttarit þegja þunnu hljóði þegar kemur að handboltaiðkun kvenna og höfundar þeirra hafa lítt leitast við að grafast fyrir um útskýringar.

Handboltinn bættist við fátæklega flóru kvennaíþróttar, sem upp úr 1930 voru nær eingöngu sund og fimleikar. Handboltinn varð strax vinsæll meðal kvenna og iðkaður um land allt. Þar með gafst konum tækifæri innan íþróttahreyfingarinnar sem ekki var áður til staðar. Þar sem handbolti var einnig iðkaður sem karlaíþrótt fengu konurnar inngöngu í þau Reykjavíkurfélög sem áður voru þeim lokuð. Í þessum kafla verður uppgangur handboltans á Íslandi skoðaður og velt upp nokkrum spurningum og hugsanlegum útskýringum á aðgengi kvenna að handboltanum.

Handbolti var kynntur til sögunnar árið 1927 í *Skinfaxa* sem leikur er „hentar bæði fyrir pílta og stúlkur“, sem strax opnar dyr fyrir kvenkyns iðkendur.<sup>223</sup> Höfundur greinarinnar var Valdimar Sveinbjörnsson íþróttakennari en hann er oft titlaður faðir handboltans á Íslandi, sé verið að leita að slíkum. Íþróttin náði fyrst útbreiðslu fyrir tilstuðlan Valdimars sem var íþróttakennari í Menntaskólanum í Reykjavík og Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Handbolti var líka stundaður af fótoltamönnum á veturna þegar æft var innanhúss. Ráðamenn íþróttafélaganna reyndu að skikka knattspyrnumennina til að stunda fimleika yfir vetrarmánuðina til að viðhalda styrk og leikni en handboltinn

<sup>222</sup> Einar Kárason, *Par sem djöflaeyjan rís*. Reykjavík 1989, bls. 52.

<sup>223</sup> *Skinfaxi*. 19. árg. 5. tbl. 1. nóvember 1927, bls. 157.

varð fljótlega vinsæll leikur þeirra sem fannst fimleikarnir heldur leiðinlegir.<sup>224</sup> Einnig segir frá því á nokkrum stöðum að handbolta hafi verið iðkaður sem upphitun eða viðbót við fimleika.<sup>225</sup> Tengingar handboltans við fimleika og skólaíþróttir gerðu hann aðgengilegri fyrir konur en t.d. fótbolta. Oft er sagt frá því að handboltinn hafi fallið í grýttan jarðveg meðal formanna og þjálfara íþróttafélaganna sem töldu hann taka tíma og orku frá öðrum íþróttagreinum. Þessar frásagnir eru nokkuð merkilegar í ljósi þess að það voru ekki margar íþróttir, nema kannski hnefaleikar og þá af annarri ástæðu, sem ekki hlutu náð fyrir augum íþróttafélaganna.



*Meistaraflokkur Þróttar í handbolta 1957. Íþróttabúningar kvenna voru lengi vel hannaðir fremur til að undirstrika kynferðið en þess að vera hentugur klæðnaður fyrir hreyfingu.*

grein sem hann birti í *Verði* að innan íþróttar- og ungmennahreyfingarinnar væri ekki margt í boði fyrir stúlkur. Hins vegar gerði hann skýran greinarmun á leikjum og íþróttum þar sem hann taldi að úrval íþróttar væri nóg fyrir drengi en stúlkur skorti leiki.<sup>227</sup> Þetta hefur líklega auðveldað konum til muna aðgengi að íþróttinni þar sem aðrar keppnisíþróttir, að sundinu undanskildu, voru lítt stundaðar af konum og alls ekki markvisst. Samband leikja og kvennaíþróttar er þekkt fyrirbæri erlendis, þar sem íþróttum er stillt upp fyrir stráka en leikjum fyrir stúlkur. Í háskólum vestanhafs var t.d. oft talað um „íþróttadaga“ (*sports days*), þar sem piltar kepptu, en „leikjadaga“ (*play days*) þar sem stúlkurnar kepptu.

<sup>224</sup> Stefán Pálsson, *Frambókin. Knattspyrnufélagið Fram í 100 ár*. Reykjavík 2009, bls. 85. Sjá einnig. Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla. Saga ÍR í 100 ár*, bls. 409.

<sup>225</sup> Björn Pétursson, *Saga FH í 75 ár*. Útgáfustaðar ekki getið. 2004, bls. 22.

<sup>226</sup> *Morgunblaðið* 9. maí 1928, bls. 4.

<sup>227</sup> *Vörður* 4. árg. 38. tbl. 11. september 1926, bls. 4.

Leikurinn í samanburði við íþróttina er saklausari og meira í ætt við leiki barna, meðan íþróttin er tekin alvarlega, æfð og keppt til sigurs. Leikir setja aftur á móti þátttökuna ofar árangri og eru iðkaðir undir formerkjum heilsubótar og skemmtunar frekar en keppni.<sup>228</sup> Einnig skal hafa í huga að sú kvennaíþrótt sem fyrst náði almennum vinsældum, fimleikarnir, voru heldur ekki flokkaðir sem fullburða íþrótt, eins og rætt var um í þriðja kafla.

Valdimar lýsir handboltaleiknum svo að sé hann rétt leikinn geti hann verið yndislegur á að horfa og bjóði upp á ótal möguleika til að æfa mýkt og liðleika.<sup>229</sup> Liðleiki og mýkt voru hugtök sem mikið voru notuð til að lýsa kvennaíþróttum svo sem fimleikum, þannig að með því að grípa til þessara orða í stað t.d. hraða eða snerpu (sem vissulega einkenna handbolta líka) var verið að kvengera umgjörð leiksins af þeim sem átti hvað mestan þátt í að breiða íþróttina út.

Tenging handbolta við leiki frekar en íþróttir auðveldaði konum til muna aðgengi að honum. Þar með voru þær ekki að fara út fyrir fyrirfram ákveðin viðmið um hvað þótti við kvenna hæfi og hvað ekki. Einnig var það lóð á vogarskálarnar að handboltinn var skólaíþrótt og barst til landsins sem slík. Freistandi er að bera saman handbolta og fótbolta, enda tvær stæstu hópíþróttirnar á Íslandi, en sá samanburður skekkir myndina enda þróast íþróttagreinarnar tvær með ólíkum hætti og ástundun þeirra var ólík. Fótboltinn kom til landsins með skipaáhöfnum og var fyrst og fremst lærður og leikinn af strákahópum í sjávarþorpum,<sup>230</sup> en handboltinn barst að ofan, ef svo má segja, með íþróttakennurum sem lærðu leikinn erlendis og kenndu nemendum sínum. Einnig má tína til að handboltinn var fremur ung og ómótuð grein þegar hann barst til landsins. Sem dæmi má nefna að fyrsti vísir að alþjóðahandknattleikssambandi var ekki stofnaður fyrr en 1928, þrem árum eftir að fyrsti handboltaleikurinn fór fram á Íslandi og alþjóða handknattleikssambandið varð ekki til fyrr en 1949,<sup>231</sup> þegar handbolti var orðinn svo gott sem rótgróinn í íslensku íþróttalífi. Því hefur verið lítið um fyrirmyndir varðandi umgjörð íþróttarinnar, sem gerði hana opnari fyrir aðgengi kvenna. Fótboltinn var aftur á móti löngu stimplaður sem strákaíþrótt þegar hann nam land og það sama gildir um frjálsar íþróttir.

Vissulega eru þetta getgátur en þessir þræðir ættu þó að geta varpað ljósi á af hverju kvennahandbolti komst á koppinn samhliða karlahandbolta, en slíkt er sjaldgæft í íþróttasögunni. Vinsældir handboltans meðal kvenna er hins vegar auðveldara að útskýra.

<sup>228</sup> Joan S.Hult, „The Story of Women’s Athletics: Manipulating a Dream 1890 – 1985“, bls. 89.

<sup>229</sup> *Skinfaxi* 19. árg. 5. tbl. maí 1927, bls.159.

<sup>230</sup> Víðir Sigurðsson, *Knattspyrna í heila öld*, bls. 15-41.

<sup>231</sup> Heimasíða alþjóða handknattleikssambandsins, [www.ihf.info](http://www.ihf.info).

Handbolti var eina hópíþróttin sem konur höfðu aðgang að og var ekki í samkeppni við aðrar sambærilegar íþróttagreinar um iðkendur. Keppnisíþróttir voru lítið stundaðar af konum, fyrir utan sund, en fyrir þær sem langaði í meiri hamagang en hin yfirvegaða sundíþrótt bauð upp á var handboltinn kjörinn vettvangur. Fimleikarnir voru sama marki brenndir og sundið, yfirveguð íþrótt þar sem ærslagangur var í lágmarki.

#### 4.2 Handboltabæring Hafnarfjörður og útbreiðsla íþróttarinnar

Þriðji áratugurinn var mikill uppgangstími íþróttarinnar í Hafnarfirði og segja má að handboltinn hafi fyrst skotið traustum rötum þar. Að vísu komu Hafnarfjarðarliðin sem við þekkjum í dag, FH og Haukar, ekki til sögunnar fyrr en undir lok áratugarins en fyrir stofnun þeirra störfuðu allmörg félög í bænum og þó að ekki yrðu þau langlíf plægðu þau akurinn fyrir það sem koma skyldi. Árið 1924 stóð Íþróttafélag Hafnafjarðar, sem bæði var skipað stúlkum og drengjum, fyrir íþróttanámskeiði þar sem m.a. var kenndur handbolti og var Valdimar Sveinbjörnsson fenginn til að kenna. Í lok námskeiðsins var svo haldinn handboltaleikur, sem er gjarnan sagður fyrsti opinberi leikurinn í þeirri íþrótt milli drengja og stúlkna. Leikurinn fór 6-1 piltunum í vil.<sup>232</sup> Steindór Björnsson frá Gröf, sem var ötull hvatamaður kvennaíþróttar, lýsti viðburðinum svo:

Þá var þreyttur handknattleikur. Voru það flokkar kvenna og karla sem lékust á og lauk með sigri karla 6 mörk gegn 1. Þótti áhorfendum mjög gaman að horfa á leikinn, sem var vel æfður sérstaklega hjá stúlkunum. Gæti ég trúað, að þessi leikur, handknattleikurinn ætti eftir að ryðja sér til rúms hér einkum hjá kvenþjóðinni.<sup>233</sup>

Þetta reyndust orð að sönnu, enda Steindór sjálfur í ágætis aðstöðu til að geta sér til um vinsældir leiksins meðal kvenna en hann hafði löngum kennt stúlkum leikfimi hjá Íþróttafélagi Reykjavíkur<sup>234</sup> og tekið þátt í skipulagningu kvennaíþróttar.

Lítið segir frá afdrifum handboltans frá árinu 1925 fram á fjórða áratuginn en þá fara að spretta upp formlegar handboltadeildir víðs vegar um landið. Norður á Akureyri fór Hermann Stefánsson að kenna stúlkum í KA handbolta árið 1930 eftir að KA-stúlkur kynntust greininni á Alþingishátíðinni.<sup>235</sup> Frá Akureyri barst handboltinn til Húsavíkur þar sem stúlkur hófu að æfa undir merkjum Völsungs.<sup>236</sup> Fyrir norðan voru fáar íþróttir í boði fyrir stúlkur á sumrin, enda samtvinnuðu Völsungsstúlkur handboltann við vaktir við

<sup>232</sup> Björn Pétursson, *Saga FH í 75 ár*, bls. 15.

<sup>233</sup> sama

<sup>234</sup> Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla. Saga ÍR í 100 ár*, bls. 73.

<sup>235</sup> Jón Hjaltason, *Knattspyrnufélag Akureyrar. Saga félagsins í 60 ár*. Akureyri 1988, bls. 200

<sup>236</sup> *Völsungur 50 ára*. Sigurjón Jóhannesson ritstýrði. Útgáfustaðar ekki getið. 1977, bls. 21.

síldarsöltun. Síldarsöltun og handbolti áttu líka góða samleið í Eyjum þar sem stúlkur fóru að spila með Tý um 1929 milli vakta á síldarplaninu.<sup>237</sup> Ætla má að handbolti hafi verið iðkaður af stúlkum um allt land á fjórða og fimmta áratugnum, m.a. á Egilsstöðum, vestur á fjörðum, á Norðfirði, Akranesi, Hvanneyri, Suðurnesjum<sup>238</sup> og líklega fleiri stöðum.

Engan skal undra vinsældir handboltans meðal kvenna en þar sem inniaðstaða var takmörkuð var gráupplagt að leika hann utanhúss á sumrin. Þar með öðluðust stúlkur hraða og spennandi hópíþrótt sem bauð upp á margt sem fimleika og sund ef til vill skorti. Meðal piltanna var handboltinn í samkeppni við fótboltann um iðkendur og oft iðkuðu sömu leikmenn sem báðar íþróttir. Þetta kom greinilega niður á karlahandknattleik utanhúss en hann átti alltaf erfitt uppdráttar og lagðist fljótlega niður þar sem flestir iðkendur voru uppteknir við knattspark á sumrin. Hjá stúlkunum var hins vegar ekki verið að bítast um bitana og því lá leiðin beint í handknattleikinn. Útimótin urðu fljótt vinsæl á sumrin, sérstaklega hið svokallaða Engjadalsmót sem haldið var árlega í Hafnarfirði frá árinu 1943 til 1954. Ekki áttu öll lið af landsbyggðinni heimangengt til Hafnarfjarðar eða Reykjavíkur en voru þá frekar dugleg að heimsækja nágrannahéruð. KA lék við Völsung á Húsavík, Eyjaliðin Þór og Týr tóku reglulega rimmur, stúlkur af Héraði fóru niður á Norðfjörð<sup>239</sup> og svo mætti lengi telja. Eingöngu var keppt í kvennahandbolta á landsmótum frá 1949 sem sýnir vel vinsældir íþróttarinnar og hversu útbreidd hún var á landsbyggðinni. Aldrei var hins vegar keppt í útihandbolta karla á landsmótum,<sup>240</sup> enda átti hann eins og áður sagði í keppni við fótboltann um iðkendur, auk þess sem framboð á íþróttagreinum var töluvert meira fyrir pílta.

Þegar kom að Íslandsmeistaramótum sem haldin voru að vetrarlagi frá árinu 1940 áttu engin lið af landsbyggðinni heimangengt, enda höfðu mörg þeirra ekki aðgang að inniaðstöðu til að æfa að vetri til. Því voru liðin í Reykjavík og Hafnarfirði svo að segja einráð um titla á fyrstu Íslandsmeistaramótunum og það var ekki fyrir en 1949 að Týr úr Eyjum vann fyrsta Íslandsmeistaramótið utanhúss. Íslandsmeistaratitilinn var að vísu dæmdur af þeim eftir á, þar sem lið ÍR-inga var dæmt úr leik og það færði Fram sigur á stigum. Þetta þótti vafasamur dómur sem Eyjastúlkum sveið lengi. Í apríl 1940 fór fram fyrsta Íslandsmeistaramótið í handbolta. Þar kepptu sex lið í karlaflokki og þrjú lið í kvennaflokki. Víkingur og Valur sáu um framkvæmd mótsins en Haukar, ÍR og Ármann

---

<sup>237</sup> Birgir Þór Baldvinsson, *Saga knattspyrnufélgsins Týs*. Útgáfustaðar ekki getið. 2006, bls. 135.

<sup>238</sup> Sjá t.d. *Vísir* 2. desember 1940, bls. 2. Einnig Birgir Þór Baldvinsson, *Saga knattspyrnufélgsins Týs*, bls. 137.

<sup>239</sup> *Völsungur 50 ára*, bls. 23.

<sup>240</sup> Viðar Hreinsson, Jón Torfason, Höskuldur Þráinsson, *Saga landsmóta UMFÍ 1909–1990*.

sendu þangað kvennalið. Ármannsstúlkur báru sigur úr bítum og voru nær ósigrandi næstu fimm ár, þar til Haukarnir náðu Íslandsmeistaratitlinum. Talsverður rígur hafði skapast milli Hauka og Ármanns á þessum árum þar sem Haukarnir voru nær áskrifendur að öðru sætinu og því var sigurinn sætur. Á síðari hluta fimmta áratugarins og í byrjun þess sjötta rann svo upp tímabil þar sem Framstúlkurnar voru nær ósigrandi og sópuðu að sér titlum, en sjöundi áratugurinn varð áratugur Valsarara. KR-ingum tókst einnig að landa titlum á sjötta áratugnum þó að ekki yrði um margra ára sigurgöngu að ræða. Gróskan var mikil og félög áttu toppa og öldudali eins og gerist. Endurnýjun gekk misvel, sem er merki um að handboltinn var ekki bundinn við eitt félag eða tímabil.

#### 4.3. Handbolti sem keppnisíþrótt kvenna

Þótt handboltinn yrði fljótlega útbreidd keppnisíþrótt meðal íslenskra kvenna var samt sem áður ekki þrautalaust að samtvinna kvenleikann og keppnisíþróttina og mörgum fannst enn að þetta tvennt gæti ekki farið saman. Vinsældir handboltans hafa að öllum líkindum verið þungt lóð á vogarskálina en hins vegar er fátt sem bendir til þess að honum hafi tekist að brjóta niður þá hugmynd um að íþróttir væru ógnun við kvenleikann.

Í grein *Mánudagsblaðsins* sem vitnað var til í síðasta kafla var handbolti flokkaður með þeim íþróttum sem afskræma konur og í greininni kemur fram að sá þyrfti að leita til geðlæknis sem héldi að handbolti gæti verið kvennaíþrótt.<sup>241</sup> Þótt *Mánudagsblaðið* væri sér á báti í íslenskri blaðaútgáfu voru slíkar hugmyndir ekki úr lausu lofti gripnar. Þær voru í fullkomnu samræmi við umræðu erlendis, sem og umræðu sem ef til vill fór ekki hátt hér heima en var þó til staðar, eins og orð ungmennafélagafrómuðsins Sigurðar Greipssonar um ljótu konuna með vöðvana benda til. Ekki alveg svo dramatísk var lítil vísa eða hvatningarsöngur sem ortur var til handboltastúlkna í Eyjum:

Að horfa á handknattleik – það er draumur.  
og allur bærinn kemst á kreik – það er draumur.  
Að sjá, hve líða þær létt um völl,  
og ljúf er framkoma þeirra öll, já það er draumur.

Af öllu hjarta þess óskum vér, – ungu dömur,  
að áfram handbolta iðkið hér, ungu dömur,  
því yndisþokka hann eykur best,  
hvað auðveldlega á mótum sést, – ó ungu dömur.

Og þetta kalla menn „kvennaslag“ – þvílíkt slúður!  
Hafið þið vitað slíkt háttarlag – sem svona slúður!

<sup>241</sup> *Mánudagsblaðið* 6. ágúst 1951, bls. 5.



„þær gera bæði að bíta og slá“,  
svo blaðra sumir, en það er af og frá – og bara slúður!<sup>242</sup>

Eins og sjá má gengur vísuhöfundur, sem óhætt er að fullyrða að sé karl, út frá því að íþróttir geri stúlkur aðlaðandi. Hann vísar til þeirra sem kynvera og skírskotar þar með til gamalla hugmynda um samspil kvenleika og íþróttar þar sem íþróttir voru ógn við kvenleikann og þyrftu því fyrst og fremst að draga fram það kvenlega í konum til þess að geta öðlast sess. Í kviðlingnum, sem ortur var árið 1943, er minnst á að einhverjir kalli þetta kvennaslag, sem bendir til þess að einhverjar raddir hafi heyrst sem töluðu í takt við *Mánudagsblaðið* þótt sagan hafi þaggað niður í þeim. Jafnvel þó að vísan sé ort átján árum eftir að kvannahandbolti skaut rótum á Íslandi voru líklega einhverjir sem töluðu niður til íþróttarinnar og kölluðu hana kvennaslag, annars hefði vísuhöfundur varla tekið það fram í kveðskapnum til að stappa stálinu í stelpurnar.

Átján ár eru langur tími í íþróttasögu 20. aldar, þar sem breytingar og þróun var ör, en samt sem áður þurfti handboltinn að verjast ásökunum um að vera ekki heiðarleg keppnisíþrótt heldur slagsmál og þar með alls ekki dömuleg. Árið 1964, sama ár og íslenska kvennalandsliðið varð Norðurlandameistari í handbolta, mætti FH Kaupmannarhafnarliðinu AJAX í Hálogalandi. Leikurinn þótti harður og sumum fannst sem þarna væru á ferðinni sextíu manna hópslagsmál í stað handbolta. Blaðamaður *Vísis* lýsti leiknum þannig:

Mér dattu í hug eftir að hafa séð þennan slagsmálaleik orðs eins af hinum góðu gestum okkar [...] „Þetta er ekki leikur fyrir kvenfólk, – heldur harðgera karlmenn“. Og það er hárrétt hjá hinum ágæta leikmanni [...] Þetta var ekki leikur fyrir kvenfólk.<sup>243</sup>

Blaðamaður *Þjóðviljans* sem fylgdist með handboltamóti í Reykjavík í desember árið 1940 taldi keppnislið Eyjamanna eyðileggja íþróttina með grófum leik og tók fram að svona handbolti væri ekki kvennaíþrótt.<sup>244</sup> Þrátt fyrir að einstaka raddir hafi heyrst í hornum náðu slíkar raddir þó hvorki flugi né fylgi, öfugt við það sem gerðist í nágrennalöndunum. Þar hófu konur ekki að leika handbolta samtímis körlum og þeim voru ekki ætlaðar sérstakar kvannahópiþróttir til að snerta ekki á karlaíþróttum.<sup>245</sup> Vissulega væri forvitnilegt að stilla handbolta kvenna upp sem einni slíkri íþrótt á móti knattspyrnu. Sú mynd á við nokkur rök að styðjast, þ.e.a.s. að handbolti hafi verið stimpluð kvennaíþrótt á meðan fótboltinn var

<sup>242</sup> Birgir Þór Baldvinsson, *Saga knattspyrnufélgsins Týs*, bls 138.

<sup>243</sup> *Vísir* 20. nóvember 1964, bls. 2.

<sup>244</sup> *Þjóðviljinn* 11. desember 1940, bls. 4.

<sup>245</sup> Sheila Scaron, Gertrud Pfister, og fleiri, „Women and football – a contradiction? The Beginnings of women’s football in four European countries,“ bls. 73.

strákaíþrótt. Á íþróttanámskeiðum sem haldin voru um land allt árið 1943 á vegum ÍSÍ var drengjum kennd knattspyrna á meðan stúlkum var kenndur handbolti.<sup>246</sup> Handboltinn opnaði líka leið fyrir konur inn í íþróttafélög sem þeim voru áður lokað, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Félögin Valur, Haukar, Fram og Víkingur stofnuðu kvennadeildir sérstaklega til þess að „anna eftirspurn“, ef svo má segja, eftir æfingum kvenna í handbolta. Þegar skoðaðar eru frásagnir af upphafi íþróttaiðkana kvenna innan þessara félaga, sem yfirleitt eru hafðar eftir formönnum félaganna á þeim tíma eða öðrum karlkyns félagsmönnum, koma í ljós viðhorf um að það hafi ekki beinlínis verið íþróttanna vegna sem kvennahandbolti komst á koppinn, eða að hann hafi a.m.k. ekki vegið þungt í minningunni. Tvö Reykjarvíkurfélög, Valur og Víkingur, tengja innkomu stúlkna við ferðir í skíðaskála félaganna á Bláfjallasvæðinu. Helgi Helgason, fyrrverandi formaður Vals, sem falið var að stofna kvennadeildina, sagði að hugmyndin hefði sprottið eftir að stúlkur fóru að venja komur sínar í skíðaskála félagsins.<sup>247</sup> Fyrst um sinn voru það dætur í fylgd með feðrum sínum en síðan eltust dæturnar og urðu að konum. Helgi segir andann hafa breyst með tilkomu stúlkanna. Menn urðu tillitssamari og hjálpsamari og glaðværðin sönn og óþvinguð. Nærvera stelpnanna varð sjálfsagður hlutur í skálaferðum og þeirra var mjög saknað þau skipti sem kvenmannslaust var í skálanum. Þær fóru ekki í grafgötur með að þær langaði að stunda íþróttir og handknattleikurinn varð fyrir valinu.<sup>248</sup> Upphaf þátttöku kvenna í íþróttafélaginu Víkingi er á svipuðum nótum. Á seinni hluta fimmta áratugarins var skíðaskáli félagsins í hálfgerðri niðurniðslu og sárlega vantaði mannskap til að sjá um lagfæringu á honum. Haft er eftir Frey Bjartmarz, formanni skíðadeildar, að til þess að fá fleiri stráka upp í skála varð að hafa stelpur á svæðinu og það var eins og við manninn mælt, strákarnir létu ekki bíða eftir sér. Upp úr því spratt síðan hugmyndin um að stofna kvennadeild, sem gert var veturinn 1956.<sup>249</sup>

Hugmyndin að þátttöku kvennanna sprettur út frá veru þeirra í skíðaskálanum og jákvæðra þátta við nærveru þeirra. Valsarar taka fram hvernig andinn hafi breyst og glaðværðin orðið sannari með tilkomu kvennanna í skíðaskálanum á meðan Víkingarnir notuðu þær eins og nokkurs konar beitu til að laða að pílta til að gera upp skálann. Frá þessum skíðaskálaferðum spratt hugmyndin um að félögin tækju upp kvennaíþróttir, eftir að konurnar höfðu lýst yfir áhuga sínum á handbolta. Þessar frásagnir undirstrika að félagslegi þátturinn hafi vegið þungt við stofnun kvennadeilda.

---

<sup>246</sup> *Vísir* 2 .júní 1943, bls. 2.

<sup>247</sup> Jón Birgir Pétursson og Steinar J. Lúðvíksson, *Valur vængjum þöndum*. Reykjavík 1981, bls. 58.

<sup>248</sup> sama

<sup>249</sup> Ágúst Ingi Ágústsson, *Áfram Víkingur. Saga knattspyrnufélagsins Víkings í 75 ár*, bls. 85–86.

Í fundargerðabókum Fram kemur enn skýrar fram tengingin milli félagslífs og kvennaíþróttar þegar rætt var um möguleika þess að stofna kvennadeild á stjórnarfundum árið 1944. Eftir nokkra umræðu var fallist á að stofna handknattleiksdeild kvenna. Ýmsir stjórnarmenn sáu vankanta á þessu og sögðu m.a. að það væri ótímabært því að ekki væri búið að koma upp félagsheimili.<sup>250</sup> Formaður Fram var hins vegar eindreginn stuðningsmaður málsins sem og meirihluti stjórnar. Málið gekk því í gegn án frekari athugasemda og fundnir voru æfingatímar fyrir hina nýstofnuðu kvennadeild, þótt félagsheimilið, sem einhverjir töldu forsendu fyrir inngöngu kvennanna, væri órisið enn.

Í frásögn sinni af stofnun kvennadeildar Hauka árið 1938 bætir fyrrverandi formaður Hauka við, eftir að hafa útlistað félagslegan ávinning af kvennadeild og hvernig konurnar hafi hleypt fjöri í mannskapinn, að þær hafi einnig „kveikt upp eldmóð í okkur strákunum, í orðsins fyllstu merkingu“.<sup>251</sup> Stelpurnar höfðu þó verið viðloðandi Haukana lengi, líklega lengur en skrásetjari sögu þeirra vill meina, því eins og áður var getið var Hafnarfjörður mikill handboltabær og líklegt verður að telja að stúlkur hafi allar götur frá 1925 spilað handbolta að einhverju ráði þó að ekki hafi verið um skipulagðan félagsskap að ræða.

Félagslegt hlutverk kvenna hefur líklega oft ráðið miklu um aðgengi þeirra að íþróttafélögum. Í frásögnum nokkurra félaga kemur skýrt fram hvernig innganga kvenna í félögin var metin og hennar minnst. Einnig koma hugmyndir um hið mjúka eðli kvenna fram í umfjölluninni um skíðaskálaferðinar þegar rætt er um hvernig andrúmsloftið breyttist þegar stelpurnar voru nærri. Stákarnir fóru að haga sér betur og unnu betur. Stundum mætti ætla að aðkoma stúlkna hafi verið eins konar siðbót fyrir piltana. Þeir lögðu meira á sig í íþróttunum til að ganga í augun á stúlkunum og höguðu sér betur. Þannig tekst höfundum stofnanaritanna að smætta inngöngu kvenna og kvennaíþróttar niður í eitthvað sem þjónar piltunum. Sagan eins og hún er lesin í gegnum orð stjórnarmeðlima segir að koma kvenna hafi ekki beinlínis verið fyrir íþróttalegan ávinning heldur til að bæta félagslíf félaganna.

Þetta er líklega ekki sú saga sem konurnar sjálfar minnst, þó að fáar sögur séu sagðar (eða þær birtar) frá sjónarhóli þeirra. Til að mynda er ólíklegt að Hafnarfjarðarstúlkur hafi komið til liðs við Hauka í þeim tilgangi að kveikja neista í drengjunum. Samkvæmt Ruth Guðmundsdóttur, sem var ein af handboltastúlkunum sem komu til liðs við Hauka árið 1938, voru það um 50 stúlkur úr bænum sem fóru þess á leit

<sup>250</sup> Stefán Pálsson, *Frambókin. Knattspyrnufélagið Fram í 100 ár*, bls. 88.

<sup>251</sup> Lúðvík Geirsson, *Haukar í 60 ár. Útgáfustaðar ekki getið*. 1991, bls. 32.

við Haukana að stofnuð yrði kvennadeild, því þær langaði að æfa handbolta<sup>252</sup> Guðný Þórðardóttir úr Fram segist hafa komið til liðs við félagið og viljað stofna kvennadeild eftir að hafa reynt að spila með Ármannsstúlkunum, en þær hafi hreinlega rekið hana af leikvelli að því að hún var úr þeim hluta bæjarins sem helgaður var Fram en ekki Ármanni. Ennfremur tekur Guðný fram að það hafi ekki verið mikil ánægja meðal Framara með að fá „einhverjar handboltakerlingar“ í félagið sitt en það hafi verið fljótt að renna af þeim eftir að liðið fór að vinna titla.<sup>253</sup>

Rannsóknir hafa sýnt að aðgengi kvenna að íþróttum sem sameina félagslíf og íþróttir hefur alla tíð verið greiðara. Takist að finna snertiflöt milli íþróttaiðkana og félagslífs eru konurnar nær samstundis boðnar velkomnar til þátttöku þó að þeim hafi ef til vill ekki alltaf verið ætlað stórt hlutverk sem íþróttaiðkendur og keppendur.<sup>254</sup>

#### 4.4 Landsliðið verður til

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) var ekki stofnað fyrr en 1957. Fram að því fór Íþróttabandalag Reykjavíkur með öll „landsliðsmál“, ef svo má kalla, sem fólust aðallega í því að setja saman Reykjavíkúrvalslið til að leika á móti erlendum liðum. Fyrsti leikur Reykjavíkúrvals karla var við Svíþjóð 1950 en sá leikur er talinn hafa haft mikil áhrif á þróun handboltans heima og fært íslenska leikinn og leiktæknina í takt við það sem tíðkaðist á Norðurlöndum.

Í ágúst 1955 komu norskar handboltastúlkur hingað til lands og kepptu við Reykjavíkúrval stúlkna. Norðmenn unnu 3–2 í jöfnum og skemmtilegum leik að sögn *Morgunblaðsins*, sem segir ennfremur að þetta hafi verið í fyrsta skipti sem erlendar stúlkur kepptu hér.<sup>255</sup> Ári síðar, eða 1956, tóku íslensku stelpurnar í fyrsta skipti þátt í Norðurlandameistaramótinu í handbolta, töpuðu þremur leikjum en unnu einn á móti Finnum og höfnuðu í fjórða sæti.<sup>256</sup> Árið 1959 var aftur farið utan á Norðurlandameistaramót og í þetta skiptið kvað við annan tón. Liðið fékk aukaæfingar frá HSÍ og lagði stund á sérstakar þolæfingar fyrir mótið en slíkur sérundirbúningur var nýr af nálinni í kvannahandboltanum. Í keppninni lenti íslenska liðið í fjórða sæti þrátt fyrir að hafa unnið Norðmenn, sem hefði átt að duga í það þriðja, en Norðmennirnir komu heldur

<sup>252</sup> Lúðvík Geirsson, *Haukar í 60 ár*, bls. 69–72.

<sup>253</sup> Víðir Sigurðsson, *Fram í 80 ár*. Reykjavík 1989, bls 118.

<sup>254</sup> Else Trangbæk, *Kvindernes idræt, fra rødder til top*, bls. 79–80.

<sup>255</sup> *Morgunblaðið* 3. ágúst 1955, bls. 7.

<sup>256</sup> *Morgunblaðið* 14. júlí 1956, bls. 15.

betur á óvart síðasta keppnisdaginn og unnu Svía sem kostaði Íslendinga þriðja sætið á markahlutfalli.<sup>257</sup> Árið 1961 var þess farið á leit við HSÍ að Norðurlandameistaramótið yrði haldið í Reykjavík árið 1964 og var það samþykkt.

#### 4.5 Norðurlandameistaramótið

Norðurlandameistaramótið í Reykjavík var fjórða Norðurlandameistaramótið sem Íslendingar sendu kvennalið á. Undirbúningur var mikill enda í fyrsta skipti sem alþjóðlegt mót í hópþróttum fór fram á landinu. Strax á fyrsta degi mótsins kom í ljós að Íslendingar áttu möguleika á að ná verðlaunasæti en þá sigruðu þær Svía og gerðu jafntefli við Dani. Þessar þjóðir höfðu verið sterkastar árin á undan og þær einu sem Íslendingar höfðu ekki sigrað á Norðurlandamótum.<sup>258</sup> Þrátt fyrir kalsaveður var vel mætt á völlinn og áhorfendur urðu ekki fyrir vonbrigðum. Báðir leikirnir voru hörkuspennandi og þegar ljóst var eftir fyrsta keppnisdaginn að íslensku stúlkurnar ættu möguleika á verðlaunasæti, jafnvel sigri, fóru fréttamenn mikinn í dramatískum leiklýsingum. Fyrirliðinn, Sigríður Sigurðardóttir, var sérstaklega áberandi í allri umfjöllun, enda samdóma álit þeirra sem fylgdust með að hún hafi dregið vagninn þegar mest á reyndi. Í *Tímanum* sagði svo frá:

Sigríður Sigurðardóttir hafði ekki sagt sitt síðasta orð í leiknum og eins og góðum fyrirliða sémir, dreif hún stúlkurnar áfram, fékk knöttinn fyrir utan vörn og skoraði með þrumuskoti, þar sem sænski markmaðurinn heyrði aðeins þytinn af knettinum.<sup>259</sup>

*Þjóðviljinn* tók í sama streng: „Hún var alltaf þar sem harðast var barizt, og byggði liðið bezt upp.“<sup>260</sup> Næsta dag var leikið við Finna en fyrirfram var talið að það lið yrði hvað auðveldast Íslendingum. Það reyndust orð að sönnu því íslenska liðið valtaði yfir Finna án nokkurrar mótstöðu sem heitið gæti. Eftir daginn var ljóst að baráttan um sigurinn stæði milli Dana, Norðmanna og Íslendinga. Síðasta daginn voru margir möguleikar í stöðunni. Ísland var enn efst en til þess að halda sér þar þurfti liðið að vinna Norðmenn og Norðmenn svo að gera jafntefli við Dani eða sigra þá. Ef Danir ynnu hins vegar Norðmenn yrðu Danir og Íslendingar efstir og úrslit myndu ráðast af markahlutfalli.<sup>261</sup>

<sup>257</sup> *Morgunblaðið* 24. júní 1959, bls. 24.

<sup>258</sup> *Morgunblaðið* 27. júní 1954, bls. 5.

<sup>259</sup> *Tíminn* 27. júní 1964, bls. 5.

<sup>260</sup> *Þjóðviljinn* 27. júní 1954, bls. 9.

<sup>261</sup> *Tíminn* 30. júní 1964, bls. 30.

Leikurinn við Norðmenn var æsispennandi. Norðmenn náðu snemma yfirhöndinni í leiknum og að sögn *Alþýðublaðsins* fór um áhorfendur í stúkunni þegar staðan var 4–2. Íslendingar náðu síðan að jafna og í hálfleik var staðan 5–5. Hlakkaði þá í ýmsum áhorfendum. Strax í síðari hálfleik komust Norðmenn yfir og til að bæta gráu ofan á svart flöskuðu Íslendingar á tveimur vítaskotum. Sigríði Sigurðardóttur og Sigrúnu Guðmundsdóttur tókst þó að laga stöðuna undir lokin og Sigríður skoraði síðasta mark leiksins á lokasekúndunum. Leikurinn fór 9–7 fyrir Ísland. Norðmenn lögðu síðan Dani í síðasta leiknum en eins og gefur að skilja var þar um eins konar úrslitaleik um fyrsta sætið að ræða fyrir íslenska liðið. Um 3000 íslenskir áhorfendur voru því á bandi Norðmanna í lokaleik mótsins, æptu „heja Norge“ og spöruðu ekki fagnaðarlætin við hvert mark norska liðsins. Samkvæmt lýsingu *Alþýðublaðsins* voru áhorfendur orðnir hálf „suðrænir í sér“<sup>262</sup> af fögnuði og æsingi, enda ekki á hverjum degi sem íslenskt lið landaði Norðurlandameistaramótstitli á heimavelli.

„Norðurlandameistarar!“ var fyrirsögnin á íþróttasíðu *Alþýðublaðsins* daginn eftir síðustu leikina og var það líklega í fyrsta skipti sem kvennaíþróttir prýddu forsíðu íslensks dagblaðs.

[Hér er] um að ræða einn stærsta sigur Íslendinga í íþróttum um langt skeið og vafalaust þann stærsta í flokkaíþróttum frá upphafi. Fyrirfram voru Íslendingar algjört spurningarmerki og sá, sem spáð hefði stúlkunum okkar sigri, hefði ekki verið álitinn með öllum mjalla. Stúlkurnar létu sér fátt um alla spádóma finnast og sigruðu í mótinu eins og fyrr segir. Alþýðublaðið óskar íslenskum íþróttamönnum, íslenzku íþróttahreyfingunni, íslenzku þjóðinni — og þó alveg sérstaklega okkar ágætu íþróttakönnum til hamingju með þennan ánægjulega sigur.<sup>263</sup>

Eins og sjá má af orðum *Alþýðublaðsins* var stundarhrifningin yfir sigrinum mikil. Umfjöllunin innihélt stef sem sjaldan heyrðust í samhengi við kvennaíþróttir, t.d. að sigurinn væri sigur þjóðarinnar allrar. Sigurinn var einnig sagður sá stærsti í íslenskum flokkaíþróttum frá upphafi en sú fullyrðing blaðamannsins hefur ekki náð að festa rætur í þjóðarsálinni því Norðurlandameistaramótið er nær gleymt og grafið í flestum ritum sem út hafa komið á Íslandi. Önnur blöð tóku í sama streng og kepptust við að lofa frammistöðu stúlnanna sem og óska landsmönnum til hamingju með árangurinn.

<sup>262</sup> *Alþýðublaðið* 1. júlí 1964, bls.16.

<sup>263</sup> sama

#### 4.6 Norðurlandameistarar og hvað svo?

Undirbúningurinn fyrir Norðurlandameistaramótið var mikill. Íþróttaforkólfum var í mun að sýna og sanna að Íslendingar gætu haldið mót af þessari stærðargráðu. Mótið fékk prýðilega umfjöllun í fjölmiðlun en hins vegar virðist sem þetta mótshald hafi gengið af kvennahandbolta dauðum, því mikil lægð kom í kjölfarið. Fyrirliði íslenska landsliðsins á Norðurlandameistaramótinu, Sigríður Sigurðardóttir, orðar það svo að handboltinn hafi verið „svæfður“ eftir sigurinn 1964. Leikir kvenna voru færðir til á dagskrá, fjölmiðlarnir hættu að fjalla um þá og stelpurnar þurftu að selja rækjur og hvaðeina til að standa undir kostnaði sem átti að þykja sjálfsagt að íþróttafélagið stæði undir. „Kannski er þetta eitthvað kvenfrelsisatal, en svona er þetta“ var haft eftir Sigríði í afmæliriti Vals en bókarhöfundur gerði enga tilraun til að staðfesta eða fjalla nánar um þessi ummæli.<sup>264</sup>

Í kjölfar sigursins á Norðurlandameistaramótinu var Sigríður kjörin íþróttamaður ársins, fyrst kvenna, árið 1964. Sigríður var einróma kjörin með öllum þeim 66 atkvæðum sem um var að ræða.<sup>265</sup> Mikið var fjallað um kjörið og þá staðreynd að kona hefði unnið það. Sé fjölmiðlaumfjöllunin um Sigríði skoðuð má sjá þar kunnugleg stef sem ríma við það sem hefur komið fram áður. Í viðtölunum sem og umfjölluninni er hvergi leitast við að draga upp mynd af Sigríði sem íþróttakonu. Flestir inna eftir viðbrögðum hennar við kjörinu og þess háttar en Sigríður segist ekki hafa trúað niðurstöðunni og tileinkar íslenska landsliðinu verðlaunin. Vissulega er Sigríður sögð duglegur og góður leikmaður en í umfjölluninni er varla hægt að sjá hvaða stöðu hún spilar á vellinum eða af hverju, fyrir utan Norðurlanda-meistaramótið, hún skaraði fram úr á nokkurn hátt. Spennan frá Norðurlandameistaramótinu og afrek Sigríðar þegar mest mæddi á liðinu eru víðs fjarri. Hins vegar taka nokkur blöð það sérstaklega fram að hún sé bæði gift og móðir: „Hún er einstök afrekskona og fordæmi það sem hún gefur íslenskri kvenþjóð um íþróttaiðkun er mikið og gott, því Sigríður er gift og móðir,“<sup>266</sup> sagði *Morgunblaðið*. *Þjóðviljinn* sló upp fyrirsögninni „Reykvísk húsmóðir íþróttamaður ársins“ en í fréttatexta segir á afar hógværan hátt að Sigríður hafi verið valin íþróttamaður ársins fyrir hæfni í handbolta. Húsmæðrastörf og fjölskylduhagir Sigríðar fá þó meiri athygli, enda er tekið fram að eiginmaður hennar, Guðjón Jónsson, sé Íslandsmeistari í handbolta.<sup>267</sup> Umfjöllun blaðanna um kjör Sigríðar sem íþróttamanns ársins 1964 leitast á allan hátt við að draga frekar upp mynd af Sigríði sem móður og húsfreyju en íþróttakonu. Viðbrögðin við kjöri Sigríðar sýna

<sup>264</sup> Jón Birgir Pétursson og Steinar J. Lúðvíksson, *Valur vængjum þöndum*, bls. 138.

<sup>265</sup> *Alþýðublaðið* 9. janúar 1964, bls. 11.

<sup>266</sup> *Morgunblaðið* 9. janúar 1964, bls. 22.

<sup>267</sup> *Þjóðviljinn* 9. janúar 1964, bls. 12.

að þrátt fyrir vinsældir og útbreiðslu handboltans, sem og þá staðreynd að kvennalandsliðið var fyrsta íslenska landsliðið til að vinna titil í hópíþrótt, voru konur fyrst og fremst metnar út frá ríkjandi hugmyndum um kyn og kynhlutverk. Endurtekin stef um að handbolti sé ekki fyrir konur undirstrika þá hugmynd að konur og karlar séu á einhvern hátt ekki jafn gjaldgeng í íþróttum. Fyrir utan nokkra daga í ágúst 1964, þegar blöðin stóðu á öndinni yfir árangri íslenskra íþróttakvenna, voru kvennaíþróttir annars flokks afurð innan íþróttahreyfingarinnar. Þegar sigurljóminn fölnaði voru fáir til að halda honum á lofti og segja má að sigurinn 1964 sé hálfgleymdur.

Einn af fyrstu Íslendingunum til að gera íþróttافرéttamennsku að ævistarfi var Sigurður Sigurðsson en hann starfaði frá 1948 til 1980. Árið 1983 gaf Sigurður út endurminningar sínar þar sem hann rifjaði upp feril sinn sem íþróttافرéttamaður. Stærstu sigrarnir, mestu vonbrigðin og ýmsar sögur sem þóttu of grófar fyrir blöðin fengu að flakka í bókinni. Skemmst er frá því að segja að í endurminningum Sigurðar er ekki minnst einu orði á íþróttakonur, nema í kafla um skíðalandsmót þar sem Sigurður rifjar upp þegar ein skíðadrottningin skreið upp í koju til nýbakaðs Íslandsmeistara karla í svigi.<sup>268</sup> Af lestri endurminninga Sigurðar mætti draga þá ályktun að Sigurður hefði aldrei lýst eða fylgst með kvennaíþróttum. Svo var þó ekki. Sigríður Sigurðardóttir, handboltakempa, staðfesti í viðtali að Sigurður lýsti oft leikjum í kvennahandboltanum og að hann var einn af aðalfréttaskýrendum Norðurlandameistaramótsins 1964.<sup>269</sup> Sigurður Sigurðsson var einnig með í för á Ólympíuleikana 1948 þar sem tvær konur voru meðal þátttakenda. Þessar konur koma hvergi fram í frásögn Sigurðar af leikunum. Í umfjöllun um úrslit Norðurlandameistaramótisins kom fram að á lokahófi mótsins hefði áðurnefndur Sigurður stigið upp í pontu og fært fyrirliða íslenska liðsins, nöfnu sinni, lítinn verðlaunagrip sem tákni um þakklæti og frábæra skemmtun síðustu daga.<sup>270</sup> Ekki verður hjá því komist að staldra við og velta fyrir sér af hverju íþróttافرéttamaðurinn Sigurður minntist ekki einu orði á kvennaíþróttir þegar hann hóf að skrasetja endurminningar sínar, úr því að hann var innsti koppur í búi í allri umfjöllun um handbolta. Í huga hans virðist hafa verið augljóst að íþróttir karla væru hinar einu sönnu íþróttir en kvennaíþróttir eitthvað annað. Svipuð dæmi má finna víðar. Í síðari tíma heimildum, svo sem stofnanaritum íþróttafélaga, hafa konur einfaldlega horfið úr myndinni, sem gefur til kynna að þeir sem söguna rituðu hafi haft

---

<sup>268</sup> Vilhelm G. Kristinsson, *Komiði sæl. Vilhelm G. Kristinsson ræðir við Sigurð Sigurðsson útvapsmann um lífshlaup hans og ævintýri*. Reykjavík 1983, bls. 152.

<sup>269</sup> Viðtal við Sigríði Sigurðardóttur. 13. september 2009.

<sup>270</sup> *Alþýðublaðið* 3. júlí 1964, bls. 11.



svipað viðhorf til kvennaíþróttar og einfaldlega ekki talið þær með. Önnur íþróttarit fjalla afar takmarkað um kvennahandbolta. Jafnvel afmælisrit Vals eyðir litlu plássi í umfjöllunina um gott gengi kvennalandsliðsins, þótt Sigríður Sigurðardóttir hafi verið Valsari. Önnur rit taka í sama streng. Norðurlandameistaramótsins er minnst í hálfkæringi og fáar tilraunir gerðar til að draga upp mynd af keppninni eða frammistöðu einstakra leikmanna. Í sömu ritum er hins vegar frammistöðu karlkyns félaga sem léku með landsliðinu lýst í þaula, tilþrifum, sigrum og ósigrum. Sem dæmi má nefna 75 ára afmælisrit FH. Þar er sagt ítarlega frá för íslenska karlalandsliðsins á HM í Tékkóslóvakíu og tilþrifum liðsmanna FH í landsliðinu lýst með orðum á borð við: „um Hjalta í markinu má segja, að hann tók það sem hægt var að taka og komst í gegnum vörnina, og svolítið meira. Staðsetningar hans og viðbrögð voru með þeim ágætum að lengi verður til vitnað...“<sup>271</sup> Hins vegar er þáttar þeirra FH-kvenna sem spiluðu í liðinu 1964 ekki getið, fyrir utan að þær eru nafngreindar á mynd. Hvergi kemur fram hvaða stöðu þær spiluðu, hvaða mörk þær skorðu eða hver þáttur þeirra á mótinu var. Jafnvel þó að nokkur rit minnst á Norðurlandameistaramótið minnst engin rit á þátt sinna kvenna í landsliðinu fyrir þá keppni. Sumar af landsliðskonunum frá 1964 áttu þónokkra landsleiki að baki en upplýsingar um þessa leiki eða sögu landsliðsins í handbolta 1955–1964 er einfaldlega hvergi að finna í útgefnum ritum um íþróttir.

Dæmin um þessa þöggun eru mörg og eiga sér margs konar birtingamyndir. Lýsandi dæmi um mismun á umfjöllun um karla- og kvennagreinar og jaðarsetningu þeirra síðarnefndu má finna í afmælisriti Knattspyrnufélags Reykjavíkur, KR. Þegar íþróttafélög skrifa eigin sögu spila meistaratitlar stórt hlutverk. Oft og tíðum er biðin eftir þeim, eða árin sem þeir unnust svona næstum því, stærri hluti af sögunni en titlarnir sjálfir en slíkt liggur í hlutarins eðli þegar margir eru um hituna. Þegar titlarnir svo loksins vinnast er öllu tjaldað til í frásögninni – a.m.k. þegar um karlalið er að ræða. Í 100 ára sögu KR er árinu 1958 lýst á þann veg að þá hafi loksins runnið upp hin stóra stund þegar KR-ingar urðu Íslandsmeistarar í handknattleik karla innanhúss eftir æsispennandi úrslitaleik við FH.<sup>272</sup> Hins vegar varð kvennalið KR Íslandsmeistari fjórum árum fyrr en þess er getið í myndatexta án útskýringa og engar stórar stundir eða æsispennandi leikir tíundaðir. Dæmið úr afmælisriti KR sýnir að kvennalið virðast ekki vera jafn gjaldgeng og karlalið þegar kemur að sagnaritun.<sup>273</sup>

<sup>271</sup> Björn Pétursson, *Saga FH í 75 ár*, bls. 112.

<sup>272</sup> Ellert B.Schram og fleiri, *Fyrsta öldin. Saga KR í 100 ár*. Reykjavík 1999, bls. 130.

<sup>273</sup> Ellert B.Schram og fleiri, *Fyrsta öldin. Saga KR í 100 ár*, bls. 123.

Þegar kemur að því í sögu íslenskra íþróttafélaga að tína til titla og sæmdarheiti til að prýða íþróttaliðið og birta í bók er aðeins einu sinni sagt frá því að með sigrinum 1964 hafi tiltekin félög eignast sína fyrstu (og oft einu) Norðurlandameistara.<sup>274</sup> Flest ritin láta sér nægja að segja frá keppninni í skötulíki en draga engar sérstakar ályktanir af sigrinum sínu liði til framdráttar. Þannig má segja að íþróttakonur hafi á vissan hátt verið sviptar sögu sinni þegar kemur að sagnaritun um íþróttir. Það eru ekki bara skrásetjarar stofnanarita og endurminningahöfundar sem það gera heldur er þetta viðhorf ríkjandi á fleiri stöðum. Árið 2009 var skrifuð B.A. ritgerð við Háskóla Íslands um upphaf íþróttaiðkana á Íslandi og þar tókst höfundi að gera það sama og Sigurður Sigurðsson íþróttafréttamaður í sinni bók: að minnast ekki einu orði á konur eða íþróttaiðkun kvenna.<sup>275</sup>

Sýnileiki kvenna í söguritun er eilíft bitbein femínískra sagnfræðinga. Þá er sérstaklega verið að glíma við spurningar eins og af hverju konur eru ekki með í hinni hefðbundnu sögu og hvernig eða hvort eigi að skrifa þær inn í hana.<sup>276</sup> Íslensk umfjöllun um íþróttir og sagnaritun þar að lútandi er mest megnis lýsandi sagnfræði sem byggir á empirískum aðferðum. Því gæti einhver sagt sem svo að þar væru á ferðinni rit sem segðu söguna eins og hún er; teldu upp mót, greindu frá úrslitum o.s.frv. Þar af leiðandi gæti hún formsins vegna ekki gert öðru kyninu hærra undir höfði en hinu.

Hins vegar sýna dæmin að ofan að síðari tíma skrif eiga það til að ýta konum út á kantinn. Slíkt vindur upp á sig þegar kemur að ritun stórra safnríta eins og afmælisrita íþróttafélaga og sérsambanda. Í safnrítum sem þessum er oftast en ekki reynt að glæða söguna lífi með myndum, liprum texta og sköndnum staðreyndum sem settar eru í textabox og skotið inn í meginmál bókarinnar. Þar er reynt að endurskapa andrúmsloft liðinna ára í máli og myndum með sögum úr hversdagslífinu, lifandi lýsingum á staðarháttum, atburðum og persónum. Þessi stílbrögð eru undantekningalítið viðhöfð í töluvert meira mæli í umfjöllun um karlaíþróttir. Þegar fjallað er um kvennaíþróttir er tónninn annar. Iðkendur og titlar eru taldir upp, úrslit birt og markahæstu leikmanna getið, en fátt er í frásögninni sem gerir hana lifandi í hugum lesenda. Dramatíkin sem umlykur umfjöllunina um karlana er víðs fjarri; fá þrumuskot, fáar hetjur og engir skúrkar. Myndefnið er í takt við frásagnarmátann. Fáar myndir sýna konur *spila* eða *leika* íþróttir en þeim mun fleiri myndir eru af uppstilltum liðum. Ofantalin dæmi eru vissulega sérvalin en sýna samt hvernig hægt er að taka einn hóp fram yfir annan þegar gera á einhverju tilteknu fyrirbæri, í þessu tilviki

<sup>274</sup> Jón Birgir Pétursson, *Lífi Þróttur*. Reykjavík 1999, bls 71.

<sup>275</sup> Andri Már Hermannsson, „Táp, fjör og frískir menn. Upphaf skipulagðra íþróttá á Íslandi og áhrif þeirra.“

<sup>276</sup> Perrot, Michelle, *Writing Woman's History*. Cambridge 1992, bls. 4–5.

íþróttum, skil. Í ritinu *Writing Woman's History* er tekið fram í formála að hefðbundnar heimildir þjóni ekki endilega kynjafræðilegu sjónarmiði og því verði að fara aðrar leiðir að efninu en gert er í „venjulegri“ sagnaritun, þó að útkoman eigi að vera sú sama.<sup>277</sup>

Íþróttasagnaritun hefur vissulega líka tekið þennan pól í hæðina. Höfundur 80 ára afmælisrits Frammara nálgast efni sitt á annan hátt en kollegar hans höfðu áður gert. Frammarar hafa löngum verið sigursælir í kvennahandbolta og því hefur varla annað komið til greina en að gera honum skil í afmælisritinu. Höfundur bókarinnar fann svo sem ekki upp hjólið þegar hann ákvað að byggja frásögnina á munnlegum heimildum en himinn og haf skilur á milli þessarar sögu Frammara og sögu flestra annarra af kvennaíþróttum. Í sögu Frammara fer lesandinn skyndilega aftur til fortíðar og fær að upplifa dramatíkina og tíðarandann í kvennaboltanum í gegnum söguna. Við heyrum af hverfaríg milli Framstúlkna og Ármenna á fimmta áratugnum, kynnumst einstaklega skotfastri skyttu og fylgjumst með leik á Íslandsmóttinu 1953 þegar Sigríður Jónsdóttir fótbrotnaði en spilaði engu að síður leikinn til enda.<sup>278</sup> Höfundur 50 ára afmælisrits Týs úr Vestmannaeyjum leitar á svipaðar slóðir. Í gegnum öðruvísi heimildanálgun ferðast lesandinn aftur í tímann þar sem Eyjastúlkur salta síld og spila handbolta á milli vakta, fara til Reykjavíkur með Herjólfri og tapa Íslandsmeistaratitli vegna formsatriða í skráningu.<sup>279</sup>

---

<sup>277</sup> sama

<sup>278</sup> Víðir Sigurðsson, *Fram í 80 ár*. Reykjavík 1989, bls. 160–176.

<sup>279</sup> Birgir Þór Baldvinsson, *Saga knattspyrnufélagsins Týs*, bls 142.

## Niðurstöður

Íþróttaiðkun kvenna og karla sprettur upp úr ólíkum jarðvegi, bæði á Íslandi sem og annars staðar á Vesturlöndum. Íþróttaiðkun karla átti sér rætur innan hermennsku en konurnar hófu að stunda íþróttir innan veggja kvennaskóla. Tengsl hermennsku og íþróttar rofnuðu þegar líða tók á 20. öldina en þó mætti jafnvel segja að þau væru enn til staðar á huglægum hátt þegar kemur að viðureignum á alþjóðlegum vettvangi. Á Íslandi voru slík tengsl aldrei til staðar nema í mýflugumynd. Íslensk íþróttahreyfing sprettur fyrst og fremst upp úr lýðháskólahugmyndum og Grundvig-hreyfingunni. Íþróttahreyfingin batt fljótt trúss sitt við ríkjandi hugmyndir um þjóð og þjóðerni og leitaði í orðræðu þjóðernishyggjunnar eftir líkingamáli, t.a.m. um gullöld, endurreisn og þar fram eftir götunum. Íþróttahreyfingin taldi sig vera lóð á vogarskál uppbyggingar íslenskrar menningar með sagnaarfinn í forgrunni.

Þær hugmyndir sem íþróttahreyfingin hafði um sjálfa sig skópu nýja sjálfsmýnd sem þjónaði samtímanum vel. Hún var bæði ný, framsækin og alþjóðleg en á sama tíma þjóðleg og með sterka skírskotun til íslenskar menningar og sagnaarfs. Með því að vísa í hetjur sögualdar urðu íþróttir og orðræðan um íþróttir snertiflötur fortíðar við nútímann sem óspart var notaður til að styrkja hugmyndir um íslenskt þjóðerni innan lands sem utan.

Fræðimenn sem rannsakað hafa þjóðernisstefnu hafa bent á að stór hluti hennar snúist um að skapa gildi sem eining ríki um og „þjóðin“ geti samsvarað sig við. Þessari pólitísku hugmyndasköpun er ætlað að skapa gildi, bæði í sögulegu og nútímalegu samhengi, sem almenn sátt ríki um og að þegar þess mengis sem skilgreint er sem „þjóðin“ geti fundið sinni sjálfsmýnd rými innan þessarar sameiginlegrar sjálfsmýndar. Þetta er gert með sköpun sameiginlegra minninga þannig að einstaklingar innan þess sem kallað er þjóð geti tengt sig við menningu, atburði eða staði.<sup>280</sup>

Íþróttir þjóna þessari þjóðernislegu menningarsköpun. Áfangar í íþróttasögu Íslands eru orðnir að sameiginlegum minningum þjóðarinnar; hver kannast ekki við að heyra tölurnar 14–2 þegar íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu spilar við Dani? Íþróttaminni þjóðarinnar hverfast nær öll um viðburði eða atvik í íþróttasögu karla. Kvennaíþróttir hafa mjög takmarkað náð að verða hluti af þessum arfi. Árangur þeirra íslensku íþróttakvenna sem náðu að standast erlendan samanburð og jafnvel skara fram úr var aldrei metinn sem framlag til þjóðarinnar eða staðfesting á yfirburðum hennar og er það tæplega enn.

Íþróttir voru (og eru e.t.v. ennþá) vettvangur fyrir karlmennsku, mótun hennar, viðhald og tjáningu. Öll sú merking sem íþróttum var gefin, menningarleg og pólitísk, var

<sup>280</sup> Anthony D. Smith, *Nationalism. Theory Ideology, History*. Önnur útgáfa. Cambridge 2010, bls. 6–9.

sniðin utan um karlaíþróttir sem dró úr vægi kvenna og gerði þær ósýnilegar og ómerkingarbærar. Íslendingasundið var ein skýrasta birtingarmynd þessa viðhorfs. Keppnin, með titlinum sundkóngur Íslands, hefur sterka skírskotun til hugmynda um þjóð og þjóðerni en kvennakeppnin sem þreytt var samhliða varð aldrei hluti af Íslendingasundinu. Þessi merkingarmunur var notaður til að halda konunum fjarri, enda var leikvöllurinn fyrir karlmenn og karlmennsku.

Íþróttum var ætlað stórt og ómótað hlutverk fyrir hina íslensku þjóð. Þær áttu að endurvekja hreysti landsins, efla dáð og mannvit svo eitthvað sé nefnt. Einnig var íþróttáhugi talinn hluti af endurreisn lands og þjóðar. Íslendingar voru um margt íhaldssamir og tortryggir gagnvart nútímanum og nýjungum,<sup>281</sup> en íþróttir gátu samtvinnað nýja og gamla tíma og nutu þar með mikils velvilja meðal fólks. Vissulega voru þessi hugumstóru hugtök og ætlunarverk á borð við þjóðarhreysti og endurreisn yfirdrífing og óljós en það var hins vegar undir merkjum lýðheilsunnar, eða þjóðarhreystinnar svo gripið sé í orðfæri fyrri tíma, sem konum opnaðist leið inn í íþróttahreyfinguna.

Ákalli nútímans um breytta og bætt lifnaðarhætti var einnig beint til stúlkna en á meðan hreystikallið var fyrir piltu hvati að keppni og árangri átti það að stuðla að heilbrigði og hollustu fyrir konur. Úti í hinum stóra heimi áttu sér stað þrálátar og í sumum tilfellum hatrammar deilur um hvort og hvernig íþróttaiðkun kvenna skyldi háttáð. Kvennaíþróttir stóðu í stöðugu taugastríði við íhaldssamar hugmyndir um kynhlutverk kvenna. Flestallir voru sammála um að hreyfing og íþróttir væru konum (jafnt sem körlum) hollar en deildu um framkvæmd og útfærslu þessara hugmynda. Íþróttir áttu að byggja undir hugmyndir um kvenleika en ekki á nokkurn hátt grafa undan þeim. Þó að þessar umræður hafi ekki farið jafn hátt á Íslandi og annars staðar í Evrópu og í Bandaríkjunum teygðu þær anga sína til landsins. Sem dæmi um íþrótt sem gekk á engan hátt í berhögg við viðteknar hugmyndir um konur og kynhlutverk voru fimleikar. Ekki var keppt í fimleikum kvenna fyrr en á sjöunda áratugnum en fyrstu þrjá áratugi 20. aldar voru fimleikar ein vinsælasta íþrótt íslenskra kvenna. Í fimleikunum var lög áhersla á lipurð og mýkt og aðra eiginleika er þóttu geta prýtt konur. Fimleikar gátu jafnvel verið íhaldssöm tjáning á kvenhlutverkinu ef tekið er mið af fimleikabók Lindhards, sem Björn Jakobsson þýddi.

Sund öðlaðist vinsældir meðal kvenna samhliða fimleikunum. Sundið var á margan hátt hagnýtari íþrótt en fimleikarnir þar sem regluleg sundiðkun stuðlaði að bættum þrifnaði og sundkunnátta gat einnig verið lífsspursmál. Eðli málsins samkvæmt var erfitt að leggja

---

<sup>281</sup> Sjá t.d Ólafur Ásgeirsson, *Iðnbylting hugarfarsins. Átök um atvinnuþróun á Íslandi 1900–1940*. Studia Historica. 9. Bindi. Reykjavík 1988, bls. 7–21.

stund á sund án þess að mæla árangur með keppni. Þar með öðluðust íslenskar konur fyrstu keppnisíþróttina, þó að þeim væri ekki fundinn staður innan íþróttahreyfingarinnar sem fullgildir keppendur, a.m.k. ekki þegar kom að stærstu titlunum. Sundið bauð þó upp á tækifæri til einstaklingsafreka sem fimleikarnir höfðu ekki, t.d. langsund í köldum sjó sem er ekki á hvers manns færi. Íþróttakonur sem lögðu að baki langar vegalendir á borð við Viðeyjar- eða Engeyjarsund á þriðja áratugnum, urðu í raun fyrstu íþróttakonur landsins sem þekktar voru undir eigin nafni og persónu en ekki hluti af nafnlausum hóp. Íslensku blöðin birtu af og til fréttir af langsundkonum Evrópu og Bandaríkjanna en þá var oftast en ekki tekið fram í annars knöppum fréttatexta að viðkomandi sundkona væri gift, húsmóðir og ætti börn. Þar með var gerð tilraun til að samþætta hefðbundið hlutverk kvenna sem mæður og húsfreyjur við íþróttaiðkun. Þessi samþætting íþróttakonunnar við húsfreyjuna eða annað sem talið var einkenna eðli kvenna átti sér fjölmargar birtingarmyndir.

Þar sem íþróttir voru vettvangur karla og karlmennsku lá í hlutarins eðli að þátttaka kvenna á því sviði væri frávík og ögrun við hefðbundin kynhlutverk. Til að réttlæta þátttöku kvenna var reynt að spyrna hugmyndum um kvenleika saman við íþróttir, t.d. með því að samþætta íþróttakonuna og húsmóðurina í umfjöllun eða reyna að draga fram hið veiklynda og mjúka eðli kvenna í umfjöllun með orðanotkun á borð við lipurð, mykt, undirgefni og þar fram eftir götunum. Hin hliðin á teningnum var sú að búa til ímynd af íþróttakonunni sem and-konu eða konu sem sökum ástundun sinnar hefði glatað kvenleika sínum. Þessi ímynd var fljótandi hugtak sem breyttist með tíð og tíma þó að forsendurnar væru ævinlega þær sömu. Á fyrstu áratugum 20. aldar gat íþróttakonan átt á hættu að verða ófrjó og þar með bregðast sínu eðlislæga hlutverki sem móðir. Síðar gat hún átt á hættu að verða að karlmanni og undir lok aldarinnar þróaðist þessi hugmynd um and-konuna í lesbíu. Samnefnari þessara bábilja er undirliggjandi krafa um konur sem kynverur. Íþróttaiðkun kvenna gæti því haft í för með sér að konur væru ekki lengur kynverur heldur skilgreindar sem andstæða þeirra, hvort sem það kallast ófrjósemi, karlmaður eða lesbía.

Það var ekki eingöngu íþróttaumfjöllunin sem leitaðist við að laga kvenhlutverkið að íþróttakonum. Íþróttagreinarnar gerðu það líka. Til að greina kvennaíþróttir frá karlaíþróttum var oftast en ekki brugðið á það ráð að kvengera leikinn til aðgreiningar eða koma á fót sérstökum karla- og kvennaíþróttum þar sem hvorugt kynið mátti fara yfir strikið að viðlögðum refsivendi and-konunar. Refsivöndurinn á hinum vængnum var svo homminn. Þessi hugmynd er vel þekkt úr bandarískri íþróttasögu og á sér nokkrar birtingarmyndir í þeirri íslensku. Fimleikar voru t.d. skilgreindir utan íþróttu fyrstu áratuginna

og handboltinn var kynntur til sögunar sem leikur sem átti að vera leikinn af „lipurð og yndisþokka“,<sup>282</sup> svo vitnað sé til orða eins helsta frumkvöðuls handboltans á Íslandi.

Í upphafi ritgerðarinnar var tæpt á að margar af þeim fræðikonum sem hér hefur verið vitnað til hugsni skrif sín sem tilraunir til að vinda ofan af áralöngu misrétti karla og kvenna innan íþróttahreyfingarinnar. Þó að sá tilgangur hafi ekki legið til grundvallar við þessa ritsmíð gengur hún þó út frá þeirri hugmynd að hlutur karla og kvenna sé ójafn innan íþróttahreyfingarinnar að fornu og nýju. Iðkendafjöldi kvenna hefur vaxið jafnt og þétt alla öldina og þær hafa, samhliða karlmönnum, numið nýjar lendur í íþróttaiðkun á síðustu árum og áratugum, svo sem bardagaíþróttir, jaðariþróttir, „fitness“ og svo mætti lengi telja.

Hins vegar voru og eru konur í miklum minnihluta í áhrifastöðum innan íþróttahreyfingarinnar. Sú saga sem hér er rituð sleppir hendinni árið 1964 en það ártal, þegar sigurinn á Norðurlandameistaramótinu vannst, var valið af táknrænum ástæðum. Það markar þáttaskil í íþróttasögu kvenna en hefur einnig litla merkingu í þeirri tímabilaskiptingu sem helst er notuð til viðmiðunar í íþróttasögunni. Næstu ár á eftir reyndust íþróttakonum erfið. Þær urðu undir í baráttunni um fjármagn og aðstöðu<sup>283</sup> og endurkoma knattspyrnunnar sem kvennaíþróttar mætti fullum fjandskap sumra íþróttaliðanna sem gaf hugmyndum um íþróttakonuna sem andstæðu konunnar, í þessu tilfelli lesbíu, byr undir báða vængi.<sup>284</sup> Það er í raun merkilegt að við lok fyrsta áratugar nýrrar aldar skuli kvennknattspyrnan vera sú íslenska íþrótt sem tekur hvað mestum framförum en landsliðið hefur verið að klífa metroðastigann hægt og bítandi. Hentugt væri að segja að þessi þróun væri sjálfsprottin en svo er ekki. Á tíunda áratugnum öðlaðist kvennknattspyrna viðurkenningu sem ein allra vinsælasta íþrótt ungra stúlkna og þessari viðurkenningu fylgdi líka aukið fjármagn sem skilaði sér í betri umgjörð og auknum árangri. Fram til loka aldarinnar hafði Knattspyrnusamband Íslands á stefnuskrá sinni að auglýsa ekki kvennalandsleiki en horfið var frá þeirri stefnu við lok áratugarins sem skilaði sér strax í margföldum áhorfendafjölda sem og vandaðri umfjöllun.<sup>285</sup> Þessi umræða hefur farið lágt í íþróttasögunni enda er sú íþróttasaga sem gefin hefur verið út mestmegnis skrifuð af innanbúðarmönnum í íþróttahreyfingunni sem leitast oft og tíðum við að draga upp sem jákvæðasta mynd af sínu liði. Þessi skrif virðast vera fyrirmynd þeirra fáu ritgerða og greina sem birst hafa um íþróttasögu, því undantekningalítið er sama sjónarhorn notað, kastljósinu beint á kunnuglegar slóðir og sama sagan sögð aftur og aftur. Hér skal þó tekið

<sup>282</sup> *Vörður* 4. árg. 38. tbl. 11 .september 1926, bls. 4.

<sup>283</sup> Stefán Pálsson, *Frambókin. Knattspyrnufélagið Fram í 100 ár*, bls. 118

<sup>284</sup> „Stelpurnar í boltanum“ *Hinsegin dagar í Reykjavík 2009*. Reykjavík 2009, bls. 30–33.

<sup>285</sup> Kristín Eva Bjarnadóttir, „Íslensk kvennknattspyrna fyrstu árin.“, bls. 24.

fram að á þessu eru vissulega undantekningar en því miður eru þær sárafáar. Sé íþróttasagan skoðuð út frá kynjasögu kemur annað sjónarhorn í ljós sem bæði dýpkar þekkingu okkar og veltir mörgum steinum í félags- og íþróttasögu. Íþróttafélög eru mörg hver með elstu starfandi félagasamtökum landsins og haldi íþróttafélög og sérsambönd uppteknum hætti við sagnaritun og haldi hug- og félagsvísindafólk áfram að hundsa íþróttir sem viðfangsefni fræðanna gæti farið svo að sú saga og sú sýn á söguna sem íþróttahreyfingin hefur dregið upp verði ríkjandi viðhorf. Það er í besta falli villandi en í versta falli beinlínis rangt.



## Heimildaskrá

### Óprentaðar heimildir

*Kvennaskólinn í Reykjavík.*

Kennsluskrár Kvennaskólans 1875–1920. Varðveitt í Kvennaskólanum í Reykjavík.

*Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*

Andri Már Hermannsson, „Táp, fjör og frískir menn. Upphaf skipulagðra íþrótta á Íslandi og áhrif þeirra.“ BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. 2009.

Einar Einarsson, „Þjóðin fagnar öll. Íslensk þjóðarímynd í umfjöllun um A-landslið karla í knattspyrnu og handknattleik 1946–2008.“ BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. Reykjavík. 2010.

Kristín Ástgeirsdóttir, „Málsvari kvenna eða „besta sverð íhaldsins“? Ingibjörg H. Bjarnason og íslensk kvennahreyfing 1915-1930“. MA ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. 2002.

Kristín Eva Bjarnadóttir, „Íslensk kvennaknattspyrna fyrstu árin.“ B.Ed.-ritgerð í íþróttafræðum við Háskóla Íslands. 2010.

### *Í einkaeigu*

Fundagjörðabók Iðunnar 1909–1914. (Afrít)

### *Vefheimildir*

Alþjóðlega handknattleikssambandið. [www.ifh.info](http://www.ifh.info).

Loyd, Craig, *100 Years of FINA*. Fengið af heimasíðu FINA. [www.fina.org](http://www.fina.org) → fina sports → emancipation.

Quinn, Jennifer, „The myths of sex before sport.“ *BBC online magazine* 12. ágúst 2004. [www.bbc.co.uk](http://www.bbc.co.uk) → UK → Magazine

Jón Bjarnason, Ræða á unglíngalandsmótinu í Skagafirði 31. júlí 2009. Fengið af heimasíðu Jóns. [jonbjarnason.blog.is](http://jonbjarnason.blog.is). Færslan er dagsett 2. ágúst 2009, skoðað 12. september 2009.

## Munnlegar heimildir

Viðtal við Sigríði Sigurðardóttur, 13. september 2009.

Viðtal við ónefnda landsliðskonu í sundi, 15. september 2009.

## Prentaðar heimildir

19. júní 1928.

Anna Margrét Jóhannesdóttir, *Íþróttafélag kvenna afmælisrit 1934–1994*. Reykjavík 1994.

*Alþýðublaðið* 1951–1964.

Auður Styrkárssdóttir, *Barátta um vald. Konur í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908–1922*. Reykjavík 1994.

Ágúst Ásgeirsson, *Heil öld til heilla, saga ÍR í 100 ár*. Reykjavík 2007.

Ágúst Ingi Ágústsson, *Áfram Víkingur. Saga knattspyrnufélagsins Víkings í 75 ár*. Reykjavík 1983.

*Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*. Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir ritstýrðu. Reykjavík 1998.

Birgir Þór Baldvinsson, *Saga knattspyrnufélagsins Týs*. Útgáfustaðar ekki getið 2006.

Birrel, Susan og Theberge, Nancy, „Ideological Control of Women in Sport.“ *Women and sport: interdisciplinary perspectives*. Ritstýrt af D. Margaret Costa og Sharon R. Guthrie. Útgáfustaðar ekki getið. 1994, bls.341–356.

Björn Bjarnason, „Betur má ef duga skal.“ *Skírnir*. 83. árg., 3. tbl. 1909, bls. 242–257.

Björn Bjarnarson, *Íþróttir fornanna*. Reykjavík 1909.

Björn Pétursson, *Saga FH í 75 ár*. Útgáfustaðar ekki getið 2004

Bogi Th. Melsted, „Leikfimi og heilsurækt.“ *Skólablaðið* 1. árg. 18. tbl. 1907.

Bonde, Hans. *Gymnastics and politics. Niels Bukh and male aesthetics*. Kaupmannahöfn 2006

Boulongne, Yves-Pierre, „Pirre de Coubertin and women's sport.“ *Olympic Review*. Febrúar–mars 2000, bls. 21–25

Bryson, Louis, „Sport and the Maintenance of Masculine Hegemony.“ *Women, sport and culture*. Human Kinetics gaf út 1994, bls. 47–64.

Costa, Margaret og Guthrie, Sharon R, „Feminist Perspectives: Interactions With Women and Sport.“ *Women and Sport: interdisciplinary perspectives*. Ritstýrt af D. Margaret Costa og Sharon R. Guthrie. Human Kinetics gaf út 1994, bls. 235–251.

*Dagur* 1947.

Downkin, Shari L. og Messner, Michael A., „Just do...? What? Sport, bodies, gender.“ *Gender and Sport. A Reader*. New York og London 2002, bls. 17–30.

Dunqin, Mary E., „She flies through the Air with the Greatest of Ease: The Contribution of Feminist Psychology.“ *Women and Sport. interdisciplinary perspectives*. Ritstýrt af D. Margaret Costa og Sharon R. Guthrie. Útgáfustaðar ekki getið 1994, bls. 285–302.

Ellert B. Schram og fleiri, *Fyrsta öldin. Saga KR í 100 ár*. Reykjavík 1999.

*Eimreiðin* 1912.

Einar Kárason, *Þar sem djöflaeyjan rís*. Reykjavík 1989.

*Fálkinn* 1929.

*Fjallkonan* 1909.

*Forvitin Rauð* 1974.

Gils Guðmundsson, *Íþróttasamband Íslands*. Reykjavík 1962.

Gísli Halldórsson, *Íslendingar á Ólympíuleikum*. Reykjavík 2003.

Guhrie, Sharon R. og Castelnovo, Shirley, „The Significance of Body Image in Psychosocial Development.“ *Women and Sport: interdisciplinary perspectives*. Ritstýrt af D. Margaret Costa og Sharon R. Guthrie. Útgáfustaðar ekki getið 1994, bls. 307–321.

Griffin, Pat, *Strong women. Deep closets: Lesbians and homophobia in sport*. Útgáfustaðar ekki getið 1998.

Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur, bærinn vaknar. Fyrri bindi*. Reykjavík 1991.

Guðmundur Háfldanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*. Reykjavík 2001.

Guttman, Allen, *The Olympics, a history of the modern games*. 2.útgáfa, Illinois 2002.

Hargreaves, Jennifer, *Sporting Females. Critical Issues in the history and sociology of woman's sport*. London 1994.

Hargreaves, Jennifer, „The Victorian cult of the family and early years of female sport.“ *Gender and Sport. A Reader*. New York og London 2002, bls. 53–78.

Hult, Joan S., „The Story of Women’s Athletics: Manipulating a Dream 1890–1985.“ *Women and sport: interdisciplinary perspectives*. Ritstýrt af D. Margaret Costa og Sharon R. Guthrie. Útgáfustaðar ekki getið 1994, bls.83–100.

Ingimar Jónsson, *Íþróttir og samfélag*. Reykjavík 1982.

*Ingólfur 1907–1913*.

*Ísafold 1926*.

*Íslenskur kvennahandknattleikur*. Reykjavík 1982.

*Íþróttablaðið 1927*.

Jakobína Þórðardóttir, „Reykjanes við Ísafjarðardjúp.“ *Skinfaxi*. 12. árg., 9. tbl. 1921, bls. 38.

Jón Birgir Pétursson, *Lifi Þróttur*. Reykjavík 1999.

Jón Birgir Pétursson og Steinar J. Lúðvíksson, *Valur vængjum þöndum*. Reykjavík 1981.

Jón Hjaltason, *Knattspyrnufélag Akureyrar. Saga félagsins í 60 ár*. Akureyri 1988.

Jón M. Ívarsson, „En 17 júní hefur sigrað.“ *Sagnir*. 25. árg. 2005, bls. 38–46.

Jón M. Ívarsson, *HSK í 100 ár*. Garðabær. 2010.

Karbo, Karen, „From Gold Spangles to Gold Medals.“ *Nike is a Goddess: The History of Women in Sports*. New York 1998, bls, 181–199.

Kellas, J.G., *The Politics of Nationalism and Ethnicity*. London 1991, bls. 21.

Knud Zimsen, *Úr bæ í borg*. Reykjavík 1952.

Kristmundur Bjarnason, *Saga Sauðárkróks, síðari hluti I. Sauðárkrókur* 1969.

*Kvennablaðið 1895–1900*.

*Kvennaskólinn í Reykjavík 1874–1974*. Guðrún P.Helgadóttir og fleiri ritstýrðu. Reykjavík 1974.

Lindhard, J, *Ágrip af fimleikafræði*. Björn Jakobsson þýddi. Útgáfustaðar ekki getið 1947.

Lúðvík Geirsson, *Haukar í 60 ár*. Útgáfustaðar ekki getið 1991.

Messner, Michael A., „Sport and Male Domination: The Female Athlete as Contested Ideological Terrain.“ *Women, Sport and Culture*. Útgáfustaðar ekki getið 1994, bls. 65–95.

*Morgunblaðið 1919–1999*.

*The Nazi Olympics. Sport, Politics and Appeasement in the 1930s.* Arnd Krüger og William Murrey ritstýrðu. Illinois 2003.

*Ný félagsrit 1858.*

Ólafur Ásgeirsson, *Iðnbylting hugarfarsins. Átök um atvinnuþróun á Íslandi 1900–1940.* Studia Historica. 9. bindi. Reykjavík 1988.

Ólafur Davíðsson, *Íslenskar gátur, skemmtanir og víkivakar.* Kaupmannahöfn 1887.

Perrot, Michelle, *Writing Woman's History.* Cambridge 1992.

Pirinen, Riita, „Catching up with men? Finnish newspaper coverage of woman's entry into traditionally male sports.“ *Gender and Sport. A Reader.* London og New York 2002, bls. 94–105.

Scaraton, Sheila, Pfister, Gertrud, Fasting, Kari og Vázquez, Benilde, „Women and football – a contradiction? The Beginnings of women's football in four European countries.“ *Gender and Sport. A Reader.* London og New York 2002, bls. 67–75.

Scaraton, Sheila og Flintoff, Anne, „Sport feminism: The contribution of feminist thought to our understanding of gender and sport.“ *Gender and Sport. A Reader.* New York og London 2002, bls. 30–47.

Scott, Joan Wallace, *Gender and the Politics of History.* New York 1988.

Secher, Knud, *Heilsufræði handa íþróttamönnum.* Guðmundur Björnsson þýddi, Benedikt Waage sá um ritstjórn. Reykjavík 1925.

Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930.* Reykjavík 2004.

Sigrún Pálsdóttir Blöndal, „Eðli og hlutverk kvenna. Erindi flutt á bændanámskeiði á Egilsstöðum í mars mán. veturinn 1926 af Sigrúnu Pálsdóttur Blöndal.“ *Hlín.* 10. tbl. 1926, bls. 89–121.

Sigrún Pálsdóttir Blöndal, „Enn um eðli og hlutverk kvenna. Eftir Sigrúnu P. Blöndal í Mjóanesi, S.-Múlasýslu.“ *Hlín.* 12. tbl. 1928, bls. 65–77.

Sigurður Á. Friðriksson, *Íþróttir í Reykjavík.* Reykjavík 1994.

*Skinfaxi 1909–1927.*

*Skírnir 1909.*

*Skjaldarglíman. Afmælisrit 50. Skjaldarglímu Ármans. 1962.* Reykjavík 1962.

*Skólablaðið 1907–1921.*

Smith, Anthony D, *Nationalism. Theory Ideology, History.* Önnur útgáfa. Cambridge 2010.

Stefán Jónsson, *Jóhannes á Borg*. Reykjavík 1964.

Stefán Pálsson, *Frambókin. Knattspyrnufélagið Fram í 100 ár*. Reykjavík 2009.

„Stelpurnar í boltanum“ *Hinsegin dagar í Reykjavík 2009*. Reykjavík 2009, bls. 30–33.

*Suðurland* 1910.

*Sundbók ÍSÍ*. Benedikt Waage þýddi. Reykjavík 1920.

Reumert, Poul, *Anna Borg. Endurminningar*. Árni Guðnason þýddi. Reykjavík 1962.

Theberge, Nancy, „Toward a Feminist Alternative to Sport as a Male Preserve.“ *Women, Sport and Culture*. Útgáfustaðar ekki getið 1994, bls. 183–187.

*Tíminn* 1939–1965.

Trangbæk, Else, *Kvindernes idræt, fra rødder til top*. Kaupmannahöfn 2005.

Valdimar Sveinbjörnsson, „Íþróttir og uppeldi.“ *Skólablaðið*. 6. tbl., 13.árg. 1921, bls. 67–68.

Viðar Hreinsson, Jón Torfason, Höskuldur Þráinsson, *Saga landsmóta UMFÍ 1909–1990*. Reykjavík 1992.

Vilhelm G. Kristinsson, *Komiði sæl. Vilhelm G. Kristinsson ræðir við Sigurð Sigurðsson útvaðsmann um lífshlaup hans og ævintýri*. Reykjavík 1983.

Víðir Sigurðsson, *Fram í 80 ár*. Reykjavík 1989.

Víðir Sigurðsson, *Knattspyrna í heila öld*. Reykjavík 1997.

*Vísir* 1911–1947.

*Vörður* 1926–1927.

Welch, Paula og Costa, D. Margaret, „A Century of Olympic Competition.“ *Women and sport: interdisciplinary perspectives*. Ritstýrt af D. Margaret Costa og Sharon R. Guthrie. Útgáfustaðar ekki getið 1994, bls. 123–136.

*Þjóðólfur* 1850.

*Þjóðviljinn* 1940–1964.

*Þjóðviljinn* (eldri) 1903.

Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án femínisma, pólítík án fræða?“ *Ritið*. 2. árg. 2. tbl. 2002, bls. 9–37.

Þorsteinn Einarsson, *Drög að sögu íslenskra íþróttar*. Reykjavík 1977.

Þorsteinn Einarsson, *Þróun glímu í íslensku þjóðlífi*. Reykjavík 2006.

*Þróttur 1922*.

*Ægir 50 ára. 1927 – 1. maí – 1977*. Reykjavík 1977.

*Æskan 1905–1928*.

